

GUÐRÚN KATRÍN JÓHANNSDÓTTIR
Keypti búslóðina á „kaupa ekkert-deginum“
 heimili
allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Virðulegt hús í Hafnarfirði
 Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÁSGEIR DAVÍÐSSON
Breytir til á Bóhem
 Byggir glæsilegan sportbar
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. janúar 2008 – 13. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Britney að gifta sig

Sögð ýmist vera að snúast til Vísinda-kirkjunnar eða íslam.

FÓLK 20



Paul eltur á röndum

Heather Mills hyggst gripa hann glóð-volgan.

FÓLK 20



Nýliðar og gamlir refir

Iðnaðarmanafélag í Hafnarfirði 40 ára.

TÍMAMÓT 16




Arnór úr leik?

Arnór Atlason verður líklega ekki með á EM vegna meiðsla. Mikil meiðsl hrjá landsliðið.

ÍPRÓTTIR 24



VEÐRIÐ Í DAG



Áframhaldandi frost norðan-lands en hlýnar sunnantil. Snjó-koma norðan- og vestanlands en slydda syðra.

VEDUR 4

Lífeyrissjóðir auka ekki greiðslur á árinu

Framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða telur að lífeyrissjóðir geti ekki bætt réttindi félaga sinna vegna slæmrar afkomu í fyrra. Formaður Landssambands eldri borgara vill að ríkið hækki grunnlífeyrinn í áttatíu þúsund.

EFNAHAGSMÁL „Yfirleitt eru ekki líkur á að nokkur lífeyrissjóður geti bætt réttindin þar sem ekki er borð fyrir báru vegna afkomunnar í fyrra,“ segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna skilaði í fyrra undir eins prósentis raunávöxtun. Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri sjóðsins, segir vonbrigði að geta ekki hækkað lífeyrisréttindi sjóðfélaga nú um áramótin „eins og útlit var fyrir um mitt ár“.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, stærsta sjóðsins, vill ekki tjá sig um líklega afkomu

sjóðsins, þar sem uppgjóri sé ekki lokið. Hann bendir hins vegar á að réttindi sjóðfélaga þar séu lög-bundin og verði hvorki aukin né skert.

Helgi Hjálmsón, formaður Landssambands eldri borgara, segir tíðindin ekki koma sér á óvart. „Aðalvonbrigðin eru að ríkið sjái ekki sóma sinn í að laga þennan grunnlífeyri,“ segir Helgi. „Í dag er hann um 25 þúsund en okkar skoðun er að hann eigi að fara að minnsta kosti í áttatíu þúsund. Framlög frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðunum og frá séreignasjóðunum eiga að mynda þann lífeyri sem ætti að duga fyrir eldri borgara. Ef þessar þrjár stöðir nægja

ekki á að koma viðbótarframlag frá Tryggingastofnun,“ segir hann. Samkvæmt nýjum tölum frá Seðlabankanum hafa hreinar eignir lífeyrissjóðanna hafi dregist saman um tvö prósent, eða tæpa 33 milljarða króna í nóvember. Þetta er mesta lækkun á eignum sjóðanna í einum mánuði í tíu ár. Þetta skýrist af lækkun á verði hlutabréfa, segir Seðlabankinn.

Hins vegar jókst hrein eign sjóðanna um ríflega tvö hundruð milljarða króna frá nóvember 2006 til sama mánaðar í fyrra. Þetta er fjórtán prósent aukning milli ára, en mun hægari aukning en árið 2006; þá nam hún ríflega fimmtungi.

- ikh/fb



MARK Snorri Steinn Guðjónsson skoraði þrjú mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsliðið í handknattleik:

Sigur á Tékkum í slökum leik

ÍPRÓTTIR Íslenska landsliðið í handknattleik sigraði Tékkum með tveggja marka mun í vináttulandsleik liðanna sem fram fór í Laugar-dalshöll í gær.

Tékkar áttu fremur slakan leik og enginn glæsibragur var heldur yfir frammistöðu íslenska liðsins, sem var undir í fyrri hálfleik 11-10. Strákarnir okkar náðu svo forystu í síðari hálfleik og fóru með sigur af hólmi, 32-30.

Ólafur Stefánsson var markahæstur leikmanna íslenska liðsins og skoraði 6 mörk.

Á morgun fer fram síðari leikur liðanna, sem er jafnframt síðasti leikur íslenska landsliðsins fyrir EM.

- hbg / sjá síðu 24

Árekstur á Reykjanesbraut:

Fjórir fluttir á slysadeild

LÖGREGLUMÁL Fjórir slösuðust þegar tveir fólkubílar rákust saman á Reykjanesbraut, á mót við álverið í Straumsvík, laust fyrir klukkan hálf sjö í gærkvöldi.

Þrennt var í öðrum bílunum en ökumaðurinn einn í hinum bílunum. Voru þau öll flutt með sjúkrabíl á slysadeild til aðhlynn-ingar en þau voru ekki talin alvarlega slösuð.

Bílarirnir skemmdust mikið og voru báðir öökufærir. Þurfti kranabíl til að flytja þá af vettvangi en ekki þurfti að loka Reykjanesbrautinni vegna slyssins.

- ovd



SKAUTAÐ Á TJÖRNINI Félagarnir Ketill, Bjóssi, Steini og Dagur skautuðu fimlega á Reykjavíkurtjörn í gær. Veðrið var eins og það gerist best á þessum árstíma og því tilvalið að stunda skemmtilega útivist með góðum vinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árlega influensan er komin til landsins og nær væntanlega hámarki í febrúar:

Fræðsla um flensuna á netinu

HEILBRIGÐISMÁL „Jú það er rétt, flensan er komin. Eitt tilfelli af influensu A hefur þegar verið greint og annað af influensu B. Þetta byrjar með örfáum tilfellum en ætti að ná hámarki í febrúar,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir.


Influensan er árlegur faraldur sem stafar af influensuveiru og berst auðveldlega á milli manna. Alengt er að fólk liggi lengi í rúminu og veiran getur lagst illa á fullorðin fólk og þá sem eru með aðra sjúkdóma fyrir.

„Við hvetjum þá sem eru yfir sextugu til að láta bólusetja sig, og einnig starfsmenn heilbrigðisstofnana,“ segir Haraldur.

Í ár stendur landlæknisembættið fyrir aukinni fræðslu um flensuna og á vefnum www.influensa.is má nálgast gagnlegar upplýsingar um veiruna.

„Þegar influensan gengur eykst álag á spítölunum. Við hvetjum fólk til einfaldra aðgerða eins og að þvo sér um hendurnar og fara ekki veikt í vinnuna,“ segir Haraldur.

- þo



Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

6 tommu bátur

299 kr.

Gildir í janúar 2008
 Gildir ekki með öðrum tilboðum
 Gildir ekki í Spítumáli

muundu eftir mjólkinni!

MUU

SPURNING DAGSINS



Nikulás, ætlið þið að funda á skyndibitastað?

„Nei, þar er enginn friður til að tala saman.“

Húsfriðunarnefnd kemur saman í dag til að funda um framtíð húsnanna við Laugaveg 4-6. Líklegt er talið að nefndin fari fram á skyndifriðun húsnanna. Nikulás Úlfar Másson er formaður nefndarinnar.

Árekstur í Breiðholti: 150 lítrar af olíu láku út

SLYS Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út til að hreinsa upp olíuleka í kjölfar áreksturs tveggja bíla í Möðrufelli í Breiðholti um ellefuleytið á laugardagskvöldið. Fólksbíl ók undir vörubíl með þeim afleiðingum að gat kom á olíugeymi vörubílsins þannig að olían lak út.

Það tók slökkviliðið um tvo tíma að hreinsa upp olíuna, en talið er að í allt hafi verið um 100-150 lítrar af olíu í geyminum.

Áskorun á netinu:

Vilja breytingar á skipan dómara

DÓMSMÁL „Vafi ríkir um sjálfstæði íslenskra dómstóla í kjölfar skipan dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands,“ segir í yfirlýsingu áhugafólks um sjálfstæði dómstóla sem finna má á netsíðunni www.domaraskipan.net. Þar má jafnframt finna undirskriftasöfnun þar sem skorað er á alþingismenn að breyta lögum um skipan Hæstaréttar- og héraðsdómara. „Við viljum sjá breytingar á hvernig dómara eru skipaðir,“ segir Andrés Jónsson, einn aðstandenda áhugafólksins. „Við fundum að margir voru mjög ósáttir við þessa þróun og settum upp síðuna svo að fólk geti komið þeirri óánægju á framfæri.“

Andrés aðstandendur síðunnar vera þverpólitíska, bæði flokks- og óflokksbundna.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kveikt í rusli

Erlisamt hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins aðfaranótt sunnudags. Sinna þurfti fimm útköllum vegna bruna í rusli og einu útkalli vegna bruna í bíl. Grunur leikur á um íkveikju í öll skiptin.

George W. Bush Bandaríkjaforseti vill samvinna við arabaríki gegn Íran:

Íran ógni öryggi í heiminum

ABU DHABI, AP Íran ógnar öryggi í heiminum og verða Bandaríkin og bandamenn þeirra í arabaheiminum að sameina krafta sína gegn þeirri hættu „áður en það verður of seint“. Þetta er meðal þess sem kom fram í ræðu George W. Bush Bandaríkjaforseta í gær þar sem hann var staddur í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Aðstoðarmenn Bush sögðu þetta aðalræðu átta daga ferðar Bush um Mið-Austurlönd sem lýkur í vikunni.

Í ræðunni sakaði Bush Íran um að vera það ríki í heiminum sem veitti mestum fjármunum í stuðning við öfgasinnaða hryðjuverka-

menn. Sagði hann Íran enn fremur grafa undan stöðugleika í Líbanon, sjá talibönnum fyrir vopnum, ógna nágrönnum sínum með uggvænlegri orðræðu og ögra Sameinuðu þjóðunum með því að neita að gefa upplýsingar um kjarnorkuáætlun sína.

Bush talaði einnig um mikilvægi þess að koma á lýðræði í Mið-Austurlöndum og hrósaði umbótum sem orðið hefðu í sumum arabaríkjum.

Hvatti hann arabaleiðtoga til að styðja viðkvæma ríkisstjórn Íraks og friðarviðræður Ísraels og Palestínumanna.



KVEÐJUSTUND Bush Bandaríkjaforseti og Al-Nahayan forseti Sameinuðu arabísku furstadæmanna kvæddust að fundi loknum í Abu Dhabi í gær.

- sdg

NORDICPHOTOS/AFP

Gjaldeyrisforði Kína:

Eiga yfir 1.500 milljarða dala

KÍNA, AP Gjaldeyrisforði Kína var um áramótin kominn í 1.530 milljarða Bandaríkjadala, að því er kínverski seðlabankinn upplýsir. Forðinn óx um 43 prósent frá árinu áður, eða um 462 milljarða dala.

Þessi mikli dollaraforði er fyrst og fremst til kominn vegna mikils tekjuafgangs af útflutningsviðskiptum. Hann nam yfir 262 milljörðum dala í fyrra.

Bandarísk yfirvöld saka kínverska yuansins óeðlilega lágu, en það ýtir undir útflutninginn sem að mjög stórum hluta fer til Bandaríkjanna.

- aa

Meira en mánuð að færa símanúmer

Ábúendur á Fellsenda í Dölum sóttu um færslu símanúmers hinn 8. desember síðastliðinn. Rúmlega mánuði síðar eru þeir enn algerlega símasambandslausir.

FJARSKIPTI „Mér finnst þetta ofboðslega langur tími og ég er rosalega óánægð með þessa þjónustu,“ segir Bára Hjaltadóttir, ábúandi á Fellsenda í Dölum, en þau hjónin hafa beðið frá 8. desember eftir flutningi á síma.

Ekkert GSM-símasamband er á svæðinu og því hafa þau verið símasambandslaus frá því þau fluttu hinn 15. desember milli húsa á jörðinni. Þar eru tvö önnur íbúðarhús auk hjúkrunarheimilis. „Við fluttum í lítið hús í túninu og eigum þar lögheimili en húsið var upphaflega byggt sem frístundahús.

Hinn 8. desember sóttum við um flutning á símanúmerinu okkar. Svo líður og bíður en þetta er búið að vera ógurlegt vafstur og vesen.“

Bára segir að innan við hundrað metra lögn þurfi að leggja að húsinu og að maður frá Mílu hafi komið til þeirra fyrst á miðvikudaginn var, mánuði eftir að þau óskuðu eftir flutningnum. „Hann var að skoða aðstæður og sagði að það yrði örugglega ekkert komið fyrir helgi.“

Spurð hversu langan tíma það tæki að fá síma færðan sagði Linda B. Waage, forstöðumaður samskiptasviðs, að Síminn væri allt að þrjú virka daga að flytja símanúmer í fastlínukerfi. Ef fyrra númer væri ekki gefið upp



BÚÐARDALUR Jörðin Fellsenda er í um tuttugu kílómetra fjarlægð frá Búðardal og um þrjátíu kílómetra frá Bifröst.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

gæti þurft að senda mann á staðinn og það geti lengt ferlið.

„Einnig getur komið fyrir að ekki sé sámalína inn í húsið og þá þarf starfsfólk frá Mílu að fara á staðinn og leggja línuna inn í hús.“ Segir Linda slíka töf venjulega ekki fara yfir tíu virka vinnudaga. „Nema fara þurfi í verulegar jarðvegsframkvæmdir vegna flutnings eða ef staðsetning símaflutnings er í meira en tíu kílómetra fjarlægð frá næstu starfsstöð Mílu.“

„Starfsmaður hjá Símanum sagði að við hefðum sótt of seint um svo mér þætti gaman að vita

hversu snemma fólk úti á landi þarf að sækja um að láta færa síma,“ spyr Bára. „Þetta er rosalegt öryggisleysi og okkur finnst að það megi kannski eitthvað aðeins forgangsraða þar sem hér er ekkert GSM-samband, svo að fólk sé ekki alveg sambandslaust.“

Linda segir Símann afgreiða nítíu prósent beidna um númeraflutning innan þriggja virkra daga en „flutnings og bilanabeidnir á talsímabjónustu þar sem ekki næst farsímasamband eru flokkaðar hjá okkur sem forgangsbeidnir.“

olav@frettabladid.is



VIÐ STJÓRNVÖLINN Ráðherra mátaði skipstjórastólinn áður en ferjan lagði af stað norður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Endurbótum að ljúka:

Grímseyjarferjan komin norður

SAMGÖNGUMÁL Nýja Grímseyjarferjan er komin á heimaslóðir og er væntanleg að bryggju á Akureyri í dag. Ferjan hefur legið í höfn í Hafnarfirði undanfarið þar sem unnið hefur verið að endurbótum. Kristján Möller samgönguráðherra leysti landfestar skipsins við brottförina á laugardag.

Sæfari, eins og ferjan heitir, fer til heimahafnar í Grímsey í næsta mánuði en unnið verður að lokaendurbótum ferjunnar á Akureyri næstu vikurnar. Meðal þess sem gert verður er að smíða dyr á stjórnborðssíðu sem verður aðalinngangur í ferjuna og koma fyrir kælingu í efri flutningalest skipsins. Einnig verður aðgengi fyrir fatlaða bætt í skipinu áður en hún verður tilbúin til áætlanasiglinga.

- shá

HVERAGERÐI

Vinum fækkar um einn

Sveitarfélagið Brande í Danmörku hefur sagt sig frá vinabæjarsamstarfi við Hveragerði. Ástæðan er breyttar aðstæður vegna sameiningar Brande við bæinn Ikast. Önnur sveitarfélög í samstarfinu eru Äänekoski í Finnlandi, Örnskjöldsvik í Svíþjóð, Sigdal í Noregi og Schleswig-Holstein í Þýskalandi.

Skulda starfsmanni eftirlaun

Hveragerðisbær á að greiða fyrrverandi starfsmanni sínum 3,8 milljónir króna vegna leiðréttingar á lífeyrisgreiðslum til hans samkvæmt útreikningum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Óvíst hvort hrúnið í Kauphöllinni flýti fyrir vaxtalækkunum Seðlabankans:

Telja ekki ástæðu til aðgerða

EFNAHAGSMÁL Fátt bendir til þess að Seðlabanki Íslands lækki stýrivexti á næstunni til að bregðast við mikilli verðlækkun á hlutabréfamarkaði þrátt fyrir mikinn þrýsting frá fjármálafrýrtækjum og atvinnurekendum.

„Aðstæður á hlutabréfamarkaði eru vissulega sérstakar og við verðum að vaka yfir þeim. Ég minni hins vegar á að næsti vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans er 14. febrúar og þeirri dagsetningu hefur ekki verið breytt. Samkvæmt okkar áætlun sem við settum fram 1. nóvember eigum við ekki um á lækkan fyr en síðla árs og við höfum ekki gert neinar nýjar áætlanir sem breyta því,“ segir

Eiríkur Guðnason, einn stjórnarmanna Seðlabankans. Hann segir að stjórnin hafi rætt saman um helgina.

Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabankans, segir að hrúnið í Kauphöllinni gefi ekki tilefni til lækkana nú. „Það hafa engar breytingar orðið á aðstæðum frá því síðasta yfirlýsing seðlabankans var gefin út sem gefa tilefni til að meta aðstæður upp á nýtt,“ segir Arnór.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra vék að ástandinu á hlutabréfamarkaði í ræðu sinni á flokksþingi Samfylkingarinnar á laugardag.

Þar sagðist hún vonast til þess að hræringarnar flýttu fyrir vaxtalækkunum. Björgvin G. Sigurðsson tekur í sama streng en segir ekki ástæðu til að sjónvöld grípi í taumanna. „Við fylgjumst auðvitað vel með en ákvarðanir eru í höndum Seðlabankans,“ segir Björgvin.

- þo

SEÐLABANKINN Vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans er 14. febrúar og sú dagsetning heldur sér þrátt fyrir hrúnið í Kauphöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Réttur dagsins



Ferskir í fiski

798 kr.

Plokkfiskur

30% afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI FISKRÉTTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN



Glasgow
aðeins **19.000** Vildarpunktur*

Osló
aðeins **19.000**
Vildarpunktur*

París
aðeins **21.000** Vildarpunktur*

Amsterdam
aðeins **19.000** Vildarpunktur*

Frankfurt
aðeins **21.000** Vildarpunktur*

Stokkhólmur
aðeins **19.000** Vildarpunktur*

Nýárstilboð fyrir handhafa Vildarkorta VISA og Icelandair

50% afsláttur af Vildarferðum*

SÖLUTÍMABIL: 14.–18. janúar
FERÐATÍMABIL: 17. janúar til og með 9. mars (síðasta heimkoma)
(Dveljast verður erlendis aðfaranótt sunnudags.)
Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir í þessu tilboði.
Flugvallarskattar eru ekki innifaldir.

+ Með því að bóka á www.vildarklubbur.is sparast 2.000 kr. þjónustugjald.
Einnig er hægt að bóka í síma 50 50 100 gegn 2000 kr. þjónustugjaldi.



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	62,73 63,03
Sterlingspund	122,69 123,29
Evra	92,65 93,17
Dönsk króna	12,441 12,513
Norsk króna	11,85 11,92
Sænsk króna	9,861 9,919
Japanskt jen	0,5755 0,5789

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,933
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstaðan segir forsetakosningarnar markaðar kosningasvindli:

Mótmæla úrslitum í Georgíu

GEORGÍA, AP Tugþúsundir stuðningsmanna stjórnarandstöðunnar í Georgíu mótmæltu úrslitum nýliðinna forsetakosninga í Tíblisi, höfuðborg landsins, í gær. Mikhail Saakashvili, forseti Georgíu, vann kosningarnar, sem stjórnarandstaðan segir hafa verið markaðar kosningasvindli og krefst endurtalningar atkvæða. Saakashvili hlaut 53,47 prósent atkvæða og helsti stjórnarandstöðuleiðtoginn, Levan Gachechiladze 25,67 prósent samkvæmt lokaúrslitum sem kynnt voru í gær.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) kallaði kosningarnar „sigursælt skref“ fyrir lýðræði

í Georgíu en staðfesti þó einnig að dæmi hefðu verið um brot á kosningareglum.

Árið 2003 urðu fjöldamótmæli meðal almennings í Georgíu, Rósa-byltingin svokallaða, til þess að þáverandi leiðtoga, Eduard Shevardnadze, var komið frá völdum og byltingarleiðtoginn Saakashvili tók við. Vinsældir Saakashvilis hafa hins vegar hrapað síðan vegna ásakana um einræðistilburði. Harkalegar aðgerðir lögreglu til að brjóta á bak mótmæli stjórnarandstöðunnar 7. nóvember síðastliðinn í Tíblisi vöktu mikla reiði meðal almennings og gagnrýndu mörg vestræn ríki aðfarirnar. - *sdg*



MANNHAF Skipuleggjendur sögðu um hundrað þúsund manns hafa mætt til að mótmæla í gær. NORDICPHOTOS/APP

Berskerur í Vesturbæ: Skemmdi bíla í skjóli nætur

LÖGREGLUMÁL Rölegt var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags. Einn maður var handtekinn í miðbæ Reykjavíkur fyrir að kasta af sér vatni á almannaferi og tveir bílstjórar voru handteknir vegna ölvunaraksturs. Undir morgun dró þó til tíðinda þegar maður gekk berserksgang á Vesturgötu og olli þar skemmdum á bifreið. Hélt maðurinn vestur eftir og inn á Framnesveg og leikur grunur á að hann hafi náð að skemma átta bifreiðar áður en lögreglan hafði hendur í hári hans. Að sögn lögreglu var maðurinn í annarlegu ástandi við handtöku. - *vp*

ERLENT

Noregur: Dýrt spaug á flugvelli
„Ég er með sprengju í töskunni,“ sagði norska kennslukonan Marit Brubæk í gríni í biðröð á Gardemoen-flugvelli við Ósló. Henni og vinkonum hennar var meinað að halda áfram ferð sinni til Eistlands og Brubæk sektuð um 15 þúsund norskar krónur. Einnig þurfti hún að borga 40 þúsund krónur fyrir nýja flugmiða fyrir allan hópinn. Aftenposten greindi frá.

Argentína: Réðust á flugvallarstarfsfólk
Ævareidir flugfarþegar réðust á starfsfólk á flugvelli í Búenos Aires í Argentínu á laugardag þegar þeim var tilkynnt annan daginn í röð að seinkun yrði á flugi þeirra. Lögregla var kvödd á staðinn til að halda uppi friði og í gær var flug samkvæmt áætlan. Flugfélagið Aeolineas Argentinas sagði kjaradeilur ástæðu seinkananna en verkafélög sögðu ástæðuna vera yfirbókanir í flug.

Írak: Baath-liðar inn úr kuldunum
Íraska þingið hefur samþykkt að leyfa þúsundum fyrrverandi meðlima Baath-flokks Saddams Hussein að starfa fyrir ríkið á nýjan leik. Bandaríkjamenn óskuðu eftir þessu til að draga úr deilum á milli trúarhópa í landinu. Meðlimir Baath-flokksins höfðu innt af hendi mörg af helstu störfum Íraska ríkisins í 35 ár þar til þeir misstu atvinnu sína er Bandaríkjamenn réðust inn í landið 2003.

Álit mannréttinda-nefndar oft hundsuð

Mannréttindanefnd SP er umdeild og margar þjóðir hafa sniðgengið niðurstöður hennar. Sérfræðingur í lagadeild Háskóla Íslands telur forsendur nefndarinnar um íslenska kvótakerfið veikar og virðast byggðar á röngum upplýsingum.

SJÁVARÚTVEGUR „Forsendur meirihlutans eru að mínu mati veikar þar eð þær byggjast, að því er virðist, á röngum upplýsingum um úthlutun takmarkaðs heildarfla við upphaf kvótakerfisins,“ segir Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur við lagadeild Háskóla Íslands. Mjög skiptar skoðanir voru meðal þeirra átján fulltrúa sem skipa Mannréttindanefnd SP í álitum um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið. Mannréttindanefndin er umdeild og mörg ríki hafa látið undir höfuð leggjast að fara eftir niðurstöðum hennar.

Tólf af átján nefndarmönnum stóðu að álitum nefndarinnar, sem segir að íslenskum stjórnvöldum beri að greiða tveimur sjómönnum bætur og gera gagnegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Sex nefndarmenn skilðu sér álitum þar sem niðurstaða meirihlutans er gagnrýnd.

Helgi Áss segir það umhugsunarvert að mannréttindanefndin fullyrði að fiskimiðin, eða hafsvæðið umhverfis Ísland, séu sameign íslensku þjóðarinnar. „Í lagaákvæðinu segir að nýttastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Nýttastofnar eru ekki undirorpnr eignarrétti á meðan þeir eru frjálsir og vörslulausir í hafinu. Á hinn bóginn er lögfræðilega mögulegt að segja að tiltekið hafsvæði, þar sem fiskur finnst, sé eign nánar skilgreinds aðila. Þessi ónákvæmni er til þess fallin að veikja forsendur nefndarinnar fyrir niðurstöðu sinni.“

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands,



Í HAFNARFJARDARHÖFN Álit mannréttindanefndar SP hefur vakið upp umræðu um kvótakerfið, sanngirnir þess og mögulegar leiðir til breytinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁLIT MANNRÉTTINDANEFNDAR SP

- MEIRIHLUTAÁLIT TÓLF ÞJÓÐA:**
- Kolumbía - Rafael Posada
 - Egyptaland - Ahmed Tawfik Khalil
 - Túnis - Abdelfattah Amor
 - Frakkland - Christine Chanet
 - Indland - Prafullachandra Nat warlai Bhagwati
 - Benín - Maurice Blélé-Ahanhanzo
 - Ekvador - Edwin Johnson Lopez
 - Sviss - Walter Kalin
 - Míritus - Rajsoomer Lallah
 - Írland - Michael O'Flaherty
- Suður-Afríka - Zonke Zanele Majodina
- Perú - José Luis Sanchez-Cerro
- SÉRÁLIT SEX ÞJÓÐA**
- Svíþjóð - Elisabeth Palm
 - Ástralía - Ivan Shearer
 - England - Sir Nigel Rodley
 - Bandaríkin - Ruth Wedgwood
 - Japan - Yuji Iwasawa
 - Rúmenía - Iulia Antoanessa Motoc

telur nefndina hafa haft allar nauðsynlegar upplýsingar í höndunum. „Þeir fengu þýdda texta um lög-gjöf, aðdragandann að þessu kerfi og hvernig stofnað var til þess. Eins þá dóma sem hafa gengið.“

Þegar skipting nefndarmanna í álitinu er skoðuð á milli þjóðlanda vaknar sú spurning hvort það hafi þýðingu að nú af tólf dómurum meirihlutans eru frá Asíu, Suður-Ameríku og Afríku. Björg segir að

allir nefndarmenn séu sérfræðingar og ekki ástæða til að leggja út frá þjóðerni nefndarmanna sem standa að meirihlutaálitinu. Aðspurð um hvort þjóðríki fari alltaf eftir álitum nefndarinnar segir Björg að svo sé ekki. „Það segir í nýlegri ársskýrslu nefndarinnar að það sé almennt ófullnægjandi hvað ríki hafa gert til að fara eftir niðurstöðum hennar.“

svavar@frettabladid.is



BARBORA SKRLOVA í fylgd lögreglumannna í Tékklandi. NORDICPHOTOS/APP

Tékknesk kona í Noregi: Dulbjó sig sem unglingspilt

NOREGUR, AP Norska lögreglan komst að því að þrettán ára drengur, Adam að nafni, væri í raun 33 ára gömul tékknesk kona, sem heitir Barбора Skrlova.

„Drengurinn“ hafði gengið í norskan skóla nálægt Ósló frá því í september þangað til jólafrí hófust, en þá hvarf hann og var gerð leit um allt land. Leitinn barst norður til Troms þar sem sannleikurinn kom í ljós.

Skrlova var send aftur til Tékklands á miðvikudaginn. Þar hafði hennar verið leitað sem lykilvitnis í barnaníðingsmáli. Sakborningur í því máli er kona, sem grunuð er um að hafa misnotað tvo unga syni sína. Skrlova tengist þessu máli vegna þess að hún hafði þótt vera þrettán ára dóttir konunnar. - *gb*

UMHVERFISMÁL

Landbrot verði stöðvað

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa lagt til að fundnar verði leiðir til að stöðva landbrot sem þeir segja að hafi verið mikið síðasta áratuginn á strandlengjunni á Kjalarnesi, allt frá Móum að Norðurkoti. Borgarráð samþykkti að visa málinu til umsgagnar umhverfissviðs.



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósunum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að ljúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins



Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is


VEÐURSPÁ



Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

Hljýnar sunnanlands. Fyrir sunnanlandið er viðáttumikið lægðasvæði sem færirst til austurs, og í dag nær lítið lægðadrag upp að suðvesturhorninu og ber með sér hlýtt loft sem vermir svæðið í dag, annars staðar á landinu verður áfram frost, mest inn til landsins norðan- og austanlands. Þar sem vindur er hægari er hættu á meira frosti en þar sem loftið blandast betur. Snjókomu verður víða um land **BORGINNÍ DAG:** Hiti 2 til -2 stig, austan 8 og él eða slydda.

um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C rigning	London	10°C rigning	Eindhoven	5°C skýjað
Billund	4°C skýjað	Paris	9°C rigning	Basel	1°C slydduél
Oslo	2°C slydda	Frankfurt	7°C skýjað	Alicante	16°C bjart
Stokkhólmur	5°C skúrur	Friedrichshafen	7°C skúrur	Róm	11°C rigning
Gautaborg	3°C skýjað	Berlin	6°C skúrur	-Las Palmas	20°C bjart


* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



SA átt 8-13 S-lands, annars háeg N-átt

» miðvikudagur



Austlæg átt, 10-15 S- og V lands.

HUGSAÐU HRATT

Hlaupárið byrjar á spennandi sértíloðum

RAV4 Avensis Corolla Yaris Auris



ISLENSKA SIA IS TOY 48977 0108

Toyota - bestu bílakaupin strax

Hlaupárið hjá Toyota byrjar á spennandi sértíloðum í takmarkaðan tíma. Langar þig í nýjan Yaris, Auris, Corolla, Avensis eða RAV4? Hugsaðu hratt, komdu til næsta söluaðila Toyota núna og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað.

Fyrstir koma, fyrstir fara - á nýrri Toyota



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

KJÖRKASSINN



Telur þú að stjórnvöld þurfi að breyta vinnulagi við skipan dómara?

Já	84,8%
Nei	15,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ná strákarnir okkar verðlauna-sæti á Evrópumótinu í hand-bolta?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Hjónin sem berjast fyrir áframhaldandi opnu göngustígakerfi í Fossvogi:

Borgin dregur svör um stíga

SKIPULAG Hjónin Árni Njálsson og Kristín Helgadóttir hafa beðið tæpa þrjú mánuði eftir svari frá Reykjavíkurborg um lokun göngustíga í Fossvogi.

Árni og Kristín vöktu í haust athygli á því að borgin hefði leyft að lokað yrði fyrir göngustíga sem liggja inn og út úr botnlöngum við einbýlishúsin í Fossvogi. Telja þau þetta ekki geta staðist, meðal annars vegna upphaflega kvaða sem verið hafi á löðunum í upphafi. Segja þau lokun stíganna þýða verulega skerðingu á flæði gangandi fólks í hverfinu.

Embætti skipulagsfulltrúa vís- aði erindi Árna og Kristínar til

umsagnar hjá framkvæmdasviði borgarinnar í október.

„Við höfum hringt reglulega til að spyrjast fyrir um framgang málsins en það virðist fast hjá framkvæmdasviðinu,“ segir Kristín, sem kveðst nú hafa í tvo mánuði árangurlaust reynt að ná tali af Svandísi Svavarsdóttur, nýjum formanni skipulagsráðs.

„Það er kannski enginn Lauga- vegur hér en fyrir okkur sem búum í Fossvogi er mikilvægt að fá á hreint hvort það eigi virki- lega að leyfa að loka hér fyrir allar þessar gönguleiðir,“ segir Kristín.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri



KRISTÍN HELGADÓTTIR Íbúi berst gegn lokun göngustíga svo að áfram verði hægt að komast leiðar sinnar í Fossvogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

hjá framkvæmdasviði, segir að umsögn um málið verði unnin á næstunni.

-gar

Réttað yfir tenórnum Tito: Tveggja ára fangelsi líklegt

STOKKHÓLMUR, AP Tenórinn Tito Beltran frá Chile gæti átt yfir höfði sér tveggja ára fangelsi verði hann fundinn sekur um að hafa nauðgán átján ára sænskri stúlku.

Beltran, sem býr í Svíþjóð, var handtekinn í byrjun desember. Var hann ákærður fyrir að hafa nauðgað barnfóstru sem leikkonan Maria Lundqvist hafði ráðið. Hið meinta atvik átti sér stað árið 1999. Réttarhöld hófust á föstudag og hafa þau vakið mikla athygli enda hafa verið kölluð fyrir sem vitni Carola Hægkvist, sem vann Eurovision-keppnina 1991, og píanóleikarinn Robert Wells.

-fb



FRÁ AFHENDINGU RÓSARINNAR Sam- hlómur með draumum Freyju.

Freyja fær Rósarverðlaunin: Ötull boðberi

FÉLAGSMÁL Freyja Haraldsdóttir hlaut nýlega Rósarverðlaunin en þau veita fjölskylda Ástu B. Þorsteinsdóttur í samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálpar.

Eru verðlaunin veitt árlega einstaklingi, félagsamtökum eða stofnunum fyrir framúrskarandi störf sem stuðla að jafnrétti og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.

Friðrik Sigurðsson, fram- kvæmdastjóri Þroskahjálpar, segir Freyju hafa, þrátt fyrir ungan aldur, verið ötulan boðbera viðhorfa og hugmyndafræði sem er mjög í anda Rósarinnar.

- ovd

LÖGREGLUFRETTIR

Ók út af í Berufirði

Bill ók út af vegi í Berufirði aðfaranótt sunnudags. Lögreglan á Djúpvaggi brást við kalli um aðstoð frá öku- manni bílsins, sem var einn á ferð, um tvöleytið. Engin slys urðu á fólki en billinn er töluvert skemmdur.

Þrjú menn ákærðir:

Líkamsárásir og eignaspjöll

DÓMSMÁL Tveir menn, báðir innan við tvítugt, hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsárásir og eignaspjöll. Þeir réðust á mann á sextugsaldri á skemmtistað í Hafnarstræti í júní í fyrra og kýldu hann.

Síðan létu þeir spörk dynja á leigubíl þannig að hann beyglað- ist.

Þá hefur maður á þrítugsaldri verið ákærður fyrir héraðsdómi fyrir að hafa ráðist á mann á veitingastað á Laugavegi og kýlt hann ítrekað í andlit. Fórnar- lambið slasaðist talsvert.

- jss

LÖGREGLUFRETTIR

Fjórir slappu í útafakstri

Bífreið skemmdist mikið þegar henni var ekið út af við Galtarholt á Vesturlandsvegi rétt fyrir tólf á hádegi á laugardag. Er talið að rekja megi slysið til mikillar ísingar. Fjórir voru í bílnum en engin slys urðu á fólki.

Íkveikja við Háskóla Íslands

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að Háskóla Íslands um klukkan átta á laugardagskvöldið þar sem eldur var í ruslatunnu. Þótti stafa nokkur hættu af eldinum vegna opinna nálæggra glugga en fljótlega gekk að slökkva eldinn.

Forstjóri ÍE undrast ádeilu í Læknablaði

Professor í læknisfræði telur erfðakortasölu Íslenskrar erfðagreiningar geta haft áhrif á ónæmiskerfi barna vegna kvíða mæðranna. Forstjóri ÍE undrast að Læknablaðið skuli leyfa prófessornum einhliða málflutning í fagtímariti.

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta er fyrst og fremst söluvara, líffræðilegar upplýsingar sem settar eru á markaðs- torgið í þeirri von á almenningur láti gleppast,“ segir Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum, í viðtali við Læknablaðið um erfðakortin sem seld eru hjá Íslenskri erfðagreiningu (ÍE).

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, minnir á að fyrir rúmum mánuði hafi hann svarað blaðagrein þar sem sömu skoðanir Jóhanns hafi komið fram. „Það sem mér finnst merkilegt í ljósi þess sem á undan er gengið að Læknablaðið, sem á að vera fagtímarit, ræðir ekki við mig heldur bara Jóhann. Þetta hljómar ekki eins og áhugi á upplýstri umræðu,“ segir Kári.

Sala á erfðakortum hjá ÍE hófst 16. nóvember undir heitinu deCODEme. Boðin er greining á uppruna einstaklinga og skoðun á erfðamengi þeirra með tilliti til erfða- þátta sem vitað sé að auki eða minnki líkur á algengum sjúkdómum.

Jóhann Ágúst segir í Læknablaðinu að álita- mál sé hvort fólk sé betur sett með slíkar upplýsingar sem leitt gætu til þess að það hefði áhyggjur af alvarlegum sjúkdómum að óþörfu.

„Ýmsar rannsóknir benda til þess að alvar- leg áföll, áhyggjur og kvíði hjá mæðrum barna með viðkvæmt erfða- mengi geti haft áhrif á ónæmiskerfi barnanna og aukið líkur á sykursýki af tegund 1 hjá þeim,“ segir Jóhann við Læknablaðið.

Kári segir viðhorf Jóhanns til upplýsingar minna á miðaldri. Fólk eigi að afla sér upplýsinga og vaxa af þeim, Jóhann sé mjög harður



ÍSLENSK ERFÐAGREINING Hefur boðið einstaklingum að kortleggja erfðamengi þeirra fyrir um sextíu þúsund krónur.



LÆKNABLAÐIÐ Fyrsta hefti Læknablaðsins 2008 er komið út.

talsmaður þess að ekki eigi að stunda fyrirbyggjandi læknisfræði og hafi til dæmis dregið í efa ágæti þess að mæla kól- esteról vegna þess að slíkt myndi bara vekja ótta hjá fólki og auka amstur hjá læknum.

„Fyrirbyggjandi læknisfræði hefur líklega haft meiri áhrif á heilsufar í okkar samfélagi heldur en inngríps- læknisfræðin sem Jóhann er að predika. Til dæmis með bólusetningum,“ segir Kári.

Að því er Jóhann segir telur hann erfðakortunum ætlað að bæta stöðu ÍE. „Þetta er – eins langt og ég get metið það – eitt af útspilun- um til að hækka verðgildi hluta-



KÁRI STEFÁNSSON



JÓHANN ÁGÚST SIGURÐSSON

bréfanna og halda lífi í fyrirtæk- inu,“ hefur Læknablaðið eftir prófessornum.

Kári segir þetta vera léttvægan málflutning hjá Jóhanni. Stað- reynd sé að greitt sé fyrir læknis- þjónustu: „Ég veit ekki betur en Jóhann Ágúst Sigurðsson hafi bara þökkalega góð laun af því að selja þjónustu sína til fólks sem er lasið.“

gar@frettabladid.is

Breytingar á námstillhögun í Lögregluskóla ríkisins:

Meiri áhersla lögð á þjálfun

LÖGREGLUMÁL Breytingar hafa verið gerðar á námstil- högun á þriðju önn í Lögregluskóla ríkisins. Nú verður lögð enn meiri áhersla á þjálfun hvers konar, hvort sem um er að ræða líkamspjálfun, þjálfun í lögreglutökum, verkefnavinnu varðandi tiltekin viðfangsefni eða verklegar æfingar. Rúmlega helmingur námstímans fer á einn eða annan hátt í þessa þætti.

Í janúarbyrjun 2008 hófu 45 nemendur nám á þriðju önn grunnnáms Lögregluskólanum. Þeir höfðu þá lokið átta mánaða starfsþjálfun sem flestir þeirra stunduðu hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgar- svæðinu.

Með breytingunni á námstillhöguninni nú er stjórni Lögregluskólans að bregðast við ábendingum frá fyrri nemendum skólans sem komið hafa fram í viðhorfskönnunum sem hafa verið lagðar fyrir þá. Umræddir 45 nemendur sem eru að hefja þriðju



LÖGREGLUSKÓLINN Nemendur í Lö- gregluskóla ríkisins með tágasgrímur.

MYND/LÖGREGLUSKÓLINN

annar nám í Lögregluskólanum nú brautskrást 18. apríl næstkomandi. Að önninni lokinni geta þeir sótt um störf lögreglumanna sem þá verða laus til umsóknar.

- jss

LOSTI, VARÚÐ FRUMSYND 11. JANÚAR Í REGNBOGANUM

„Kynlífssennur eru MJÓG djarfar. Ekki svæsnar á klámfenginn hátt (a.m.k. ekki sam- kvæmt mínum skilningi), en ansi nálægt því.“
- James Berardinelli, Reel Views.

„Lee er sannur meistari og þessi sterka erótíska og spennandi mynd hneppir þig í álog sem þú vilt ekki losna undan.“
- Peter Travers, Rolling Stone.

Frá Óskarsverðlaunahafanum Ang Lee, leikstjóra 'Brokeback Mountain' og 'Crouching Tiger, Hidden Dragon'

KLIPPIÐ HÉRI

1 Elkkert hló

2 Minna af auglýsingum

3 Engin truflun

græna ljósið
- Ekki til á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

www.graenaljosid.is - Skráning í Bláklubb Græna ljóssins margborgar sig



Ég hlakka til þess **mánaðarlega**

Sparisjóðurinn býður nú viðskiptavinum sínum upp á **SP12**, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlega útgreiðslu vaxta. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laust til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjál. **SP12** er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.

FILIP/SLIA



Hæsta einkunn í ánægjuvög fjármálafyrirtækja



SPARISJÓÐURINN

www.spar.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir Íslendingurinn sem tilnefndur er til dönsku blaðaljósmyndaraverðlaunanna?
2. Hvað heitir tilvonandi eiginkona Nicolasar Sarkozy, Frakklandsforseta?
3. Til hvaða enska fótballaliðs er landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson að fara?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Munch-ræningjarnir: Hæstiréttur þyngir dómana

NOREGUR, AP Hæstiréttur Noregs hefur þyngt dóma manna tveggja sem stálu tveimur



málverkum eftir Edvard Munch úr listasafni í Ósló árið 2004. Jafnframt krefst dómstóllinn þess að ný réttarhöld

verði haldin yfir þriðja manningum sem tók þátt í ráningu. Í héraðsdómi höfðu mennirnir þrjú fengið fimm til 9,5 ára fangelsisdóma, en áfrýjuðu báðir til Hæstaréttar. Hæstiréttur þyngdi dóm annars þeirra um eitt ár, úr 9,5 árum í 10,5, en hins um hálf ár í 6,5 ár.

Þriðji maðurinn hafði verið dæmdur í 5,5 ára fangelsi, en Hæstiréttur taldi réttarhöldin yfir honum ekki hafa verið óhlutdræg og því þyrfti að rétta í málinu á ný fyrir héraðsdómi. - gb

Ósammála um auðlindir Grænlands

Formaður dansk-grænlensku þingmannanefndarinnar sem vinnur að nýjum heimastjórnarlögum segir Grænlendinga eiga að fá allar olíutekjur. Forsætisráðherra Danmerkur vill helmingskipti milli Grænlands og Danmerkur.

GRÆNLAND Jonathan Motzfeldt, formaður dansk-grænlensku nefndarinnar sem vinnur að smíði nýrra heimastjórnarlaga fyrir Grænland, andmælir því að Danir eigi að fá helmingskipti af þeim tekjum sem kunna að fást af nýtingu olíulinda og annarra auðlinda í grænlenskri lögsögu eins og Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hefur mælt til að samið verði um í tengslum við nýju heimastjórnarlögin.

Á fundi í Kaupmannahöfn á fimmtudag urðu þeir Fogh og Hans Enoksen, formaður grænlensku landstjórnarinnar, ásáttir um að stefnt skyldi að því að nefndin, sem settið hefur að störfum síðan sumarið 2004, skilaði af sér niðurstöðu fyrir febrúarlok. Þá yrði gefinn hálf árs frestur til lýðræðislegrar umræðu um hana á Grænlandi þar sem hún yrði svo borin undir þjóðaratkvæði hinn 25. nóvember. Enoksen lét hafa eftir sér að þjóðaratkvæðagreiðslan gæti orðið áfangi að fullu sjálfstæði Grænlands, þótt það væri „enn langt undan“.

En Fogh tók fram, að hann teldi að tekjum af fundi olíulinda bæri að skipta til helminga milli grænlenska landsjóðsins og danska ríkissjóðsins. „Ég tel að það séu sanngjörn skipti,“ sagði hann með vísun til þess að árlega leggur danski ríkissjóðurinn grænlenska landsjóðnum til sem svarar um 35 milljörðum íslenskra króna.

Þótt niðurstaða nefndarinnar liggja enn ekki opinberlega fyrir hefur komið fram að meirihluti er fyrir því í henni að Grænlendingar fái allar olíutekjur eftir að danski fjárlagastyrkurinn hefur verið greiddur upp.

„Strax í marsmánuði 2007 urðum við sammála um að allar



HANS ENOKSEN OG ANDERS FOGH RASMUSSEN ÁSAMT ANGELU MERKEL ÞÝSKALANDSKANSLARA Þjóðaratkvæðagreiðsla er áformuð í nóvember. NORDICPHOTOS/AFP

JONATHAN MOTZFELDT

tekjur af auðlindum í jörðu og undir hafsbotni í grænlenskri lögsögu tilheyru grænlensku þjóðfélagi,“ sagði Motzfeldt í fréttaviðtali við grænlenska útvarpið, KNR, að loknum fyrsta fundi



dansk-grænlensku nefndarinnar eftir dönsku þingkosningarnar í nóvember. Þær ollu því að gera varð hlé á starfi nefndarinnar þar sem nokkrir dönsku fulltrúanna hættu á þingi. audunn@frettabladid.is

Pingrannsókn í Póllandi: Leyniþjónustan undir smásjána

PÓLLAND, AP Pólska þingið hefur samþykkt að setja á stofn nefnd sem á að rannsaka áskanir um að háttsettir menn í fyrri ríkisstjórn sem Jaroslaw Kaczynski, tvíbura-bróðir Lech Kaczynski forseta, fór fyrir, hafi beitt leygniþjónustunni og öðrum fulltrúum ríkisvaldsins til að grafa upp eitthvað misjafnt um pólitíska andstæðinga.

Talsmenn flokks Kaczynskis, Laga og réttar, hafa vísað ásökunum á bug og segjast munu fara fram á að stjórnlagadómstóll landsins lýsi skýjun rannsóknarnefndarinnar ólöglega. Lög og réttur tapaði völdum í þingkosningum í október. - aa



GEORGE W. BUSH Bandaríkjaforseti segir góðar líkur á að tuttugu þúsund hermenn verði kallaðir heim frá Írak.

George Bush tjáir sig um Írak:

Hermönnum líklega fækkað

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti segir að góðar líkur séu á því að um tuttugu þúsund hermenn verði kallaðir heim frá Írak áður en júlí verður á enda runninn. Engin ákvörðun hafi þó verið tekin í þeim efnum.

„Það eina sem ég get sagt er að við erum að vinna í málinu og erum að gera það sem við sögðumst ætla að gera,“ sagði Bush er hann var staddur í Kúvæt.

Almenningur í Bandaríkjunum verður mótfallnari Íraksstríðinu með degi hverjum auk þess sem demókratar á Bandaríkjaþingi hafa þrýst mjög á forsetann um að draga herlið sitt til baka frá landinu. - fb

BERÐU HÖFUÐIÐ HÁTT

Mercedes-Benz A-Class sameinar þægindi, lipurð og glæsileika. Bíll fyrir þá sem velja gæðin.



Mercedes-Benz

Takmarkað magn Mercedes-Benz A-Class er til afgreiðslu strax á góðu verði. Innifalin eru vetrardekk og Íslandspakki.

MAX

RAFTÆKI

Láttu
ekki HAPP
úr hendi
sleppa!

Útsala

- verð í frjálsum falli

Gríptu
gæsina
meðan hún
gefst!

Raftæki allt að 67% afsl.

Tónlist allt að 65% afsl.

DVD myndir allt að 50% afsl.

Tölvuleikir allt að 80% afsl.

Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



Fim

MAX / Kaupþúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX
RAFTÆKI



VEITT Í VÖK Maður situr í hægðum sínum og bíður eftir að fiskur bítí á öngulinn í vök sem hann myndaði í Moskvuá í Rússlandi. Hitastig í Moskvu hefur farið niður í fimmtán mínusgráður á Celsius síðustu daga.

NORDICPHOTOS/AFP

Heildarfasteignamat á landinu hækkaði um 18,5 prósent á síðasta ári:

Nemur fjögur þúsund milljörðum

FASTEIGNIR Heildarfasteignamat á landinu öllu samkvæmt fasteignaskrá sem gerð var um áramót var 4.065 milljarðar króna – fjögur þúsund sextíu og fimm milljarðar.

Ári fyrr nam matið 3.431 milljarði og nemur hækkingin á einu ári 18,5 prósentum.

Brunabótamat um síðustu áramót var 3.876 milljarðar.

Hækkun þess á árinu var 9,5 prósent. Í frétt frá Fasteignamati ríkisins segir að heildarfjárhæð fasteignamats hafi ekki fyrr farið yfir heildarfjárhæð brunabótamats.

Fasteignamat samanstendur af húsmati og lóðarmati og vegur hið síðarnefnda tæp tuttugu prósent af heildinni.

Flestar fasteignir eru í Reykjavík og er heildarfasteignamat þeirra rúmlega 1.800 milljarðar. Í Kópavogi nemur matið 426 milljörðum.

Til samanburðar nam heildarverðmæti fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands 2.158 milljörðum við lok viðskipta á föstudag. Jafnframt má nefna að samanlögð þjóðarútgjöld voru tæplega 1.400 milljarðar árið 2006.

- bps

HEILDARFASTEIGNAMAT	
Stærstu sveitarfélögin	
Reykjavík	1.827
Kópavogur	426
Hafnarfjörður	339
Garðabær	172
Akureyri	171
Reykjanesbær	127
Mosfellsbær	111
Árborg	79
Akranes	63
Borgarbyggð	43
Tölur eru í milljörðum króna	
Heimild: Fasteignamat ríkisins	
FRÁ REYKJAVÍK Heildarfasteignamat í höfuðborginni nemur rúmum 1.800 milljörðum.	

Tveir fluttir á slysadeild:

Meðvitundarlítill eftir högg

LÖGREGLUMÁL Karlaður var fluttur á slysadeild um hádegi á laugardag eftir slagsmál í íbúð í Hjallahverfi í Kópavogi. Var hann með skurð á enni eftir þungt höfuðhögg og meðvitundarlítill þegar lögregla kom á vettvang.

Arásarmaðurinn gaf sig síðar um daginn fram við lögreglu en gengu yfirheyrslur illa vegna tungumálaerfiðleika. Þótti vitnisburður hans benda til þess að hann væri með berkla og var hann því einnig fluttur á slysadeild til rannsókna. Kom þar í ljós að maðurinn var ekki smitaður og voru báðir mennirnir útskrifaðir á laugardagskvöldið.

- ovd

Veltisagir

MAKITA LF1000.
Öflug og lipur veltisög.
Frábært verð.

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI - VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele



Miele TILBOÐ

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Pvottavél W1514 1400sn/mín/5 kg	142.714	99.900
Pvottavél W1714 1400sn/mín/6 kg	172.286	128.464
Purrkari T7644C rakapéttir/6 kg	135.571	94.900

Pvottavél verð frá kr.:

99.900

www.eirvik.is

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

Gripið til úrræða ef menn óhlyðnast

Um helmingur rannsóknarlögreglumanna sem ganga bakvaktir hefur sagt sig frá þeim verði tekið upp nýtt kerfi sem kynnt hefur verið. Yfirmaður rannsóknardeildar segir að grípa verði til úrræða óhlyðnist menn eða sinni ekki vinnuskyldu.

LÖGREGLUMÁL Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu bíður nú svars frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis um hvort bakvaktir séu hluti af vinnuskyldu rannsóknarlögreglumanna, og ef svo reynist, hvort sérstakt samkomulag þurfi um fyrirkomulag bakvakta ef þær eru að öðru leyti skipulagðar innan ramma kjarasamnings.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er megn óánægja meðal rannsóknarlögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu með drög að nýju bakvaktafyrirkomulagi sem þeim hafa verið kynnt. Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns rannsóknardeildar, sem hefur umsjón með framkvæmd hins nýja kerfis, hefur um helmingur þeirra, eða á þriðja tug manna, sem tekið hafa slíkar vaktir sagt sig frá þeim ef af þeim breytingum verður sem kynntar hafa verið.

„Það er ágætt að fá skorið úr grundvallaratriðum eins og hvort þetta er samningsatriði eða hvort þetta er hluti af vinnuskyldu,“ útskýrir Friðrik Smári.

Spurður um framkvæmdina ef niðurstaðan verður sú að bakvaktir séu hluti af vinnuskyldu, en rannsóknarlögreglumenn hafni því að vinna eftir nýju kerfi, segir Friðrik Smári að þá geti menn ekki neitað.

„Þá verður að grípa til einhverra úrræða ef menn óhlyðnast fyrirmælum eða sinna ekki vinnuskyldu,“ bætir hann við.

„Kjarasamningur gerir ráð fyrir því, varðandi vinnutilhögun hjá vaktavinnufólki, að það þurfi sam-



Lögreglumenn búa við það vinnuumhverfi varðandi yfirvinnu að ekki er þak á henni miðað við ákveðnar aðstæður.

STEINAR ADOLFSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMBANDS LÖGREGLUMANNA

þykki meirihluta þeirra starfsmanna sem eiga að vinna samkvæmt því fyrirkomulagi,“ segir Steinar Adolphsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna.

„Það á því ekki að vera hægt að breyta vaktafyrirkomulagi án samþykkis meirihluta viðkomandi starfsmanna samkvæmt þeim leikreglum. Hins vegar búa lögreglu-

LÖGREGLUSTÖÐ Ekki eru takmarkanir á yfirvinnu lögreglumanna við ákveðnar aðstæður, segir framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna.

menn við það vinnuumhverfi varðandi yfirvinnu að ekki er þak á henni, eins og hjá öðrum opinberum starfsmönnum, miðað við ákveðnar aðstæður. Að mínu mati þarf samráð að vera til staðar og samskiptin opin og hreinskilin milli manna.“

Steinar segir ástæður breytinganna þær að lögreglustjóraembættið á höfuðborgarsvæðinu þurfi að draga saman seglin vegna skorts á fjármunum. Þá séu menn nauðbeygðir til þess að fara í einhverjar aðgerðir, sem bitni á starfsmönnum.

js@frettabladid.is

Leikskólaláss borgarinnar eru nánast fullnýtt:

Um tvö hundruð pláss ónýtt

LEIKSKÓLAR Rúmlega 200 af um 5.700 leikskólalássum eru ekki nýtt í Reykjavík vegna þess að fólk vantar til starfa á leikskólana, að sögn Ragnhildar Erlu Bjarnadóttur, sviðsstjóra leikskólasviðs. Þetta gerir um 3,5 prósent af öllum leikskólalássunum í borginni. „Nýting leikskólanna er lakari vegna þess að okkur vantar starfsmenn,“ segir hún.

Borgaryfirvöld hafa vanist því að hafa hátt í fulla nýtingu á leikskólalássunum og því er nýtingin nú óvanalega slæm. „Við erum samt með 96 prósent nýtingu og það þykir kannski ekki slæmt en við erum bara von að passa upp á það að öll plássin í leikskólanum séu notuð,“ segir hún.

„Það er þó erfitt að hafa alla leikskólana alltaf fullnýtta.

Stundum eru börnin bara til tvö og það er ekki hægt að vista í pláss frá tvö til fjögur og því reiknast það sem vannýting. 96 prósent nýting telst ekki slök nýting en á okkar mælikvarða erum við ekki sátt.“

Foreldrar greiða um 14 prósent af rekstrarkostnaði leikskólanna og borga minna þegar börnin eru send heim vegna manneklu. Ragnhildur Erla segir að því sé varla hægt að tala um tekjutap vegna þessa. Leikskólarnir fái ákveðinn fjárhagsramma miðað við fullnýtta og fullmannaða leikskóla. Ef ekki sé hægt að fullmanna þá og fullnýta þurfi ekki þetta fjármagn og það sé í borgarsjóði. Fjármagnið sé síðan notað til að greiða yfirmanni auk þess sem mikil starfsmannavelta sé dýr.

- ghs



EKKI FULLNÝTT Nýtingin á leikskólalássunum í Reykjavík er rúmlega 96 prósent og plássin því ekki fullnýtt. MYNDIN ER ÚR SAFNI



RAGNHILDUR ERLA BJARNADÓTTIR

42LC51
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms



Verð áður 179.900

149.900

42PC35
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
Stafrænn móttakari



Nýtt Nýtt

119.900


ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!



GC379BLA
LG ísskápur
Hæð 185 cm
Breidd 60 cm

63.665

Verð áður 74.900



Manta 60 Vetro
Airone veggháfur

67.425

Verð áður 89.900



ITACA ISOLA 390
Airone eyjuháfur

63.675

Verð áður 84.900



WD12400TDK
LG þvottvél
7kg
1200 snúningar

76.415

Verð áður 89.900



L-1036
Edesa þvottavél
6kg
1000 snúninga

Útsöluverð

38.900



GCB359BTQA
LG ísskápur
Hæð 170 cm
Breidd 60 cm

67.915

Verð áður 79.900



FEA07C1X
PVL4DTCX
1CT130X
Pakkatilboð
Ofn, helluborð og gufugleypir

89.900

Verð áður 154.700

ÚTSALA Í FULLUM GANGI

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -


Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lífir er gott
LG

Svona erum við

> Fjöldi byggðra íbúða sem lokið var við á hverju ári.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KJARNORKA OG KJARNORKUVER

Öflugur en vandmeðfarinn orkugjafi

Breska ríkisstjórnin hefur tilkynnt að hún hafi ákveðið að styðja smíði nýrra kjarnorkuvera í landinu. Rökin eru þau að kjarnorka sé umhverfisvæn orkulind sem gagnist vel í baráttunni gegn loftslagsbreytingum af völdum gróðurhúsáhrifa.



af stað þar sem nifteindir úr einni kjarnaklofnun valda því að aðrir kjarnar klofna, og svo koll af kolli. Nauðsynlegt er að hafa hemil á keðjuverkuninni svo of mikil orka losni ekki á of stuttum tíma, en þannig virkar kjarnorkusprengrja.

klofna og mynda orku til að hita vatnið.

Hverjar eru hætturarnar?

Úran er mjög geislavirkt efni, og því þarf að fara geysilega varlega við meðferð á því. Úranið sem fellur til við notkun í kjarnorkuverum kallast geislavirkur úrgangur, og eyðist ekki nema á mörg þúsund árum. Möguleiki á kjarnorkuslysi er einnig töluverð hættu, en frægasta dæmið um það er Tsjernóbyl-slysið árið 1986. Þá sprakk kjarnaofn í kjarnorkuveri þannig að geislavirkar agnir dreifðust um stórt svæði og þúsundir dóu. Síðar kom í ljós að margar reglur höfðu verið þverbrotnar við byggingu kjarnorkuversins, og starfsmenn illa þjálfaðir. Í ljósi stóruksins eftirlits og mikilla tækni-framfara eru litlar sem engar líkur á því að annað eins slysi geti orðið í dag.

Hvernig virkar kjarnorka?

Sú orka sem losnar úr læðingi þegar kjarni atóms klofnar er kölluð kjarnorka. Flest frumefni eru nægilega stöðug til þess að atómkjarnar þeirra klofni ekki, en þegar nifteind er skotið í atómkjarna samsættunur úran-235 eru töluverðar líkur á að kjarninn klofni í tvo helminga og myndi mikla orku í leiðinni, í formi hita. Við réttar kringumstæður fer keðjuverkun

Hvernig virkar kjarnorkuver?

Kjarnorkuver virkar í meginatriðum á sama hátt og orkuver sem nota jarðefnaeldsneyti – vatn er hitað þannig að gufa stígur upp og knýr rafal sem myndar rafmagn. Munurinn er sá að í kjarnorkuveri er jarðefnaeldsneyti ekki brennt til að hita vatnið heldur er notuð til þess kjarnorka. Úranið sjálf er í formi stanga sem settar eru inn í kjarnaofn, þar sem atómkjarnar þess

SPURT & SVARÐ

TENGLAHÓPUR NÝRNASJÚKRA

Læra að lifa upp á nýtt



JÓRUNN SÖRENSEN
Aðstandandi tengslahóps nýrnasjúkra.

Tengslahópur nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra var nýlega stofnaður. Jórunn Sörensen er einn aðstandenda hópsins.

Hefur verið mikil þörf fyrir tengslahóp sem þennan?

Já, það er mikil þörf og við fundum það á eigin skinni því þeir sem stofnuðu hópinn höfðu allir gengið í gegnum þetta, annað hvort að veikjast af alvarlegri nýrnabilun eða vera aðstandandi sjúklings.

Hvað gerir hópurinn?

Hann styður þá sem til hans leita og þurfa á stuðningi að halda. Að veikjast af alvarlegum, langtíma- og ólæknandi sjúkdómi eins og nýrnabilun er veldur áfalli. Það er mjög mikill missir að missa heilsuna. Þegar fólk verður fyrir áfalli hefur það gífurleg áhrif á manneskjuna, lífið breytist og ekkert verður eins og áður var. Sjúkdómurinn tekur sitt pláss í lífi fólksins en hann má ekki stjórna öllu svo fólk þarf að finna sér nýjan farveg þegar það er orðið svona veikt. Þetta gildir auðvitað um alla langvinna sjúkdóma. Fólk þarf að læra að lifa upp á nýtt.

STRAX GERT GREIN FYRIR ÁHRIFUM

Forystumenn verkalyðshreyfingar og atvinnurekenda eru á byrjunarreit eftir að endanlega kom í ljós um miðja síðustu viku að ríkisstjórnin hafnaði skattatillögum verkalyðshreyfingarinnar. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, sjást hér á fundi í húsnæði ríkissáttasemjara. Gylfi hefur bent á að ríkisstjórninni hafi strax í upphafi verið gerð grein fyrir áhrifum skattatillagna á jaðarskatta.



Samningar aftur á byrjunarreit

Erfiðar kjaraviðræður eru framundan eftir að upp úr slitnaði í samfloti landssambandanna innan ASÍ í viðræðunum við Samtök atvinnulífsins eftir að ríkisstjórnin hafnaði sérstökum persónuafslætti fyrir þá lægst launuðu. Samninganeftirnar eru nú aftur á byrjunarreit og þurfa að meta stöðuna að nýju. Þar skiptir mestu launabátturinn og lengd kjarasamninga.

Óvissa ríkir um stöðuna í kjaraviðræðum á almennum vinnu-markaði. Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að landssamböndin hafi lent á byrjunarreit um miðja síðustu viku þegar í ljós kom að ríkisstjórnin hafnaði kröfu verkalyðshreyfingarinnar um sérstakan persónuafslátt fyrir þá lægst launuðu. Forystumenn flokkanna reyni nú að meta stöðuna. Þessi vika fari í fundi með baklandinu í hverju landssambandi auk samningafunda með Samtökum atvinnulífsins.

Meta stöðuna að nýju

„Eftir það sem gerðist um miðja síðustu viku lentu menn einfaldlega á byrjunarreit og það er alltaf mjög erfitt þegar menn hafa unnið ákveðna hugmyndafræði yfir ákveðinn tíma þar sem menn hafa mátað sig í stærðir. Þegar það hrekkur út af borðinu þá einfaldlega þurfum við að meta stærðir og stöðu að nýju og þá er allt undir í málinu,“ segir Sigurður.

Sú vinna sem hefur verið unnin með Samtökum atvinnulífsins mun nýtast, til dæmis í þeim sér-málum sem ýmist eru þegar afgreidd eða í vinnslu. „Þannig að það er ekki allt ónýtt en núna í framhaldinu þurfum við að endurskoða stærsta þáttinn, launabáttinn og lengd kjarasamninganna,“ segir hann.

Ljóst er að margir innan verkalyðshreyfingarinnar vilja styttri kjarasamninga en áður var talað um. Þannig hafa forsvarsmenn innan Starfsgreinasambandsins talað um samninga til eins árs og

rafiðnaðarmenn hafa viðræð samning til 1. nóvember þegar samningur tvö þúsund rafiðnaðarmanna rennur út.

„Menn semja örugglega til skamms tíma því að hér ríkir líklega erfitt efnahags- og atvinnu-ástand næsta vetur,“ hefur Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, sagt. „Fljótlega fara í gang viðræður við opinberu félögin. Stjórnmalámennt hafa vakið upp væntingar hjá þeim. Við viljum semja strax og gefa þeim eftir leiksviðið.“

Verslunarmenn hafa hins vegar velt fyrir sér möguleikanum á að era lengri samning, til kannski þriggja eða fjögurra ára.

Hæðst að launamönnum?

Deilt var um tillögur verkalyðshreyfingarinnar á skattamálum í fjölmiðlum fyrir helgina. Talsmenn ríkisstjórnarinnar létu í ljós þá skoðun að skattatillögurnar hefðu slæm áhrif á jaðarskatta. Á sömu lund hafa forsvarsmenn atvinnulífsins talað. Þeir segja tekjutengdan persónuafslátt hafa tvo alvarlega ókosti, mikla hækkun jaðarskatta auk þess sem með upptöku tekjutengds persónuafsláttar verði staðgreiðsluferfið eftiráuppgjör skattgreiðslna í stað þess að vera fullnaðaruppgjör vegna sam-tímatekna.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, telur forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins hafa lagst í undir-róður gegn tillögum launamanna og gengur jafnvel svo langt að segja Vilhjálmi Egilsson, framkvæmdastjóra SA, „hæðst að

launamönnum“ þegar hann talar um að öllum sé í hag að kjarasamningar verði leiðina að lægri verðbólgu og að launakostnaðarhækkunum sé forgangsraðað til þeirra sem lægstu launin hafa eða þeirra sem ekki hafa notið launaskriðs.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, hefur hins vegar bent á að ríkisstjórninni hafi verið gerð grein fyrir þessum áhrifum strax í upphafi. Verkalyðshreyfingin hafi metið þetta sem besta kostinn í stöðunni og lagt til hliðarráðstafanir til að draga úr jaðaráhrifum, til dæmis með því að lækka tekjutengingu barnabóta og setja þak á jaðaráhrifin.

Ströng vika er framundan sem væntanlega fer í stíf fundahöld innan landssambandanna og með Samtökum atvinnulífsins til að reyna að finna framhald á samningaviðræðunum. Samtök atvinnulífsins eiga fundi með samningamönnum starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins hjá ríkissáttasemjara í dag og svo munu viðræður að sjálfsögðu eiga sér stað við hin landssamböndin.

Skrifstofuvörur

- á janúartilboði

Katrín Edda Svansdóttir,
sölumaður í þjónustuveri RV

1.398 kr. ks.
5 x 500 blöð í ks.



Á tilboði
í janúar 2008
Bréfabindi, ljósrítunarpappír,
töflutússar og skurðarhnifur

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURDARD.
ghs@frettabladid.is



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2008

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á tæpum 22 árum. Nýttu þér þækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

MCSA og MCP nám

MCSA netstjórnun 2. hluti

Frábært nám sérstaklega sniðið fyrir þá sem lokið hafa fyrri áfanga MCSA náms og vilja læra það sem til þarf til að taka gráðuna. Kennar eru námsgreinarar Windows Vista Client (70-620) og Windows 2003 Network Infrastructure (70-291). Forkröfur eru Windows XP (70-270) og Windows Server 2003 (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.

Lengd: 121 stund/81 klst. Verð: 169.900

MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun, Windows XP og Windows Vista. Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

Lengd: 243 stundir/162 klst. Verð: 319.900

Einstakar MCP greinar

- Windows Vista Client (70-620)
Lengd: 60 st./40 klst. Verð: 92.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)
Lengd: 63 st./42 klst. Verð: 99.900

C# .NET forritun

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðar tölvuþekkingar.

Lengd: 94 stundir/63 klst. kvöldnám
Verð: 139.900

Tölvuumsjón

Tölvuumsjón

Einstakt nýtt nám fyrir þá sem vinna við umsjón tölvu og/eða notendabjónustu eða vilja hasla sér völl á því sviði:

- Microsoft Office 2007(expert)
- Windows Vista og Server (intermediate)
- DreamWeaver, Photoshop og Flash

Ath: Aðeins fyrir fólk með góða tölvuþekkingu

Lengd: 200 stundir/133 klst, Verð: 299.000

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leiði nánari upplýsinga um kjör).

Bókhaldsnám

Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900

Skrifstofunám

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

Morgun (9-12) eða kvöld (19.30-22.30)

Vefsíðugerð

Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafik.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
Verð: 99.900

DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 54 stundir/36 klst, Verð: 52.900

Góð byrjun

Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvuotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

Helstu kennslugreinar:

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
Verð: 47.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvuotanda.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

Verkefnastjórnun

Hagnýtt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og Microsoft Project við gerð áætla og stjórnun verka.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 89.900

PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnum óaðfínanlega.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 49.900

Project verkefnastjórnun

Náðu betri tökum á áætlanagerð og utanumhaldi um verkefni með þessu frábæra forriti frá Microsoft.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 39.900

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500

Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900

Windows fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 12.900

Fingrasetning - tölvuvéritun • 6 stundir/verð: 6.900

Stafræn ljósmyndun

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900

Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/26.900

Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500

Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Word II: Framhald • 18 stundir/verð 26.900

Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500

Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 36.500

Excel III: Fjölvær og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

FileMaker

FileMaker I: Byrjendanám • 9 stundir/verð 16.900

FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • 13 stundir/verð 24.900

FileMaker III: Forritun gagnagrunna • 27 stund/69.900

PowerPoint

PowerPoint I: Lærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900

PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900

PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

Outlook

Outlook: póstur, tímariða og verkefni • 13 st./verð 16.900

Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

Vefsíðugerð og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900

DreamWeaver og Photoshop • 54 stundir/verð 52.900

DreamWeaver, Photoshop og Flash • 72 st./verð 69.900

Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st./verð 24.900

Photoshop og Visio

Photoshop: Ljósmyndir og grafik • 27 stundir/verð 29.900

Visio: Viðskiptagrafik og teikning • 18 stundir/verð 24.900

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000

- og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

- eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Léttvín og bjór í búðir er rökrétt þróun.

Næsta skref

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hinn 1. mars næstkomandi verða nítján ár liðin frá því að sala á áfengum bjór hófst á nýjan leik á Íslandi. Afnámi hins 74 ára langa bjórsölubanns kostaði langa og stranga baráttu innan og utan þingsala áður en bindindismenn og bölsýnismenn í öllum stjórnmálaflokkum játuðu sig sigraða. Afnámi bannsins fylgdu þeir hins vegar úr hlaði með kolsvörtum spádómum um meiri áfengisneyslu, aukinn áfengisvanda og vaxandi unglingsdrykkju með tilheyrandi slæmum afleiðingum fyrir heilsufar og almennt siðferði þjóðarinnar.

Bölsýnismennirnir reyndust ekki getspakir. Áfengisneyslan jókst vissulega í litrum talið, en þeir flöskuðu að öllu öðru leyti.

Þrátt fyrir að Íslendingar innbyrði nú tvöfalt meira magn af áfengi á ári en þeir gerður áður en bjórin var leyfður hafa heilbrigðis- og félagsleg vandamál af völdum áfengisdrykkju dregist saman. Þetta kemur fram í grein Bjarna Þjóðleifssonar, meltingarlæknis á Landspítala, í nýjasta hefti Læknablaðsins.

Allt bendir til að þetta megi þakka róttækum breytingum á drykkjusiðum þjóðarinnar. Með tilkomu bjórsins snarféll hlutfall sterks áfengis af heildarneyslunni, fór úr 77 prósentum í um tuttugu prósent, en bjór og léttvín eru síður skaðleg lifrinni en brenndir drykkir. Þetta þarf svo sem ekki að koma á óvart. Tveir litlir bjórar á dag alla vikuna hljóta að vera skárri fyrir heilsuna en til dæmis heil ginflaska á föstudagskvöldi, og ekki síður fyrir þá sem umgangast neytandann.

Bjórin virðist ekki aðeins hafa minnkað álagið á lifur landsmanna heldur hefur hann líka haft góð áhrif á tilveruna almennt. Í grein sinni í Læknablaðinu vísar Bjarni til rannsóknar Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings, sem hefur kannað áhrif afnáms bjórsölubannsins á vandamál sem fylgja áfengisneyslu. Niðurstöður hennar sýna að ofbeldisbrot, ölvunarastur og slys drögust saman á árunum 1990 til 2003.

Þvert á alla spádóma var bjórin sem sagt ekki vondur fyrir samfélagið heldur góður. Og það meira að segja mjög góður. Þær afleiðingar sáu andstæðingar bjórsins ekki fyrir. Þar á meðal voru til dæmis 133 lækningar sem sendu Alþingi áskorun árið 1988 um að hvika hvergi frá bjórsölubanninu.

Mörgum milljón bjórlítra síðar er gagnlegt að rifja þetta upp því fyrir Alþingi liggur nú frumvarp sautján þingmanna um afnám einkaréttar ríkisins á sölu á léttvíni og bjór. Þetta er fimmta árið í röð sem frumvarpið er lagt fram en það hefur hingað til ekki fengist afgreitt.

Mótrök andstæðinga frumvarpsins eru kunnugleg. Þar er boðið upp á endurflutt tuttugu ára gamalt efni úr baráttunni gegn bjórnum. Stuðningsmenn frumvarpsins eru sakaðir um að berjast fyrir gróðasjónarmiðum kaupmanna, setja unglinga í hættu og stuðla að því að sjúkdómar tengdir áfengisneyslu aukist.

Jafnvel Bjarni læknir lætur liggja að því í grein sinni að tilslökun á áfengissölu sé varasöm. Og það þrátt fyrir að í sömu grein komi fram að árangur af fyrri tilslökun er ótvírætt góður. Staðreyndin er sú að íslensk áfengisstefna hefur mörg undanfarin ár einkennst af því að ríkið hefur verið að losa tök sín. Áfengisverslunum hefur verið fjölgað og opnunartími þeirra er orðinn mun rýmri en áður var. Þjóðin hefur sýnt að hún höndlar þetta afslappaða viðhorf til áfengis ljómandi vel. Afnám einkasölu ríkisins á sölu léttvins og bjórs er eðlilegt næsta skref.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRUI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gagnrýni á stöðuveitingar

Andrés Jónsson, fyrrverandi formaður Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar, og einn aðstandenda hreyfingar áhugafólks um sjálfstæði dómstólanna, gagnrýnir ráðning þriggja ráðherra Sjálfstæðisflokksins harðlega í pistli á heimasíðu sinni. Þar gagnrýnir hann líka forystumenn Samfylkingarinnar fyrir þögn þeirra vegna ráðninganna, þrátt fyrir stór orð fyrir síðustu kosningar. Andrés lætur hins vegar alveg vera að gagnrýna ráðningaráðherra Samfylkingarinnar en endar pistil sinn á að segja að vald spilli.



Davíð og jólasveinarnir

Margir hafa hins vegar tekið undir gagnrýni Andrésar og féлага á www.domaraskipan.net og höfðu alls 435 skráð nöfn sín við áskorunina um klukkan sjö í gærkvöldi. Eitthvað virðist tæknin þó vera að stríða síðueigendum því meðal undirritaðra mátti sjá mörg áhugaverð nöfn og má þar nefna Davíð Oddsson og Jólasveina einn og átta.

Þótturur faðir

Össur Skarphéðinsson virðist hafa mildast örlítið við það að komast í ríkisstjórn. Árið 2004 gagnrýndi hann harðlega skipun Ólafs Barkar

Þorvaldssonar, frænda Davíðs Oddssonar, í embætti hæstaréttardómara og sagði í samtali við Fréttablaðið að sér þætti sýnt „að ákvörðun þáverandi dómismálaráðherra væri alls ekki byggð á traustum, málefnalegum grunni. „Þetta er ekkert annað en áfélissdómur yfir ráðherranum,“ sagði Össur þá. Nú er komið annað hljóð í strokkinn því í viðtali við 24 stundir á laugardag sagði Össur að sem „pólitískum föður“ rynnu honum til rifja þær hörðu árársir sem Þorsteinn Davíðsson sætti nú fyrir það eitt að vera sonur föður síns.



olav@frettabladid.is
thorgunnur@frettabladid.is

Brákar saga

Ég var dreginn í leikhús um daginn. Sannast sagna hef ég verið alltof óduglegur við að fara í leikhús seinni árin, því á einhverju tímabili fannst mér ég alltaf vera að horfa á drukkið fólk í stásstofum að rifast – einhverja svona íslenska velmegunarvansæld sem er alls góðs makleg en dálítið erfið að fylgjast með lengi í einu.

Ég var dreginn alla leið upp í Borgarnes að sjá leiksýningu um ambáttina Þorgerði Brák sem segir frá í Egils sögu.

Þjóðargersemi

Áður hafði ég séð þar sýninguna um Egil Skallagrímsson sem Benedikt Erlingsson er vonandi enn að leika, en Benedikt er þjóðargersemi, ekki síst fyrir þá sök að honum tekst að miðla ákveðinni aðferð við að njóta bókmennta, sem hefur verið útbreidd hér á landi þó hennar gæti lítt í opinberri bókmennta-umfjöllun: þetta er lestur sem einkennist af ákveðnu tvísæi – að lesa með glotti á vör en líka ást á textanum; að hlæja að textanum og með honum, vera inni í honum og utan við hann í senn.

Þannig er hann ekki bara að rekja fyrir okkur gamla Íslendingasögu – hann er að kenna okkur að unna bókmenntum með því að taka þær ekki hátíðlega; kenna okkur að smjatta á þeim frekar en að bukta sig fyrir þeim. Þetta er eins og að hitta mann sem rekur fyrir manni það sem hann var að lesa á einstaklega lifandi hátt – leikur allar persónurnar, leikur það sem þær gera en bregst líka við umhverfinu og því sem kemur upp; er á staðnum hér og nú en ekki í annarri vídd, eins og manni



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG |

Sagan af föstrunni Þorgerði Brák í Eglu og það hvernig hún lifir áfram í afkomendum Egils er gott dæmi um írsk áhrif á Íslandi.

finnast leiksýningar stundum vera.

Hátækni og lágtækni

Þessa aðferð má kannski kenna við hátækni og lágtækni í senn: ekki er notast með neina tækni leikhússins nema hóflega ljósanotkun en um leið þarf leikarinn að hafa vald á hátækni í sinni list.

Um sýningu Brynhildar Guðjónsdóttur Brák í leikstjórn Atla Rafns Sigurðarsonar má nota slíkar lýsingar. Þetta er leikræn flugeldasýning.

Brynhildur geysist fram og aftur um Sagnaloftið í Landnámssetrinu og spinnur mikinn vef úr þeim ellefu línunum sem helgaðar eru Þorgerði Brák í Egils sögu – götulíf á Írlandi lifnar hjá henni, veisla á íslensku höfuðból, Höskuldur Dala-Kollsson á hórúhúsi í viðskiptaferð í útlöndum; ótal ólíkir karakterar: frá afkeitem köllum til fingerðra írskra prinsessa.

Endurtekningar og stef binda sýninguna saman, sumt án orða, eins og áhrifamikil handarhreyfing sem lýsir drukknun Brákar.

Sagan af föstrunni Þorgerði Brák í Eglu og það hvernig hún lifir áfram í afkomendum Egils er gott dæmi um írsk áhrif á Íslandi. Þau blasa við án þess að við höfum veitt þeim sérstaka eftirtekt nema einn og einn fræðimaður – Einar Ólafur Sveinsson á sinni tíð, Hermann Pálsson og Helgi Guðmundsson. Og Gísli Sigurðsson en rit hans Gaelic influence in Iceland er grundvallarrit í þessum rannsóknnum.

Og Brynhildur Guðjónsdóttir: lestur hennar á Egils sögu er svo frjór og sannfærandi að hér eftir sjáum við mannlífið þar með nýjum augum; mannlegum dráttum í Agli sjálfum fjölger enn – og veitti ekki af.

Tvískinnungs hefur gætt meðal Íslendinga um írsku áhrifin.

Ekki fer á milli mála að mörgum þykir það svoltið exótískt og eftirsóknarvert að lifa sig inn í að vera komin af írskum þrælum, ekki síst þegar fólk er í verslunarferðum í Dublin og vill fara að telja til frændsemi við hálf hvumsa vertana á áttunda Guinness.

En um leið hefur lítið verið gert úr írskum áhrifum á íslenskar bókmenntir; þar til á síðustu árum hafa menn verið blindir á tengslin, bæði formræn (dróttkvæðin) og þematísk, kannski ekki síst vegna þess að menn þekktu lítt írskar bókmenntir og horfast verður í augu við óþægilega hluti í arfi Íslendinga; þrælalald, kúgun, ofbeldi, rangsleitni.

Þögli félaginn

UMRÆÐAN

Heilbrigðisþjónusta

Öllum er nú að verða ljóst hvert stefnir á sviði heilbrigðismála. Sjálfstæðisflokkurinn er að komast á fullan skrið með að hrinda heilbrigðisþjónustunni út í einkarekstur. Skoðanakannanir hafa sýnt að þessi stefna nýtur ekki stuðnings þjóðarinnar. Þess vegna er beitt gamalkunnri aðferð: Við erum að gera tilraun með útivistun á starfi lækna-ritara, segja fulltrúar heilbrigðisráðherra á Landspítala, og að tilrauninni lokinni verður allt ferlið vegið og metið faglega og saglega.

Allir vita að eftir að einkafyrirtæki verða búin að koma sér upp starfsemi með aðstöðu og mannahaldi verður illmögulegt að snúa til baka. Þetta eru sömu óheildarlegu vinnubrögðin og endranær. Þannig er framlag til Landspítala - háskólasjúkrahúss skorið niður að raungildi og spítalinn sveltur til að þröngva honum til að setja einstaka starfsþætti í einkarekstur. Þeir sem annast þessi verk fyrir ríkisstjórnina innan sjúkrahússins skirrast ekki við að segja berum



ÖGMUNDUR JÓNASSON

orðum að starfsfólk komi til með að missa vinnuna en geti eflaust fengið störf hjá hinum nýju verktakafyrirtækjum.

Ýmsir hópar lækna eru þessari þróun hlíðhollir en ekki er ég viss um að þeir hafi hugsað þá þróun til enda, þ.e. þegar svo verður komið að þeir verða orðnir starfsmenn fjárfestingarfyrirtækja sem ætla að hafa tuttugu prósentu arðsemi af starfi þeirra. Og fyrir skattborgarann er ég hræddur um að kostnaðurinn komi til með að rísa en ekki lækka þegar til langs tíma er lítið. Þeir sem hagnast verða

fjárfestar, hvorki launafólk né skattgreiðendur. Þessi þróun þarf engum að koma á óvart eftir að Samfylkingin afhenti Sjálfstæðisflokknum heilbrigðisráðuneytið. Finnst Samfylkingunni sáemandi hlutskipti að eiga aðild að ríkisstjórn en vera þar þögull áhorfandi að einkavæðingu heilbrigðiskerfisins? Hvað skyldi kjósendum flokksins finnast um flokkinn sem þeir kusu, hinn þögla félagi í ríkisstjórninni?

Höfundur er alþingismaður.

Skeljungur er 80 ára.

Höldum upp á það. Komdu. Fáðu þér eitthvað gott.

30% afmælisafsláttur af smurþjónustu Laugav. og Skógarhlíð

30% afmælisafsláttur af öllum Shell olíum

Afmælistilboð á vetrarþvotti kr. 499.- í Smáranum og á Vesturlandsv.

Afmælistilboð á lúxus-veitriþvotti kr. 999.- í Smáranum

kr. 50.- Rjúkandi heit og ilmandi gott kaffi



Fjöldi frábærra tilboða

Made to move



TÖLVUNÁM

á vorönn 2008

Innritun hafin

Computer and office courses
for beginners and advanced users



María Björk Guðmundsdóttir Skrifstofustjóri Hive á Akureyri

„Tölvu- og skrifstofunámið hjá Tölvuskólanum þekkingu var fróðlegt, fjölbreytt, skemmtilegt og umfram allt mjög gagnlegt. Ég var í vinnu samhliða náminu og strax í byrjun gat ég nýtt mér þekkingu úr skólanum í starfi mínu. Kennararnir voru líka alveg frábærir og skiluðu sínu í tíðum og því var ekki mikið um heimanám. Góður skóli, gott starfsfólk, góð menntun.“



STARFSNÁM OG VIÐSKIPTI

Tölvu- og skrifstofunám

Sérlega viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritarar eða í bókhaldi.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

Tölvugreinar:

Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

Margmiðlun:

PowerPoint glærakynningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

Persónuleg færni:

Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Verslunarbréf, íslensk og ensk.

Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Hefst 28. janúar. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.

Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga. Verð: 199.000,-

Tölvu- og bókhaldsnám

200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.

Hefst 28. janúar á Akureyri og 7. febrúar í Reykjavík.

Tollskýrslugerð

21 stund. Verð kr. 28.000,- Hefst 16. janúar.

Bókhald 1

Hagnýtt 100 std. Bókhaldsnámskeið fyrir byrjendur í bókhaldi. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Hefst 3. mars. Verð kr. 94.000,- Morgun- og kvöldhópar.

Bókhald 2

32 std hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald upprifjun og framhald, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga. Verð kr. 36.000

ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 31. janúar. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: Windows tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 30. janúar. Lengd 63 std. Verð kr. 44.900,-

ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet, Outlook og PowerPoint.

Kennt er þrisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið. Hefst 7. febrúar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Bækur og próf innifalín).

ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Grafísk hönnun

Photoshop – Illustrator – InDesign – PDF (örfá sæti laus).

Vefsíðugerð I

Photoshop og Dreamweaver.

Stafrænar myndavélar

- og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

Illustrator

Fyrir byrjendur í teikningu og hönnun. Hefst 26. jan.

Eldri borgarar 60+

30 kennslustunda byrjenda- og framhaldsnámskeið á góðu verði.

- Vefsíðugerð II
- Photoshop grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- Myndbandavinnsla
- Excel grunnur og framhald
- Word grunnur og framhald
- Outlook
- Flash
- Office 2007
- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Server
- Windows 2003 Network Infrastructure
- MS Exchange Server
- Navision

VAKTAVINNUFÓLK

Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

REYKJAVÍK & AKUREYRI

EMILY WATSON KVÍKMYNDALEIK-
KONA ER 41 ÁRS.

„Það er algjör upphefð fyrir leikara að horfa beint inn í myndavélina. Það er eins og að horfa inn í hjarta myndarinnar og því ber ekki að taka af neinni léttúð.“

Watson er meðal annars þekkt fyrir hlutverk sín í *Breaking the Waves* og *The Boxer*.



ÞETTA GERÐIST: 14. JANÚAR 1999

Krafan um að reka Clinton rædd

Það gastaði hressilega um Bill Clinton Bandaríkjaforseta í byrjun árs 1999 er rannsókn á kvennámálum hans stóð sem hæst. Hinn 14. janúar tók öldungadeild Bandaríkjaþings fyrir kröfu saksóknara um að hann yrði sviptur embætti. Hann var sakaður um að hafa reynt að hindra framgang réttvísinnar og ljúga sig út úr ásökunum um framhjáald með Monicu Lewinsky og kynferðislega áreitni gegn Paulu Jones.

Talsmaður Clintons sagði á sínum tíma að málatilbúnaðurinn gegn forsetanum minnti helst á ómerkilegan



reyfara þar sem sakargiftirnar tækju stöðugum breytingum frá degi til dags.

Fimmtán dögum eftir að öldungadeildin tók málið til umræðu hafnaði hún tillögu um að ákærum á hendur Clinton forseta yrði vísað frá og samþykkti að stefna þremur vitnum til að bera vitni fyrir luktum dyrum. Þeirra á meðal var Monica Lewinsky. Þetta var ekki draumaniðurstaða Clintons en atkvæði féllu eftir flokkslinum og því þótti ljóst að aldrei myndu nást nógu mörg atkvæði til að fella forsetann. Hann slapp því með skrekkin og hélt embætti sínu.

MERKISATBURÐIR

- 1784 Frelsisstríði Bandaríkjanna lýkur formlega með friðarsáttmála við Breta.
- 1814 Danmörk lætur Noreg af hendi til Svíþjóðar með Kílarfriðargerðinni.
- 1923 Ellefu manns farast og mikið tjón verður á hafnarmannvirkjum víða um land í óviðri.
- 1960 Elvis Presley verður liðbjálfi í hernum og er þar með hækkaður í tign.
- 1976 Ólafur Jóhann Sigurðsson fær bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, fyrstur Íslendinga.
- 1984 Páfi staðfestir helgi Þorláks biskups Þórhallssonar, verndardýrlings Íslendinga.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



JÓN REYKDAL
LISTMÁLARI
ER SEXTÍU OG
ÞRÍGGJA ÁRA Í
DAG.



JAKOB ÞÓR
EINARSSON
LEIKARI ER
FIMMTÍU OG
EINS ÁRS.

Nýtt fólk hjá Reykjanesbæ

Þórey I. Guðmundsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs Reykjanesbæjar.

Þá hefur Guðlaugur H. Sigurjónsson verið ráðinn framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs.

Þórey hefur meðal annars starfað hjá Umhverfisstofnun og Hollustuvernd og sem framkvæmdastjóri LÍN.

Hún er stjórn málafræðingur að mennt.

Guðlaugur hefur starfað hjá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar og var þar áður hjá Verkfræðistofu Suðurnesja en hann er byggingafræðingur að mennt. Guðlaugur er vel hnúttum kunnugur á þessu sviði en hann hefur til margra ára unnið í tengslum við verklegar framkvæmdir hjá Reykjanesbæ.



FRÁ AFHENDINGU Erla Lúðvíksdóttir í Kaffitári, Glúmur Baldvinsson í AceAid og myndlistarmennirnir Steinunn Björk Sigurðardóttir og Hjördís Árnadóttir sem höfðu forgöngu um söfnunina.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Söfnuðu fé með sölu listaverka

Yfir 300 þúsund krónur söfnuðust til hjálpar fötlúðum í Afríku með sölu málverka eftir myndlistarmenn í Reykjanesbæ.

Listamennirnir efndu til listaverkasölu í Kaffitári á adventunni og afhentu nýverið IceAid-samtökunum afraksturinn. AceAid eru íslensk þróunar- og mannúðarsamtök sem Glúmur Bald-

vinsson er í forsvari fyrir og tók hann sjálfur við fjárfraðlaginu. Hann kvæðst stoltur og þakklátur og lofði að leggja gjafaféð í góð verk í Tansaníu þar sem samtökin eru með margvísleg þróunarverkefni. Meðal annars eru þau í samstarfi við Iceexpress um að útvega þeim gervifætur sem þess þurfa með.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hilmar Steinólfsson,

voruflutningabílstjóri frá Siglufirði,

sem lést á Droplaugarstöðum 7. janúar verður jarðsunninn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. janúar kl. 13.00.

Hulda Steinsdóttir
Sigurður Gunnar Hilmarsson
Elinborg Hilmarisdóttir
S. Jóna Hilmarisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



VAXANDI FÉLAGSSKAPUR Björn Bjarnason, formaður félagsins, og Friðrik Ágúst Ólafsson framkvæmdastjóri ætla fagna tímamótunum með margvíslegum hætti á nýja árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDVUNN

MEISTARAFÉLAG IÐNAÐARMANNA Í HAFNARFIRÐI: FAGNAR 40 ÁRA AFMÆLI

Gamlir refir og nýliðar sækja saman súpufundi í hádeginu

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði varð 40 ára í gær en félagið var stofnað 13. janúar 1968 með það að markmiði að standa vörð um þá lögildingu sem meistaraprófið felur í sér.

Að sögn Björns Bjarnasonar, formanns félagsins, og Friðriks Ágústs Ólafssonar framkvæmdastjóra er þetta þéttur félagsskapur iðnmeistara sem heldur vel saman.

„Þetta eru 165 félagsmenn og við teljum það styrk þessa félags að hér eru allar byggingagreinarnar með.“ útskýrir Friðrik og heldur áfram: „Nýliðar sjá þarna tækifæri til að mynda tengsl við þessa gömlu refi, koma saman, kynnast og ræða málín. Félagið stendur fyrir fræðsluerindum og uppákomum og upp á síðkastið höfum við haft súpufundi í hádeginu sem eru vel sóttir.“ útskýrir hann og Björn bætir við að það sé engin lognmolla í kringum félagið.

„Félagið hefur aldrei verið fjölmennara en núna og atvinnuástandið líka aldrei betra. Það hefur verið góð nýliðun svo þetta er ekki nein elli-mannadeild.“ segir Björn, en félagið leggur metnað í að kynna starfsemi sína fyrir unga fólkinu og aðstoðar til dæmis iðnnema við að komast á samning hjá meistara.

„Oft á tímum reynist erfitt að koma iðnnemum á verksamning og þá hef ég

reynt að aðstoða og komið því áleiðis innan félagsins að nema, til dæmis í húsasmíði, vanti meistara.“ útskýrir Friðrik og segir það mikilvægt að fá endurnýjun í iðnstéttina því eins og allir viti vanti iðnaðarmenn hér á landi.

„Það er samkeppni um unga fólkið.“ segir Björn og heldur áfram: „Það er svo margt í boði og okkur finnst það auðvitað bagalegt þegar ungu fólki er beint inn á framhaldsnám í viðskiptafræði eða öðru, en það hafa alltaf verið ágætis laun í því að vera iðnaðarmaður og alltaf nóg að gera.“ bætir hann við.

Hjá félaginu er ýmislegt á döfinni í tengslum við afmælið þó engin terta hafi verið bökuð enn.

„Við verðum með afmælisárshátíð.“ útskýrir Friðrik. „Það var tekin sú ákvörðun að halda ekki beinlínis afmælisboð þar sem fólk kæmi með gjafir heldur vildum við frekar halda veglegri árshátíð fyrir okkar félagsmenn. Svo ætlum við að gefa út afmælisblað í tengslum við Byggingadaga.“ segir hann en Byggingadagar eru eitt af því sem meistarafélagið stendur fyrir til að kynna starfsemi félagsmanna og verða þeir haldnir nú í þriðja sinn í haust, 10. og 11. október.

Í Byggingadögum taka einnig þátt bankar, tryggingafélög, fasteignasalar og fleiri og er undirbúningsvinna þegar hafin hjá félaginu. „Við höfum staðið að Byggingadögum í

samvinnu við Samtök iðnaðarins og Hafnarfjarðarkaupstað og þar geta okkar félagsmenn kynnt sína framleiðslu sem er þá framleiðsla á íbúðum, iðnaðarhúsnæði eða hlutaframleiðslu.

Hafnarfjarðarbær er þá að kynna lóðaframboð og þjónustu.“ útskýrir Friðrik og Björn bætir því við að Hafnarfjörður hafi þanist út á undanförmum árum og félagið sé að fylgja þeirri stækun eftir með slíkri kynningu. Eins hefur Iðnskólinn í Hafnarfirði verið með kynningu á skólanum á Byggingadögum, sem er liður í þeirri stefnu félagsins að kynna iðngreinarnar fyrir unga fólkinu.

„Við höfum verið að benda á það að iðnaðarmaður er ekki endilega þessi skitugi vélsmiðjumaður því þetta hefur breyst svo mikið.“ segir Friðrik og bætir við: „Blikksmiðir í dag þurfa til dæmis mikla menntun til að vinna á alls konar stýritækjum og auk þess öðlast menn strax starfsréttindi að námi loknu sem ég hef oft bent á að sé góður kostur.“ útskýrir Friðrik og Björn bætir því við að lokum að dreifa þurfi ungu fólki í nám.


„Á Íslandi geta ekki allir verið viðskiptafræðingar eða lögfræðingar því við komum til með að búa áfram á þessu landi og þurfum alltaf þak yfir höfuðið.“

heida@frettabladid.is

Handklæði, tuskur og diskapurkur er tilvalið að fara í gegnum í byrjun nýs árs og fleygja því sem orðið er ónýtt. Eins getur verið gott að athuga rúmfötin og kaupa ný ef það hefur ekki verið gert fyrir jólin.



Geymslur fyllast venjulega fljótt af alls konar dóti og drasli og margt af því verður aldrei notað aftur þó enginn tími að henda því. Stundum er þó bara gott að sleppa takinu og hreinsa hressilega til.



Húsgögn getur verið skemmtilegt að færa annað slagið til ef rými leyfir. Oft er gott að brjóta upp vanann þó að það sé bara tíma-bundið, því það er ekkert mál að færa húsgögnin til baka.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

**ALLTAF BESTA
VERÐIÐ**

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú **103,000** kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16



Þær „mæðgur“ Guðrún Katrín og Beta láta oftast en ekki fara vel um sig í sófahorninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýjungar og notalegheit

Allir eiga sinn uppáhaldsstað á heimilinu og Guðrún Katrín Jóhannsdóttir innkaupafulltrúi er þar engin undantekning. Hún og tíkin Beta njóta þess að kúra saman í stofusófanum.

„Ég flutti inn í nýja íbúð fyrir skömmu og hafði fram að því verið með samsafn húsgagna héðan og þaðan. Þetta er mín fyrsta íbúð og er ég auk þess fyrsti íbúinn þar sem hún er ný. Mig langaði því að fá mér ný húsgögn, valin af mér, og ákvað meðal annars að kaupa mér sófa,“ segir Guðrún og bætir við: „Ég ætlaði að fá mér tungusófa en sófinn sem mig langaði í var ekki til og úr varð að ég keypti þennan sófa sem er rúmgóður og með lausum fót-skemli sem færa má að vild og er það mjög þægilegt.“

Kaldhæðni orlaganna réði því að daginn sem Guðrún fór af stað og keypti megnið af búslóðinni var hinn alþjóðlegi „kaupa ekkert-dagur“ en henni tókst að eyða yfir hundrað þúsund krónum einmitt þann

dag. „Það var frekar skondin tímasetning en Ikea var oft og iðulega heimsótt á þessu tímabili og naut viðskipta minna. Ég vildi frekar kaupa ódýr húsgögn og eiga þá einhvern pening eftir fyrir hestana mína og ferðalög frekar en að eyða öllu í húsgögn og því segi ég stundum að íbúðin mín sé eins og bás í Ikea,“ segir Guðrún kímín.

Tíkin Beta er mikið gæludýr og nýtur þess að lúra í sófanum hjá Guðrúnu. „Hún kemur ekki óþóðin en hins vegar er hún svolítil prinsessa og fær yfirleitt að vera í sófanum. Hún á teppi sem hún liggur á,“ segir Guðrún glettin. Ljóst er að Beta litla hefur töluverð áhrif þar sem hún var Guðrúnu ofarlega í huga við val á íbúðinni. „Ég leitaði að íbúð í tvö ár sem væri með sér inngangi og garði fyrir Betu og hæfði mínum fjárhag. Síðan datt þessi íbúð upp í hendurnar á mér og það var ágætis bónus að hún var líka glæný og ég fann strax að hún hentaði mér,“ segir Guðrún sem nýtur sín með Betu í nýrri íbúð með nýja búslóð.

hrefna@frettabladid.is

MÁLASKÓLINN
LINGVA

Fjárfestu í tungumálum!

Lifandi tungumálakennsla

.....
í ítölsku, spænsku, ensku
og fleiri heimsmálum.

Litlir hópar og færir kennarar

Við erum við símann núna!

..... Málaskólinn LINGVA

sími 561-0315, www.lingva.is



Roberto, ítalska



Sara, danska



Janice, enska



Hoda, arabíska



Jóhanna, íslenska



Chiharu, japanska



Ásdís, spænska



Marretti



Hágæða ítölsk vara



Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.

B. Haraldsson

s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is

Klaus Haapaniemi

ÍBURÐARMIKIÐ IITTALA

Finnski borðbúnaðarframleiðandinn littala kynnti í fyrra Taika-línuna sem einkennist af íburðarmiklu skrauti. Þetta er töluverð breyting frá stílhreinum línunum sem hafa verið ráðandi í hönnun littala. Munstrin eru eftir Klaus Haapaniemi sem hefur unnið með fjölda áhugaverðra fyrirtækja. Hann hefur m.a. gert áprentanir og munstur fyrir Diesel, Levi's, Marimekko, Dolce & Gabbana, Cacharel og Bela's Dead. Haapaniemi er því risandi stjarna innan hönnunargeirans. - hs



Sigrún Hrefna Lýðsdóttir hefur unnið mörg hreyfilistaverk fyrir tónleika og langaði til að gera listina aðgengilega.

FRÉTTABLAÐIÐ VÖLUNDUR

Skrautlegt á skjánum

Sigrún Hrefna Lýðsdóttir breytir sjónvarpinu í listaverk með mynddisknum Eyelove.

Fyrir skömmu kom út fyrsti mynddiskurinn Eyelove Iceland. Á bak við þetta augnakonfekt er íslenska vídeolistakonan Sigrún Hrefna Lýðsdóttir sem kallar hreyfilistaverk sín skjáskraut.

Diskurinn inniheldur sex hreyfilistaverk þar sem íslensk menning og náttúra eru í fyrirrúmi. „Þetta eru ljósmyndir og myndbönd sem ég tek og hef síðan þróað og formað í tölvu. Á disknum eru meðal annars myndir úr íslenskum réttum, þar sem lopapeysan og miðbær Reykjavíkur koma einnig við sögu. Þetta efni er stílað inn á ferðamenn og Íslendinga, en næsti diskur frá mér verður meira almennt skjáskraut,“ segir Sigrún, sem nam list-

viðburðahönnun við breska listaháskólann LIPA, sem kenndur er við bítillinn Paul McCartney. „Ég byrjaði að nota vídeó í sviðsmyndir á tónleikum og upp úr því langaði mig að gera hreyfilist aðgengilega sem flestum og þá kom hugmyndin að Eyelove-verkefninu og mynddisknum.“

Sigrún vinnur nú að næsta disk í röðinni auk þess að gera innsetningar og tónleika. Meðal annars hefur hún unnið með hljómsveitinni GusGus og sveit Svölu Björgvinsdóttur, Steed Lord. „Á tónleikum má segja að ég klippi myndefni við lifandi tónlist, en síðan hef ég einnig gert innsetningar og get þar nefnt Jolene þar sem er í eigu Íslendinga í Kaupmannahöfn,“ segir Sigrún sem vinnur einnig

verk í samstarfi við breskan kærasta sinn. „Tom Goulden, kærastinn minn, er graffitilistamaður og ég hef unnið ýmis verkefni með honum þar sem ég varpa lifandi myndum á vegg sem hann hefur skreytt.“



Eyelove-diskurinn inniheldur þægilega tónlist sem var valin var í samstarfi við 12 Tóna að sögn Sigrúnar. Þar er að finna tónlistarmenn á borð við Ólöfu Arnalds, Jóhann Jóhannsson, Skúla Sverrisson, Evil Madness, Apparat Organ Quartet, Paul Lydon og Hamlette. „Skrautið getur notið sín bæði með eða án tónlistar og er tilvalið fyrir partí, matarboð eða fyrir kósíkvöld heima,“ segir Sigrún. Sjá eyeloveco.com

rh@frettabladid.is

Tré **STIGAR** **Stál**

Einnig: Innihurðir, Harmonikkuhurðir, Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti, Gólflistar og margt fleira

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Vönduð vara og hagstætt verð..... **Ryðfrítt**

Gler



Njóttu rólegheitanna



Spáðu í það nýjasta í hönnun innréttinga hjá okkur á þægilegum tíma eftir amstur dagsins.

Veldu þann tíma sem þér hentar best – opið til kl. 21:00 á fimmtudögum.

HANÁK

blum

espera

HORN

ANDROMEDA

heimilið
í heild

■ Síðumúla 35 · 108 Reykjavík
Sími 517 0200

www.heild.is



NÁMSKEIÐ Á Á VORÖNN 2008

Tungumál

10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Kennt er í byrjenda-
framhalds- og
talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
PÝSKA

ÍSLENSKA
fyrir útlendinga
ICELANDIC
for foreigners

Nauka jezyka
islanckiego dla
obcokrajowcow

9 vikna námskeið
50 kennslustundir
Kennt er í byrjenda
og
framhaldsflokkum.
Ísl. I, Ísl. II, Ísl. III, Ísl.
IV, Ísl. V.

Verklegar greinar

FRÍSTUNDAMÁLUN
GLERBRENNSLA
LOPAPEYSPRÍJÓN
SKRAUTRITUN
TRÉSMÍÐI
ÚTSKURÐUR

Garðyrkjunámskeið

GARÐURINN ALLT ÁRIÐ
TRJÁKLIPPINGAR
TRJÁRÆKT Í SUMAR-
BÚSTAÐALANDINU

Saumanámskeið

AÐ BREYTA FÓTUM
OG ENDURSAUMA
CRAZY QUILT
ÞJÓÐBÚNINGUR
SAUMAÐUR
SKRAUTSAUMUR
Baldering
Skattering

Tölvunámskeið

FINGRASETNING
TÖLVUGRUNNUR
TÖLVUGRUNNUR II

Matreiðslunám

skeið
GÓMSÆTIR
BAUNA – PASTA –
OG GRÆNMETISRÉTTIR
GÓMSÆTIR HOLLIR
SUDRÆNIR RÉTTIR FRÁ
MIÐJARÐARHAFS-
LÖNDUNUM
HRÁFÆÐI
MATARMIKLAR SÚPUR
OG
HEIMABAKAÐ BRAUÐ
MATARGERÐ
FYRIR KARLMENN I
Grunnnámskeið
MATARGERÐ
FYRIR KARLMENN II
Framhaldsnámskeið

**Fleiri spennandi
námskeið í boði!**

Innritun í síma 564 1507

Útivistarsvæði í nágrenni Reykjavíkur óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Helstu verkefni eru að elda mat fyrir starfsmenn svæðisins, veitingasala, almenn þrif og önnur tilfallandi störf. Um 100% starf er að ræða. Einungis er unnið yfir vetrartímann. Leitað er að sjálfstæðum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af matreiðslu. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Endurmenntun - umsjón með veitingum 565266

Endurmenntun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða til sín jákvæðan og röskan einstakling. Vinnutími er virka daga frá kl. 8:00/9:00-16:00/17:00. Í starfinu felst að hafa umsjón með veitingum fyrir nemendur Endurmenntunar, ásamt léttum þrifum. Leitað er að snyrtilegum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og hefur góða yfirsýn. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Verkstæðisvinna hjá Björgun 565260

Fyrirtækið Björgun er frumkvöðull að byggingu bryggju- og strandhverfa hér á landi auk þess að dæla jarðefnum upp af hafsbotni m.a. til frekari vinnslu í landi. Fyrirtækið óskar eftir að ráða járníðnaðarmann á verkstæði. Vinnutími er mánudaga - fimmtudaga frá kl. 7:30-18:00 og föstudaga frá kl. 7:30-16:00 með möguleika á yfirvinnu. Leitað er að hraustum, jákvæðum og áreiðanlegum einstaklingi.

Vöruhús 565251

Traust þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í vöruhús sitt á svæði 104 í Reykjavík. Í starfinu felst vörumóttaka, tiltekt og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Möguleiki er að vinna sig upp í starfi. Leitað er að þjónustulunduðum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa góða almenna tölvuþekkingu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og laugardaga eftir samkomulagi. Einnig er í boði vaktavinna. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Starfsmaður í framleiðslu 565298

Promens Tempra ehf. leitar að nýjum liðsmanni til að starfa í hópi starfsmanna í framleiðslu. Meginframleiðsla Promens Tempru ehf. er húsaeinangrun og umbúðir úr EPS (frauðplast). Leitað er að samviskusömum, stundvísnum og ábyrgum einstaklingi til starfa. Fyrirtækið sér starfsmönnum fyrir hádegisverði. Unnið er á vöktum alla virka daga og skiptast vaktir þannig að unnið er eina viku frá kl. 08:00-16:00 en hina vikuna frá kl. 16:00-02:00 mánudaga - fimmtudaga og frí á föstudögum. Ráðið verður í starfið strax.

Veislur - fundir - undirbúningur 565230

Félagasamtök óska eftir að ráða til sín jákvæðan og duglegan einstakling í eldhús. Starfið felur í sér að taka til veitingar fyrir fundi og ráðstefnur, bakstur, þrif og annan frágang. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-14:00. Einungis er unnið frá 15. september til 15. maí og frí yfir sumarið. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af starfi í mótuneyti.

Uppsetning á plakötum o.fl. 565307

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í útideild. Í starfinu felst að setja upp auglýsingar í skýli, sjá um þrif og létt viðhald á þeim og annað sem til fellur. Viðkomandi fær bíl frá fyrirtækinu og þarf að vera á ferðinni um höfuðborgarsvæðið. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:30-16:00.

Matreiðsla - hlutastarf 565269

Útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins óskar eftir starfsmanni í hlutastarf. Starfið felst í að matreiða fyrir starfsmenn svæðisins, innkaup og önnur tilfallandi störf. Leitað er að sjálfstæðum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Kostur ef viðkomandi hefur einhverja reynslu af matreiðslu. Vinnutími er frá kl. 10:00-15:00. Einungis er unnið yfir vetrartímann. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Aðstoðarveitingastjóri 565299

American Style óskar eftir aðstoðarveitingastjóra til starfa. Aðstoðarveitingastjóri er yfirmaður á staðnum og einnig virkur starfsmaður í afgreiðslu og þjónustu. Í starfinu felst m.a. að sjá um að manna vaktir, skipuleggja matar- og kaffipásur, þrif og uppgjör. Unnið er á vöktum, 2 daga aðra vikuna og 5 daga hina. Leitað er að einstaklingi sem er duglegur, getur unnið undir álagi, er þjónustulundaður og heilsuhraustur.

Ertu eldri en 65 ára og viltu vinna? 565238

Bílaumboð óskar eftir að ráða til sín starfsmann eldri en 65 ára, sem verktaka í tímavinnu frá klukkan 16:00-18:30 alla virka daga. Í starfinu felst að raða bílum á planinu samkv. ákveðnu skipulagi. Einnig þarf viðkomandi að huga að fánnum utanhúss og að planið sé snyrtilegt. Mögulegt er að það þurfi að vinna að auki á morgnana frá kl. 7:30-9:00 - fjórar fyrstu vikurnar í starfi.

Starfsmaður í tæknideild 565242

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem selur, setur upp og sér um viðhald á öllum öryggislausnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki, óskar eftir starfsmanni í tæknideild. Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi á öryggisbúnaði ásamt tilfallandi störfum. Leitað er að nákvæmum einstaklingi sem er menntaður rafvirki/rafeindarvirki eða er nemi í rafeindavirkjun og vill starfa hjá fyrirtæki sem hefur vandvirkni og fagmennsku að leiðarljósi.

Starfsmaður á lager 565297

Heilsa ehf. óskar eftir starfsmanni á lager. Í starfinu felst móttaka á vörum, frágangur í hillur, að taka niður pantanir í síma, tiltekt, uppröðun og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Leitað er að hressum, jákvæðum og vandvirkum starfsmanni sem er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og búa yfir frumkvæði. Kostur að hafa reynslu af starfi á lager eða í verslun. Vinnutími er virka daga frá kl. 8:00-16:00/17:00 með möguleika á yfirvinnu. Um er að ræða framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Blóma- og gjafavöruverslun í Grafarholti 565287

Starfsmaður óskast í blóma- og gjafavöruverslun. Starfið felur í sér afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini og önnur tilfallandi störf. Leitað er að snyrtilegum og sjálfstæðum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi.

Lager – RV 565268

Rekstrarvörur óska eftir að ráða morgunhressan og samviskusaman einstakling á lager RV. Í starfinu felst tiltekt á vörum, umhirða á lager og önnur skyld lagerstörf. Lyftarapróf er æskilegt. Um framtíðarstarf er að ræða með góðri liðsheild. Mötuneyti er á staðnum.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAHJÁ VINNA.IS



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Frumgreinanám við Háskólasetun Vestfjarða

Á mánudaginn hófst kennsla í frumgreinanámi við Háskólasetun Vestfjarða. Þetta er í fyrsta sinn sem full kennsla fer fram við Háskólasetrið, en nemendur í frumgreinanámi munu útskrifast frá Háskólasetri Vestfjarða.

Námið er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, en frumgreinanámið er sama frumgreinanám og kennt er við þann skóla þó öll framkvæmd námsins á Vestfjörðum sé í höndum Háskólasetursins, kennslan, umsjónin og allt annað sem fylgir.

Ráðnir hafa verið stundakennarar við Háskólasetrið sem sjá um kennslu í frumgreinanáminu. Kennararnir eru eftirfarandi: Albertína Elíasdóttir, Anna Guðrún Edvardsdóttir, Gunnar Pétur Garðarsson, Margrét Högnadóttir og Sólrún Geirsdóttir. En fram kemur að forsvarsmenn námsins eru mjög ánægðir með ráðningu fyrstu kennara við Háskólasetun Vestfjarða.

Frumgreinanám Háskólasetursins er einnig í boði í fjarnámi innan Vestfjarða og eru nemendur á Vestfjörðum alls tuttugu og tveir, ýmist í fjarnámi eða staðarnámi. Hluti af samningnum við Háskólann í Reykjavík hljóðar upp á að nemendur



SPENNANDI TÍMAR Háskólasetun Vestfjarða býður í fyrsta sinn frumgreinanám sem er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

við frumgreinasvið skólans sem eru að hefja nám á fyrstu önnununu verða í fjarnámi hjá Háskólasetri Vestfjarða fyrstu önn

námsins þar sem Háskólinn í Reykjavík hefur ekki boðið upp á fyrstu önn námsins síðan árið 2004. Það eru því nú á vorönn

2008 samtals 40 nemendur sem stunda frumgreinanám við Háskólasetun Vestfjarða, 22 á Vestfjörðum og 18 í Reykjavík.

Hannað hefur verið Námsnet Háskólaseturs Vestfjarða, en það er byggt á námsumsjónarkerfi sem heitir MySchool og er hannað af Jóhannesi Steingrímssyni hjá Stúdíu ehf. Námsnetið er notað fyrir fjarkennsluna en einnig geta staðarnemendur nýtt sér það og haldið þar utan um allt sitt nám. Námsnetið kemur síðan til með að verða notað við allt nám sem kemur til með að verða kennt við Háskólasetrið.

Fjarnemendur mættu til Ísafjarðar um síðustu helgi, til að hitta kennarana sína á Ísafirði og komast af stað í náminu. Helgin tókst mjög vel og almenn ánægja var meðal fjarnema með mót-tökur á Ísafirði. Staðarnemendur hófu síðan sitt nám á mánudagsmorgun.

Þróun Háskólaseturs Vestfjarða heldur því jafnt og þétt áfram og verður ekki staðar numið hér því næstkomandi haust mun fara af stað nám á meistara-stigi í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Því eru spennandi tímar framundan hjá setrinu og mikil gróska í háskólamálum á Vestfjörðum. Nánari upplýsingar um Háskólasetun Vestfjarða má finna á www.hsvest.is



TÝNDU AUGUN Sigrún Eldjárn tekur þátt í sýningunni.

Síðasta helgin í Gerðubergi

Þetta vilja börnin sjá! er sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum 2007 sem staðið hefur yfir síðan í lok nóvember í Gerðubergi.

Þar er meðal annars að sjá málverkasýningu Togga, landslagsmyndir Þorgríms Kristmundssonar alþýðulistamanns, Einn og átta, Sýning Sunnu Emanúelsdóttur alþýðulistakonun á handgerðum jólasveinum, Grýlu og Leppalúða og Allt í plati! Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn sem verður framleidd til 24. febrúar næstkomandi. Yfir 1000 skólabörn hafa heimsótt Gerðuberg síðan í lok nóvember til að sjá sýningarnar.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá miðstöðinni var stærsti hópurinn 8 ára skólabörn sem var boðið að taka þátt í sérstakri dagskrá þar sem þau skoðuðu sýningarnar og tóku þátt í ratleik og spurningakeppni á Borgarbókasafninu sem tengdist að sjálfsögðu sögupersónum íslenskra barnabókmennta.

Þar kemur einnig fram að sýningin Allt í plati! hafi vakið alveg sérstaka lukku meðal sýningargesta enda sjaldan sem boðið hefur verið upp á sýningu af þessu tagi á Íslandi, þar sem gestum er boðið inn í tilbúna veröld sögupersóna sem eru löngu orðnar landsþekktar. Tuttugu íslenskir myndskreytar taka þátt í sýningunni Þetta vilja börnin sjá! Að þessu sinni og mun sýningin verða sett upp á fleiri stöðum á landinu á þessu ári.

Sjá nánar á: www.gerduberg.is

LITLI BRÓÐIR RANGE ROVER ER BÍLL ÁRSINS 2008



NÝR FREELANDER 2 SPORT kr. 4.770.000
TIL Í ALLT

INNIFALIÐ Í NÝJUM FREELANDER 2 SPORT: Leðurinnrétting, hiti í sætum, rafmagn í framsætum, leðurstýri, sjálfvirk loftkæling fyrir ökumann og farþega, aðgerðarstýri með skriðstillir, regnskynjari, 755 ltr farangursrými, CD spillari, 6 þrepa sjálfskipting, Terrain Response™ aldrifskerfi, 5 stjörnur frá NCAP, 7 loftpúðar, aftengjanlegur loftpúði fyrir farþegasæti og 17" álfelgur. Turbo Dísel 2,2 ltr vél 160 hö. með 400 Nm tog, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 8.5 ltr/100 km. Þriggja ára ábyrgð. Verð kr. 4.770.000



Með bílinn handa þér



GO BEYOND

BBL • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is

Vasta hux'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!



Viltu sei'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

Frönsk kvikmyndahátíð



græna ljósið www.graenajosid.is www.af.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Matarvenjur kynslóða

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SAKNAR EPLAJÓGA



Nú til dags borðar unga fólk þó bara pitsur. Nei, svo sem ekki bara, unga fólk þó borðar líka hráan fisk að japönskum sið, tailenskar núðlur og hvað sem er sem inniheldur kóríander. Svo virðist sem þær uppskriftir eigi helst upp á pallborðið sem eru lengst að komnar. Mataræði þjóðarinnar hefur breyst afskaplega hratt á þessari gervihnattaöld. Fyrir aðeins tuttugu árum voru pitsur og annar skynbitamatatur tiltölulega nýr af nálinni hér á landi og kóríander var aðeins orðrómur sem barst frá framandi löndum. Kjarngóður matur eins og kjötbollur í brúnni sósu og soðin

ýsa sáust oftast á diskum landsmanna og kók var drukkið um helgar. Af er það sem áður var.

Það er þó ekki nokkur ástæða til þess að gráta þessi saklausu ár, áður en kóríanderið hóf sápuvatnsbragðandi innreið sína í íslenska potta og pönnur. Við höfum litlu tapað en mikið grætt; fjölbreytni hráefnisins sem er á boðstólum í stórmörkuðum og sérvörverslunum er nánast yfirþyrmandi og internetið býður okkur uppskriftir frá öllum heimshornum okkur að kostnaðarlausu. Heimurinn er okkar til áts.

Og þó. Ein er matvaran sem virðist horfin fyrir fullt og allt og eftir sitja kynslóðir fullorðinna og gráta ofan í grautinn sinn. Á sínum tíma

áttum við nefnilega í eldheitu ástarsambandi við mysudrykki. Þeir voru bragðgóðir og hressandi og nutu talsverðra vinsælda á leikskólum landsins og hugsanlega víðar. En svo hurfu þeir skyndilega úr hillum verslananna án minnst aðvörunnar eða útskýringar. Alsaklaus og þyrst íslensk börn áttu engra annarra kosta vöð en þamba kókömjólk og Svala linnulaust öll sín grunnskólaár, ávallt meðvituð um að einu sinni, í óljóstri þöku fortíðar, drukku þau eitthvað annað. Eitthvað betra. Í dag hámar þetta fólk í sig framandi rétti í órvæntingafullri leit að þessu góða bragði frumberskunnar. Þó vita þau öll innst inni að Eplajógi tilheyrir eilífðinni.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þjóðernisvitund og mál

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Asíusetur Íslands standa í dag fyrir áhugaverðum fyrirlestri um tengsl tungumáls og þjóðernisvitundar. Dr. Mirja Juntunen segir frá rannsóknnum sínum á pólitískri málstefnu Kurmi-þjóðflokksins sem býr í héruðunum Jharkand, Vestur-Bengal og Orissa á Indlandi.

Á undanförunum árum hefur samfélag Kurmi-þjóðflokksins lagt aukna áherslu á að endurverkja þjóðernisvitund sína með það fyrir augum að styrkja efnahagslega, pólitíska, félagslega og lagalega stöðu sína. Tungumál þeirra, kurmali, hefur þar gegnt lykilhlutverki og hafa þeir haldið uppi öflugri málstefnu til að vernda sína tungu og þjóðar-einkenni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS Fyrirlestur Mirja Juntunen fer fram í aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Kurmi-þjóðflokkurinn telst vera ein elsta landbúnaðarstéttin á Indlandi. Sumir hafa jafnvel talið þá vera afkomendur fyrstu arísku landnemanna þar sem útlit þeirra þykir benda til þess.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opin. Hann hefst kl. 12 í stofu 111 í aðalbyggingu Háskóla Íslands. -vp

Bókmenntasjóðsstjóri

Stjórn Bókmenntasjóðs hefur ráðið Njörð Sigurjónsson, lektor við Háskólann á Bifröst, sem framkvæmdastjóra sjóðsins. Bókmenntasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 91/2007 og tók til starfa um mitt ár 2007. Bókmenntasjóður tekur yfir hlutverk bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs sem voru þá lagðir niður samkvæmt tillögum menntamálaráðherra. Þeir áttu sér langa forsögu, allt aftur til þess tíma að menningarsjóður var settur á stofn að frumkvæði Jónasar Jónssonar frá Hríflu. Var Menningarsjóður um langt árabil ríkisrekin bókaútgáfa. Bókmenntakynningarsjóður átti upphaf sitt í kynningarstarfi innan skólakerfisins á vegum menntamálaráðuneytis í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra á viðreisnarárunum. Þýðingarsjóður var yngstur þessara sjóða.

Nítján umsækjendur voru um stöðu framkvæmdastjóra Bókmenntasjóðs. Hlutverk Bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir, þýðingar á erlendum ritum á íslensku, íslenska bókmenningu og bókaútgáfu og stuðla að útbreiðslu og kynningu íslenskra bókmennta erlendis. Nánari upplýsingar um starfsemi sjóðsins verður að finna á heimasíðu hans, bok.is, þar á meðal um tilhögun styrkveitinga, umsóknarfrest, eyðublöð og fleira. Stjórn Bókmenntasjóðs er skipuð til þriggja ára í senn og leggur hún fram tillögu til menntamálaráðherra um stefnu sjóðsins á starfstíma sínum en stjórnin er skipuð af ráðherra eftir tilnefningu hagsmunaaðila. Í henni sitja Gunnar B. Dungal kaupsýslumaður (formaður), Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur (varaformaður) Halldóra Jónsdóttir, Kristján B. Jónasson formaður Félags bókaútgefenda og Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur og þýðandi.

Stjórn sjóðsins telur Njörð vel til þess fallinn að leiða þá vinnu sem framundan er við skipulag og stefnumótun málefna Bókmenntasjóðs. Njörður hefur BA-gráðu í heimspeki og MSc í alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands og lýkur doktorsnámi í menningarstjórnun og stefnumótun frá City University í Lundúnum nú í vor. Njörður hefur starf að við kennslu í meistaranámi í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst undanfarin ár en þar áður var hann kynningarfulltrúi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Njörður hefur mikla þekkingu og reynslu af markaðs- og kynning-



BÓKMENNTIR Njörður Sigurjónsson, nýr framkvæmdastjóri sameinaðs Bókmenntasjóðs ríkisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDVUNN

arstarfi og hefur sinnt ráðgjöf við stefnumótun menningarstofnana meðfram rannsóknnum á fagurfræði og stjórnun.

Skrifstofa Bókmenntasjóðs er á Hallveigarstíg 14 í Reykjavík. Sambærilegar stofnanir í nálægum löndum reka umfangsmiklar vefsíður þar sem kynnt eru ný bókmenntaverk af ýmsu tagi, auk þýðinga á fleiri en einu máli. Á síðasta ári var Bókmenntasjóður með 37 milljónir milli handanna til að styrkja útgáfu bókverka. Sýnt þykir að eigi sjóðurinn að standa undir þeim ætlunarverkum sem tilgreind eru í lögum þarf að auka fé til hans. pbb@frettabladid.is

Raunveruleikaping Ólafs

Það hefur vart farið fram hjá nokkrum einasta íslendingi að listamaðurinn Ólafur Elíasson á gríðarlegri velgengi að fagna í samtímalistaheiminum og á sér aðdáendur um víða veröld. Reglulega berast okkur fréttir af því að hann hafi verið fenginn til þess að skapa verk inn í ólíklegustu rými, og bætist hér við ein slík.

Samkvæmt vef tímaritinu Artdaily.org hefur Ólafur verið fenginn til þess að hanna verk sem sett verður upp á skólalóð Bard-háskólans í New York-ríki í Bandaríkjunum. Verkið verður þar með fyrsta varanlega útlitaverkið eftir Ólaf vestan hafs.

Verkið nýja kallast á ensku The Parliament of Reality, sem á íslensku gæti útlagst Raunveruleikapingið. Ólafur er vel þekktur fyrir að notast við náttúruleg fyrirbæri svo sem vatn, ljós og rými til þess að skapa sterk hughrif hjá áhorfendum og virðist sem Raunveruleikapingið haldi í þá hefð. Þingið hvetur þó heldur meir til þátttöku en mörg önnur verk Ólafs, enda er það hugsað sem svæði þar sem skoðanaskipti eiga sér stað fremur en listaverk sem horft er á úr fjarlægð.

Artdaily.org lýsir verkinu sem hringlaga tjörn umkringdri trjám. Í miðri tjörninni er hringlaga eyja sem komast má á með því að ganga inn skrautleg lokuð stálgöng sem virðast breytast og hreyfast þegar gengið er um þau. Á eyjunni má finna stóra steina sem ráðað hefur verið umhverfis miðpunktinn og



RAUNVERULEIKAPINGIÐ Tölvuunnin mynd sem sýnir hluta áætlaðs verks Ólafs Elíassonar.

gera eyjargestum kleift að fá sér sæti og ræða málin. Ólafur segir sjálfur að verkið sé hugsað sem staður fyrir nemendur og kennara skólans til að hittast og slaka á, ræða málin eða jafnvel rifast hástöfum. Enn fremur segir hann að verkinu sé ætlað að varpa ljósi á mikilvægi umræðna og samskipta í öllu námi þar sem gagnrýnin hugsun er óumdeilanleg rót allrar vísku. Verkið er liður í áætlun Bard-háskólans um aukið vægi samtímalistar á skólasvæðinu. Fyrsta skrefið í þá áttina var tekið árið 2006 þegar skólinn stofnaði sérlegt listasafn, en gert er ráð fyrir að fleiri listaverk bættist við verk Ólafs á skólasvæðinu á komandi árum.

Framkvæmdir við Raunveruleikapingið hefjast í marsmánuði og vonast er til að það verði fullklárað og reiðubúið til notkunar í byrjun júlí.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar er 1,2 milljónir Bandaríkjadala.

vigdis@frettabladid.is

Afmælisbækur

Í tilefni af 180 ára starfsafmæli Amtsbókasafnsins á Akureyri í fyrra stendur þar nú yfir sýning á 180 bókum úr eigu safnsins.

Á sýningunni má sjá eina bók frá hverju starfsári safnsins, frá árunum 1827-2007, og var reynt að velja bækurnar með tilliti til þess að þær bæru með sér tíðaranda síns tíma. Segja mætti að sýningin sé því eins konar ferðalag um tímann sem sýnir glögglega hve bókaútgáfa hefur náð að vaxa og dafna hér á landi á þessum 180 árum.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma safnsins og stendur til janúarloka.

-vp

Samkeppni um hús Listaháskóla Íslands í miðborg Reykjavíkur

Listaháskóli Íslands og Samson Properties ehf. í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og menntamálaráðuneyti bjóða til samkeppni um hönnun á húsi Listaháskóla Íslands.

Samkeppnin er tveggja þrepa framkvæmdakeppni og er opin öllum þeim sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar.

Í fyrra þrepi er fyrst og fremst lýst eftir grundvallarhugmyndum til lausnar á verkefninu. Valdri þátttakendur þróa hugmyndir sínar áfram í síðara þrepi. Framkvæmdverksins verður í beinu framhaldi samkeppninnar.

Keppnislýsing verður afhent frá og með 16. janúar 2008 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands Engjateig 9, 2. hæð, 105 Reykjavík, kl. 9.00 til 13.00 virka daga. Einnig verður hægt að nálgast keppnislýsingu á www.ai.is.

Keppendur skrá sig til þátttöku á skrifstofu Arkitektafélags Íslands frá og með sama degi. Gegn greiðslu skráningargjalds fæst aðgangur að vefsvæði með keppnisgögnum.

Skilafrestur í fyrra þrepi er til 17. mars 2008

ORÐIN MAMMA

Barnalánið hjá stjórnunum tekur engan enda. Leikkonan Toni Collette eignaðist sitt fyrsta barn í Sydney í síðustu viku. Litla stúlkan hefur hlotið nafnið Sage Florence.

fólk

folk@frettabladid.is



McCartney fær einkaspæjara á sig

Hafi menn haldið að öldurnar hafi lægt í kringum Sir Paul McCartney og Heather Mills þá skjátlást þeim hrappallega. Samkvæmt News of the World virðist Paul þó meira í mun að grafa stríðsöxina, en Mills vill ólm koma höggi á fyrrverandi eiginmann sinn. Blaðið greinir nefnilega frá því að Paul hafi sent fyrrverandi eiginkonu sinni fokdýra afmælisgjöf, Cartier-úr og glæsilegt gjafakort og á kortinu stóð: „Vonandi átt þú frábæran dag, vona að við getum verið vinir, þrátt fyrir allt.“

Í VONDU SKAPI Mills réð í staðinn einkaspæjara til að grafa upp drykkjuvenjur sir Paul.

En Mills, sem ekki hefur átt sjö dagana sæla í bresku pressunni, er hins vegar sögð vera í allt öðrum hugleiðingum. Hún mun nefnilega hafa fengið til liðs við sig fyrrverandi sérsvaitarmann úr breska hernum og gamlan starfsmann MI5 sem eiga að grafa upp eitthvað gruggugt um Paul og sýna þannig fram á að bak við hið barnlega andlit Bítillsins sé vondur maður. Vonast Mills til að komast í feitt enda hefur hún haldið því fram að McCartney eigi erfitt með að umgangast Bakkus og

eigi það jafnvel til að vera eilítið kenndur um miðjan dag.

Lokabarátta hjónakornanna fyrrverandi fer fram í næsta mánuði en þá verður ákveðið hversu stóran hluta Mills fær af auðæfum Pauls. Talið er að Mills gæti átt erfitt uppdráttar eftir fremur harðneskjuleg orð í garð McCartneys í sjónvarpsviðtölum og því hyggst fyrrverandi láta sverfa til stáls með þessum hætti.

Í AFMÆLISSKAPI Sir Paul McCartney sendi fyrrverandi eiginkonu sinni fokdýra afmælisgjöf.



Safnar liði fyrir Vísindakirkju

Will Smith er hallur undir Vísindakirkjunna. Samkvæmt heimildarmanni New York Daily News sannaðist þetta í partí sem haldið var þegar tókum á myndinni Hancock lauk. „Stórstjórnur gefa yfirleitt öllum í tókuliðinu gjafir í lokapartíinu. Gjöfin sem hann gaf eftir að hafa lokið tókum á gamanmynd næsta sumars, Hancock, var ókeypis persónuleikapróf hjá Vísindakirkjumíðstöð í nágrenninu,“ segir heimildarmaðurinn. „Þessi próf eru ókeypis hvort sem er. Þau eru hönnuð til að fá fólk til að ganga til liðs við kirkjuna með því að benda á galla í persónuleika þess sem Vísindakirkjan getur svo lagað,“ útskýrir hann.

Í síðasta mánuði hélt leikarinn því hins vegar fram að hann tryði ekki á skipulögð trúar-

brögð. „Ég elska minn Guð, mitt æðsta afl, en það er mitt og bara mitt. Ég stúdera heimstrúarbrögðin. Ég var alinn upp á baptista-heimili, ég gekk í kaþólskan skóla. Hugmyndirnar í Biblíunni eru 98% þær sömu og í Vísindakirkjunni, og 98% þær sömu og í hindúatrú og búddatrú,“ segir leikarinn, en Vísindakirkjuhjúin Tom Cruise og Katie Holmes eru á meðal bestu vina þeirra hjóna. „Hvernig get ég fordæmt einhvern fyrir trú hans, þegar ég trúi á jómfrúfæðinguna?“ sagði leikarinn.

GAF PERSÓNULEIKAPRÓF Will Smith gaf samstarfsmönnum sínum ókeypis persónuleikapróf hjá Vísindakirkjunni þegar tókum lauk á myndinni Hancock. Eiginkona hans aðhyllist trú Vísindakirkjunnar.



Andleg Britney

Bresku götublöðin News of the World og Daily Star héldu því fram í gær að söngkonan Britney Spears væri í hjónabandshugleiðingum en með ólíkum hætti þó.

Daily Star greindi frá því í gær að Britney og Ghalib hygðust ganga í það heilaga að hætti Vísindakirkjunnar. Og Britney vildi þannig nálgast lífsstíl stórstjarna á borð við Will Smith og hjónakornin Tom Cruise og Katie Holmes. Daily Star hafði eftir vinum úr innsta hring söngkonunnar að hún væri jafnvel búin að láta verða af hjónavígslunni eftir að hún flaug með Ghalib til Las Vegas á einkaþotu sinni, klædd í hvítan kjól sem óeitanlega minnti á brúðarkjól. Að sögn Daily Star var það Britney sem skellti sér á hnén á sólarströnd í Mexíkó nýverið en vinir hennar telja að með þessari hegðan sinni hafi hún endanlega sannað hversu lítil tók hún hefur á tilveru sinni. Samkvæmt Daily Star á áhugi Britney á Vísindakirkjunni að hafa kviknað eftir að Dr. Phil reyndi að hressa söngkonuna ungu við en sértrúarsöfnuðurinn umdeildi gefur lítið fyrir sálfræði og hvers kyns heilakrukk. Og þótt News of the World spái því að Britney og Ghalib muni brátt jástast hvort öðru, líkt og Daily Star, þá telur blaðið sig hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að söngkonan muni taka upp trú eiginmannsins, íslam. Blaðið hefur jafnframt eftir vinum Ghalibs að þetta sé allt eitt ráðabrug og að hann sé einungis á höttunum eftir frægð, frama og kannski helst peningum. Ghalib er samkvæmt News of the World talinn ætla að selja nektarmyndir af Britney til hæstbjóðanda og þegar honum hefur verið sparkað þá ætlar hann sér að græða milljónir á því að segja sína sögu af villtum kyn-



Í HJÓNABANDSHUGLEIÐINGUM Britney Spears er sögð vera á leið í hjónaband. En hvort það verður að hætti íslam eða Vísindakirkjunnar er á reiki.

lífsleikjum og lífinu með Spears. Stóri dagurinn er hins vegar í dag hjá Britney en þá mun dómari í forræðisdeilu hennar og Kevins Federline ákveða hvort hún sé hæf til að sjá um syni sína tvo. Samkvæmt News of the World mun Federline ætla að berjast fyrir því með kjafti og klóm að söngkonan komi ekki nálægt þeim eins og málin standa um þessar mundir. Enda sé Britney ekki einu sinni fær um að sjá um sjálfa sig.

Josh rétti maðurinn

Söngkonan Rihanna segir að samband hennar og leikarans Josh Hartnett sé „algjörlega rétt“. Párið hittist í New York í október, og fljótlega komust sögusagnir á kreik þess efnis að þau væru að draga sig saman. Bæði Rihanna og Hartnett neituðu því staðfestlega, en nú segist leikkonan hafa vitað að þau væru „gerð fyrir hvort annað“ þegar þau hittust fyrst.

„Það er gott að vera vinir fyrst. Mér finnst ekkert svo erfitt að tala við stráka – ég á fullt af strákavinum. Það hjálpar að eiga eitthvað sameiginlegt, en ef einhver er réttur fyrir þig veistu það bara. Þegar ég er með Josh finnst mér það rétt. Hann er yndislegur,“ segir söngkonan, sem sagði jafnframt að hún hefði lent í ástarsorg átján ára gömul. „Það er aldrei auðvelt að komast yfir það, en þú veist, maður þarf bara að halda áfram,“ segir hún. Rihanna er nítján ára gömul, en Hartnett er 29 ára að aldri.



ALGJÖRLEGA RÉTT Hin margverðlaunaða söngkona Rihanna segir að samband hennar og leikarans Josh Hartnett sé „algjörlega rétt“. NORDICPHOTOS/GETTY

SKYNDI- HJÁLPAR- MAÐUR



Rauði kross Íslands auglýsir eftir ábendingum um einstakling sem hefur á árinu 2007 bjargað mannlífi með réttum viðbrögðum í skyndihjálpar.

ÁRSINS 2007



Ábendingar skulu berast Rauða krossi Íslands fyrir 15. janúar. Viðurkenningar verða veittar þann 11. febrúar. Nánari upplýsingar um tilnefningar og hvernig staðið er að valinu má finna á www.redcross.is

N1

N1, sem er samstarfsaðili Rauða kross Íslands um útbreiðslu á skyndihjálparmanni ársins sérstaka viðurkenningu.



Rauði kross Íslands

www.redcross.is

LÁTTU DRAUMANA RÆTAST

... með peningunum sem þú átt nú þegar!

25

milljóna lán
Heildarkostnaður á 40 árum
130 milljónir

þú sparar

60
milljónir

Með veltukerfi spara.is getur þú stýtt lánstímann og sparað svo um munar.

15

milljóna lán
Heildarkostnaður á 40 árum
78 milljónir

þú sparar

36
milljónir

Með veltukerfi spara.is getur þú stýtt lánstímann og sparað svo um munar.

Miðað við 4% verðbólgu, 4,5% vexti og styttingu lánstíma um 15 ár

Púsundir Íslendinga eru að spara milljónir í vexti og verðbætur með uppgreiðslukerfi spara.is.

Hvenær ætlar þú að bætast í hópinn?



Úr mínus í plús

Ingólfur H. Ingólfsson kennir þér að spara milljónatugi á námskeiðinu **Úr mínus í plús**.

Á námskeiðinu lærir þú meðal annars:

að greiða hratt niður lán með þeim peningum sem fara nú þegar í afborganir
að byggja upp sparnað og eignir óháð tekjum og skuldum
allt um vexti, verðbætur og lánakjör
að búa sig fjárhagslega sem best undir lífið
að undirbúa eftirlaunaárin
að hafa gaman af því að eyða peningunum

Fjárfestingar og hlutabréf

Láttu peningana vinna fyrir þig!

Þú lærir að fjárfesta í eignum og verðbréfum.

Hversvegna hrynja hlutabréf en hrávörumarkaðurinn er í hæstu hæðum?

Væntanlegur spútnik á markaði verður kynntur á hverjum námskeiði.

Spútnik frá febrúarnámskeiðinu 2006 hefur skilað yfir 500% ávöxtun!

Námskeiðagjald 9.000,-

Skráning í síma: **587 2580**
og á www.spara.is

Metsölubókin „Þú átt nóg af peningum“ er fánleg á námskeiðunum og í bókabúðum um land allt.



Umsagnir:

“Það er mér sönn ánægja að mæla með þessari bók. Ég keypti hana vegna þess að ég trúði ekki hinni ógrandi fullyrðingu höfundar: “Þú átt nóg af peningum ...” Nú veit ég að þessi fullyrðing er sönn”
- Þráinn Bertelsson, rithöfundur

“Ég get svo sannarlega mælt með bók Ingólfs. Félagsmenn sem sótt hafa námskeið hans eru sammála um að Ingólfur hafi opnað þeim leiðir til að endurskoða fjármál sín og ná betri tökum á þeim”
- Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar

spara.is

Næstu námskeið

Reykjavík

ÚR MÍNUS Í PLÚS

kl. 18:00 - 22:00 í Háskóla Íslands stofu 123 í Öskju

Þriðjudagur 15. janúar

Þriðjudagur 5. febrúar

Þriðjudagur 4. mars

FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF

kl. 18:00 - 22:00 í Háskóla Íslands stofu 123 í Öskju

fimmtudagur 17. janúar

fimmtudagur 7. febrúar

fimmtudagur 6. mars

Akureyri

ÚR MÍNUS Í PLÚS

kl. 13:00 - 17:00 Hótel Kea

laugardagur 2. febrúar

FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF

kl. 13:00 - 17:00 Hótel Kea

sunnudagur 3. febrúar

Egilsstaðir

ÚR MÍNUS Í PLÚS

laugardagur 16. febrúar

kl. 13:00 - 17:00 Hótel Hérað

FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF

sunnudagur 17. febrúar

kl. 13:00 - 17:00 Hótel Hérað

Ísafjörður

ÚR MÍNUS Í PLÚS

laugardagur 23. febrúar

kl. 13:00 - 17:00 Menntaskólanum Ísafirði

FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF

sunnudagur 24. febrúar

kl. 12:30 - 16:30 Menntaskólanum Ísafirði

Námskeiðið er 4 tíma langt. Sum stéttarfélag greiða niður námskeiðin.

NÝTT Í BIÓ!

EFTIR MAGNADRI SÖGU STEPHEN KING

ÓTTINN BREYTIR ÖLLU!

LÚXUS 16

MISTRÍÐ

FRÁ FRANK DARABONT, HANDRITSHÖFUNDI OG LEIKSTJÓRA "THE GREEN MILE" OG "THE SHAWSHANK REDEMPTION"

NÝTT Í BIÓ!

LUST VARGUR

græna ljósið

FRÁ ÖSKAÞRÝÐINGARHAFANUM ANG LEE LEIKSTJÓRA BROCKLECK MORGATAN OG CRUCIUNG TIGER, HEDDAN DRAGAN

NANNY

CHRISTIAN BALE GATE BLANCK

★★★★

IT'S NOT THERE

H.J. MBL

THE GOLDEN COMPASS

10

HITMAN

★★★★

DUGGHOLLFÓLKID

7

RUN FAT BOY RUN

16

Frönsk kvikmyndahátíð 11.-24. janúar í Háskólabíó

græna ljósið

PERSEPOLIS

14

HELLE

12

LOFABU MÉR

12

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIÐLIS - ALLT UM MYNDIRNAR Á GRÆNALJOSID.IS OG AF.IS - ALLAR MYNDIR MED ENSKUM TEXTA

SMÁRA BIÓ	SÍMI 564 0000	5%	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000	450 kr. í BIÓ!
THE MIST	kl. 5:20 - 8 - 10:40	16	LUST CAUTION	kl. 6 - 9	16
THE MIST LÚXUS	kl. 5:20 - 8 - 10:40		IT'S NOT THERE	kl. 6 - 9 (textuð)	12
THE NANNY DIARIES	kl. 5:40 - 8 - 10:20		WE OWN THE NIGHT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10	RUN FAT BOY RUN	kl. 5:30 - 8 - 10:10	
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 4 - 6 ISLENSKTAL				
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 8 ENSKTAL				
HITMAN	kl. 10	16	LIONS FOR LAMBS	kl. 8 - 10	12
DUGGHOLLFÓLKID	kl. 3:45	7	THE GOLDEN COMPASS	kl. 6 - 8	
			ALVIN & IKORNARNIR	kl. 6 ISL. TAL	10

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

HELL kl. 10	MOULIERE kl. 8	LÖGMÁÐUR HRYÐJUVERKANNA kl. 5:30	LOFABU MÉR kl. 6
SERKO kl. 8	PERSEPOLIS kl. 10:20	Í KÖBLUNUM kl. 6	

DEATH AT A FUNERAL

SAMBIO.is SAMBIOIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

fyndnasta breska gamanmynd síðan

"FOUR WEDDINGS AND A FUNERAL"

FRÁ LEIKSTJÓRA "WHAT ABOUT BOB"

STÆRSTA ÆVINTÝRI VETRARINS

ER UM ÞAD BIL AD HEFJAST.

NATIONAL TREASURE

BOOK OF SECRETS

ALFABAKKA	KEFLAVÍK
NAT. TREASURE 2 kl. 5:30D - 8D - 10:30D 12	NATIONAL TREASURE 2 kl. 8 - 10:30 12
NAT. TREASURE 2 kl. 5:30 - 8 - 10:30 VIP	RUN, FAT BOY, RUN kl. 8 L
DEATH AT A FUNERAL kl. 6 - 8 - 10:10 7	BUTTERFLY ON A WHEEL kl. 10 16
I AM LEGEND DIGITAL kl. 6 - 8:20 - 10:30 14	NATIONAL TREASURE 2 kl. 8 - 10:20 12
TÖFRAPRINSESSAN ISL. TAL kl. 5:30 L	ENCHANTED M/ - Ensku TAL kl. 8 L
ENCHANTED M/ - ENSK TAL kl. 8 - 10:20 L	I AM LEGEND kl. 10:20 16
BÝFLUGUMYNDIN M/ - ISL. TAL kl. 5:30 L	NAT. TREASURE 2 kl. 8 - 10:30 12
SIDNEY WHITE kl. 8 L	THE GOLDEN COMPASS kl. 8 10
AMERICAN GANGSTER kl. 10:30 16	SAW IV kl. 10:20 16

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BIÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

EFTIR MAGNADRI SÖGU STEPHEN KING

ÓTTINN BREYTIR ÖLLU!

LÚXUS

MISTRÍÐ

FRÁ FRANK DARABONT, HANDRITSHÖFUNDI OG LEIKSTJÓRA "THE GREEN MILE" OG "THE SHAWSHANK REDEMPTION"

THE GOLDEN COMPASS

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE MIST	kl. 8 og 10:30	16
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5, 8 og 10:15	10
RUN FATBOY RUN	kl. 6, 8 og 10	L
ALVIN OG IKORNARNIR - ISL. TAL	kl. 6	L

Marc Romboy í aðalhlutverki

Þýski raftónlistarmaðurinn Marc Romboy verður aðalnumerið á árslistakvöldi dansþáttarins Party Zone sem verður haldið nítjándu janúar á Nasa. Romboy hefur starfað með Stephan Bodzin og Gui Boratto undanfarin misseri og hafa þeir skapað sérstæðan hljóðheim sem hefur vakið mikla lukku. Svíinn Tomas Anderson kemur einnig fram og með honum í för verða plötusnúðarnir í Super-Diskant. Dj Casanova og Sexy Lazer halda uppi heiðri Íslands þetta laugardagskvöld.



MARC ROMBOY Þýski raftónlistarmaðurinn verður aðalnumerið á árslistakvöldi Party Zone 19. janúar.

„Þýskaland hefur verið mjög heitt síðustu tvö árin og við höfum verið að flytja inn listamenn þaðan

eins og Booka Shade. Þeir spila minimalíska tónlist sem er búin að blómstra víða og hefur verið eldheitt hérna heima,“ segir Helgi Már Bjarnason í Party Zone. „Stefan

Bodzin spilaði hérna í fyrri á CCP-partí og hann hefur sjálfur sagt að Romboy sé tíu sinnum betri en hann sjálfur. Romboy er ofboðlega fær plötusnúður og nær upp alveg magnaðri stemningu.“

Árslisti Party Zone verður fluttur í átjándu sinn þetta sama kvöld á Rás 2 frá 19.30 til miðnættis. Þar verða kynnt fimm-tíu bestu lög síðasta árs sem eru valin af rúmlega þrjátíu plötusnúðum, frumkvöldum í íslenskri danssenu og hlustendum þáttarins. Forsala á árslistakvöldið á Nasa er hafin á midi.is og í Skífunni og er miðaverð 1.900 krónur.

- fb

Sálin í Höllinni, Helgi Björns fimmtugur í ár

Heilmörg stórafmæli í poppinu eru fram undan á nýbyrjuðu ári og verður haldið upp á þau flest.



ÓTRÚLEGT EN SATT Holy B verður fimmtugur í sumar.

Hinn 10. mars verða liðin heil tuttugu ár síðan Sálin hans Jóns míns kom í fyrsta skipti fram í kjallara Tunglsins. Á seinni helmingi þessara tuttugu ára hefur hljómssveitin tekið skorpur og farið í hlé þess á milli.

„Þessi hlé hafa nú eiginlega haldið lífinu í okkur,“ segir Guðmundur Jónsson gítarleikari. „Við höfum alltaf tekið okkur frí þegar við erum orðnir leiðir hver á öðrum og farið að gera eitthvað annað. Alltaf passað okkur á því að ströggla ekki of mikið til þess eins að reyna að lifa á þessu.“

Tuttugu ár kalla á veisluhöld. „Sálin átti nú bara að starfa í sex mánuði yfir sumarið 1988,“ segir Guðmundur, „svo því ber auðvitað að fagna að við höfum rekið topphljómssveit í tuttugu ár á jafn litlu landi og Íslandi. Við erum búnir að panta Laugardalshöll 14. mars og ætlum þar að fara í gegnum ferilinn með gestum og gangandi. Við hugsum þessa tónleika aðallega fyrir fólkið sem hefur fylgt okkur allan þennan tíma.“

Guðmundur segir nýja Sálarpötu ekki væntanlega á árinu, en það megi eiga von á glöðningi í haust, safnplötu og fleira. „Við ætlum samt að spila eitthvað meira en þetta eina gígg í Höllinni. Við höfum verið að hittast yfir jólin og ræða málin. Það er kominn fliingur í okkur.“

En það eiga fleiri stórafmæli. Hinn 25. nóvember verða liðin þrjátíu ár síðan Fræbbblarnir stígu í fyrsta skipti á svið á Myrkramessu MK í Kópavogsbíói. Þar fæddist íslenska pönkið. „Við höldum upp á 25 ára afmæli okkar fyrir fimm árum og ég er nú bara ekki kominn svo langt að þæla í þrjátíu ára afmælinu, enda er það ekki fyrr en í nóvember,“ segir Valgarður Guðjónsson Fræbbblasöngvari. „Gamla efnið okkar er ekki til á diskum svo þetta er auðvitað fín ástæða til að koma því út á ný. Minn draumur er svo



PÖNK Í ÞRJÁTÍU ÁR Ný Fræbbblaplata á árinu.

SÁLIN Í HÖLLINNI Í MARS Toppohljómssveit í tuttugu ár.

að koma út nýrri Fræbbblaplötu á árinu, enda finnst mér við alltaf vera með betra efni en á síðustu plötu.“ Valgarður segir nokkra gamla pönkara hafa tekið sig saman um að spila erlent gullaldarpönk á pöbb í mars. Nánar auglýst síðar, eins og þar stendur.

Sjálfur Helgi Björns verður fimmtugur 10. júlí. Hann kvíðir ekki tímamótunum og segist horfa stoltur fram á veginn. „Það stefnir í að ég nái þessu og ég er helvítu stoltur af þeim árangri, svona miðað við hvað maður er í áhættusömu starfi. Ég ætla að halda upp á afmælið fyrir vini og vanda-

menn, bæði á Íslandi og úti í Berlín. En ég sé ekki fyrir mér að ég kalli á Sinfó og haldi tónleika í Höllinni. Það væri frekar að maður færi í þveröfuga átt og færi hringinn einn með kassagítar.“

Magnús Þór Sigmundsson verður svo sextugur 28. ágúst og Risaedlurnar Magga Stína og Dóra Wonder verða fertugar á árinu, eins og framlína Ham, Sigurjón Kjartansson og Ottarr Proppé. Fastlega má gera ráð fyrir tónlistartengdum uppákomum í sambandi við þessi stórafmæli.

gunnarh@frettabladid.is

Vekja athygli á niðurrifi húsa

„Við erum ekki að mótmæla neinu heldur erum við að benda á það að þessir staðir eru ofboðslega fallegir þótt þeir séu gamlir,“ segir Una Stígsdóttir, sem opnaði á laugardag sýninguna The Lost Horse ásamt listamanninum Anik Todd. Sýningin, sem skartar líkani af sýningarrýminu sjálfu, fer fram í samnefndu gallerí sem er til staðar að Skólastræti 1 sem stendur til að rífa, rétt eins og svo mörg önnur hús í miðbæ Reykjavíkur.



UNA OG ANIK Una Stígsdóttir og Anik Todd hjá verkinu sínu The Lost Horse.

„Með þessu verki viljum við halda í þessa fallegu hugmynd um þennan stað. Breyting er bara breyting, það er ekkert hægt að gera við því.“

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þetta er fyrsta einkasýning þeirra Una og Anik sem byrjuðu að vinna saman árið 2005, bæði í

myndlist og í hljómssveitinni Calypso. Að sögn Unu mun hótél líklega rísa í staðinn fyrir galleríið. „Þessi staður var hesthús og síðan breyttist hann í smíðaverkstæði. Núna er komið gallerí þarna og það sýnir hvað Reykjavík hefur breyst mikið því núna eru gallerí á hverju horni. Við vildum búa eitthvað til sem gæti ruglað áhorfandann í ríminu með því að setja hann í aðstæður sem hann þekkti en kannaðist samt ekki við. Þessi hugmynd að líkaninu var mjög skemmtileg vegna þess að hún fær áhorfandann líka til að horfa inn í það að utan og færa hann um leið út úr sínu eigin umhverfi.“

- fb



Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga

> Allir í Höllina

Síðasti landsleikur íslenska handboltlandsliðsins fyrir EM í Noregi fer fram í Laugardalshöllinni í kvöld klukkan 19.30 þegar Ísland og Tékkland mætast öðru sinni. Fólk er hvatt til þess að fjölmenna í Höllina og senda strákana til Noregs með mikinn stuðning á bakinu. Stemningin í Höllinni í gær var fin en það er alltaf hægt að gera betur. Fyrsti leikur Íslands á EM er á fimmtudag gegn Svíum.



sport
sport@frettabladid.is

EINAR HÓLMGEIRSSON: ÁNÆGDUR MEÐ ÞÁTTTÖKU SÍNA Í POSTEN-CUP PRÁTT FYRIR ÖRLÍTIÐ BAKSLAG MEÐ MEIÐSLI

Tókum ekki áhættuna á því að ég spilaði meira

Landsliðsmaðurinn Einar Hólmgeirsson er óðum að komast í sitt gamla form eftir að hafa jafnað sig á lærmeiðslum sem hann lenti í fyrr í vetur og hefur verið sjóðandi heitur á Posten-Cup með B-landsliði Íslands. Einar byrjaði mótið með því að skora sjö mörk í naumu tapi gegn Ungverjalandi á föstudag og skoraði svo sex mörk í sigri gegn Portúgal á laugardag.

„Ég er mjög sáttur með þátttöku mína í mótinu og það er mjög mikilvægt fyrir mig að fá að spila heila leiki bæði vörn og sókn. Það er mjög gaman að spila með þessum strákum og þarna eru margir leikmenn sem eiga eftir að spila með A-landsliðinu í framtíðinni, það er engin spurning. Það mættu bara vera fleiri verkefni fyrir þessa ungu og efnilegu leikmenn til þess að þeir öðlist mikilvæga reynslu gegn öflugum andstæðingum,“ sagði Einar, sem varð fyrir örlitlu hnjaski í fyrsta leik mótsins sem ágerðist svo í öðrum leiknum og því tók hann ekki

þátt í leiknum gegn Noregi í gærkvöldi.

„Ég fékk smá högg á lærið í leiknum gegn Ungverjalandi og stífnaði svo aðeins upp á móti Portúgal, einmitt á því svæði sem ég meiddist í fyrr í vetur, þannig að við ákváðum að best væri að taka enga áhættu með þetta gegn Noregi. Ég hefði örugglega getað spilað en eins og ég segi þá var betra að hvíla upp á framhaldið,“ sagði Einar, sem vonar að landsliðið verði ekki fyrir neinum afföllum í lokaundirbúningi sínum fyrir alvöruna í Noregi.

„Það er náttúrliga mjög mikilvægt að við komumst í gegnum þessa síðustu æfingaleiki án þess að verða fyrir frekari meiðslum og það er vonandi að Sverre og Alexander nái sér á strik og verði leikhæfir á Evrópumótinu. Þetta leit á tímabili mjög vel út hvað varðar leikform manna, en kannski fögnuðum við því of snemma,“ sagði Einar, sem er þó bjartsýnn fyrir mótið.

„Ég er viss um að þetta verður flott mót hjá liðinu,“ sagði Einar bjartsýnn.



WEST HAM
Verð á mann í tvíbýli frá
49.300 KR.
BIRMINGHAM
8.-10. FEBRÚAR 2008
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjöldmargir leikir framundan, s.s. á móti Chelsea, Blackburn og Portsmouth.
+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir

Sigur á slökum Tékkum

Íslenska landsliðið var ekki sannfærandi er það mætti slökum Tékkum í Höllinni í gær. Þó að svo tveggja marka sigur hafi unnist, 32-30, er enn margt sem þarf að laga. Nokkrir ljósir punktar voru samt hjá íslenska liðinu.

HANDBOLTI Ísland vann Tékkland með tveggja marka mun, 32-30, í næstsíðasta leik liðsins fyrir EM. Það var enginn glæsibrafur á leik íslenska liðsins, sem var í bullandi vandræðum með frekar slaka Tékkka.

Það verður að segjast eins og er að fyrri hálfleikur var átakanlega lélegur hjá íslenska liðinu og ef ekki hefði verið fyrir fína markvörslu þeirra Eradze og Hreiðars hefðu Tékkar líklega leitt með mörgum mörkum í hléinu.

Sóknarleikurinn var kraftlaus, tilviljanakenndur og hægur. Leikmenn skutu mjög illa og til marks um það fór aðeins eitt af fyrstu tíu skotum íslenska liðsins í markið. Tékkarnir voru ekki mikið betri og handboltinn sem boðið var upp á var einfaldlega hundlélegur. Hálfleikstölur 10-11 fyrir Tékkka.

Síðari hálfleikur var talsvert betri á flestum sviðum. Ísland fór loks að ná hraðauppflaupum og sóknarleikurinn var mun markvissari. Varnarleikurinn var mjög kaflaskiptur og leikmenn voru oft á tíðum mjög lengi til baka. Svo munaði mikið um að markvarslan var nákvæmlega engin í síðari hálfleik og enn einu sinni gengur íslensku markvörðunum illa að verja í síðari hálfleik. Ef það hefði verið einhver markvarsla í síðari

ÍSLAND-TÉKKLAND 32-30

Mörk Íslands (skot): Ólafur Stefánsson 6/2 (12/2), Logi Geirsson 5 (9), Guðjón Valur Sigurðsson 5/2 (8/2), Vignir Svavarsson 4 (5), Bjarni Fritzon 4 (4), Snorri Steinn Guðjónsson 3 (6/1), Róbert Gunnarsson 2 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (3), Alexander Petersson 1 (5).

Varin skot: Roland Eradze 10 (18/1) 55%, Hreiðar Guðmu. 5 (27/2) 18%.

Hraðauppflaup: 10 (Vignir 4, Guðjón 2, Róbert 2, Bjarni, Ólafur).

Fiskuð víti: 5 (Róbert 3, Alexander, Bjarni).

Útan vallar: 4 mínútur.



LOGI HEITUR Logi Geirsson hefur spilað mjög vel fyrir íslenska liðið í síðustu leikjum. Hann hélt uppteknum hætti í gær og skoraði til að mynda markið sem tryggði Íslandi sigur að lokum.

hálfleik hefði Ísland rúllað þessum leik upp.

Ísland náði mest fjögurra marka forskoti í síðari hálfleik en líkt og venjulega hleyptu þeir andstæðingnum inn í leikinn á ný. Það var þó jákvætt að liðið skyldi klára dæmið og vinna leikinn.

Jaliesky Garcia Padron náði sér engan veginn á strik og sömu sögu má segja um Alexander sem vant-

ar tilfinnanlega leikæfingu. Það var aftur á móti mjög gaman að fylgjast með þeim Vigni Svavarsyni, Bjarna Fritzsyni og Ásgeiri Erni sem komu allir mjög vel út úr leiknum. Logi Geirsson hélt líka áfram að sýna að hann er svo sannarlega á réttu róli. Strákarnir gera vonandi betur á morgun enda býr mun meira í liðinu en það sýndi í gær.

henry@frettabladid.is



MEIÐDUR Ólafur Stefánsson meiddist á fingri í gær en nær sér vonandi fljótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meiðsli í landsliðinu: Vandræðin hrannast upp

HANDBOLTI Það voru mörg slæm tíðindi af íslenska landsliðshópnum í gær. Arnór Atlason lék ekki með gegn Tékkum en í ljós hefur komið að hann er meiddur á liðþófa og með trosnuð liðbönd. Hann þarf því líklega að fara í aðgerð sem fyrst og Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari sagði að líklegast yrði hann ekki með á EM.

Ólafur Stefánsson og Roland Valur Eradze meiddust svo báðir í leiknum í gær. Ólafur meiddist á fingri en Roland tagnaði líklega illa á hálsi og sagði Alfreð að útlitið með hann væri ekki gott. Fari svo að hann komist ekki með á EM ætlar Alfreð að ákveða í kvöld hvort hann taki tvo markverði með til Noregs eða bæti Björgvini Gústavssyni við hópinn.

Einar Hólmgeirsson meiddist svo á læri gegn Ungverjum og varð fyrir vikið að hvíla með B-liðinu í gær en hann ætti að jafna sig fljótt.

- hbg

Alexander og Sverre:

Á góðum batavegi

HANDBOLTI Þeir Alexander Petersson og Sverre Jakobsson spiluðu báðir með liðinu í gær en þeir hafa nánast ekkert æft alla vikuna.

Sverre spilaði 18 mínútur og sagðist líða vel eftir leikinn. Hann væri allur að koma til og því bjartsýnn á framhaldið.

Alexander sagði að ökklinn væri mun betri þó svo að hann myndi finna fyrir meiðslunum eftir leikinn. Hann sagði þó hvíldina hafa gert sér gott og óttaðist ekki að meiðslin myndu plaga hann of mikið á EM þó svo hann taldi sig vanta meiri leikæfingu.

- hbg

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var ekki par sáttur við leik sinna manna í gær:

Verðum að læra af þessum leik

HANDBOLTI „Ég var ótrúlega óánægður með fyrri hálfleikinn því við gerðum ekkert af því sem talað var um að gera. Hálfleikurinn minnti hreinlega á Úkrafnuleikinn á HM.

Ég held að menn hafi verið yfirspenntir og þetta var mjög klaufalegt allt saman. Ég hrósa þó markvörðunum fyrir þeirra hlut í fyrri hálfleik,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari sem var ekki mjög kátur.

„Síðari hálfleikur var mun betri fyrir utan markvörsluna sem datt alveg niður. Tuttugu mínútur af hálfleiknum voru mjög góðar en við hleyfum Tékkum inn eins og við gerum svo oft.



ALFREÐ GÍSLASON Sagði fyrri hálfleik í gær minna á Úkrafnuleikinn á HM.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það var talsvert agaleysi í leiknum á kafla en margt jákvætt líka. Ég var mjög ánægður með Vigni, sem ég hefði gagnrýnt mikið fyrir afsþyrnuslanan varnarleik í Danmörku.

Hann var mikið mun betri núna á öllum sviðum. Ásgeir stóð sig líka vel og Bjarni átti frábæra innkomu. Logi var sterkur og kraftmikill.

Við verðum samt að læra fljótt af þessum leik því ef við leikum hálfleik í Noregi eins og fyrri hálfleik hér þá verður okkur pakkað saman,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari, sem ætlar að spila talsvert annan varnarleik í kvöld.

- hbg



3
DAGAR
Í EM
HANDBOLTA



til Akureyrar



ÁTAK

HEILSURÆKT

Átak heilsurækt sími 461-4444

Aqua Spa sími 461-4445

Strandgata 14 www.atakak.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Posten-Cup í handbolta:

Ísland-Noregur 19-32
Mörk Íslands: Hannes Jón Jónsson 5/1 (8/1), Rúnar Kárasón 5 (11), Ingimundur Ingimundarson 3 (3), Sturla Ásgeirsson 2 (2), Jóhann Gunnar Kári Kristján Kristjánsson 1 (2), Arnór Gunnarsson 1 (2), Andri Stefan 1 (4).
Varín skot: Birkir Ivar Guðmundsson 9 (35/2) 26%, Björgvin Páll Guðavasson 0 (10/2).
Fiskað víti: 1 (Kári Kristjánsson).
Hraðauppplausmörk: 4 (Sturla 2, Ingimundur, Arnór).
Utan vallar: 16 mínútur.

Iceland Express-deild karla:

Pór Ak.-Grindavík 104-98

Lýsingarbikar karla:

Njarðvík-KR 106-90

Stig Njarðvíkur: Damon Bailey 24, Sverrir Þór Sverrisson 18, Jóhann Ólafsson 18, Brenton Birmingham 16, Friðrik Stefánsson 14, Hörður Axel Vilhjálmsson 9, Egill Jónasson 5, Guðmundur Jónsson 2

Stig KR: Joshua Helm 27, Andrew Fogel 18, Helgi Magnússon 13, Pálmi Sigurgeirsson 11, Jeremiah Sola 10, Brynjar Sigurðsson 8, Skarphéðinn Ingason 3

Snæfell-Keflavík 86-84
 Skallagrímur-ÍR 83-80

Lýsingarbikar kvenna:

Haukar-Hamar 90-55

Stig Hauka: Kiera Hardy 21 (7 stoðs.), Unnur Tara Jónsdóttir 16 (7 frá.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15 (19 mín.), Guðbjörg Sverrisdóttir 13, Telma Björk Fjalarsdóttir 9 (10 frá. á 17 mín.), Kristrún Sigurjónsdóttir 7 (8 stolnir, 5 stoðs.), Svanhvit Skjaldardóttir 4, Sara Pálmadóttir 2, Helena Hólm 2, Kristín Fjóra Reynisdóttir 1.

Stig Hamars: LaKiste Barkus 24 (8 frá.), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 11 (7 frá., 4 stoðs.), Ragnheiður Magnúsdóttir 9, Hafúrín Hálf-dánardóttir 6 (9 frá., 3 varin), Fanney Lind Guðmundsdóttir 3, Álfhildur Þorsteinsdóttir 2.
 Snæfell-Fjölnir 51-64

Enska úrvalsdeildin:

Sunderland-Portsmouth 2-0
 1-0 Kieran Richardson (33.), 2-0 Kieran Richardson (44.). Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Portsmouth og lék allan leikinn.
 Bolton-Blackburn 1-2
 1-0 Kevin Nolan (43.), 1-1 Christopher Samba (53.), 1-2 Jason Roberts (90.). Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópi Bolton vegna meiðsla.

STAÐAN Í DEILDINN:

Man. Utd.	22	16	3	3	44-11	51
Arsenal	22	15	6	1	43-17	51
Chelsea	22	14	5	3	35-16	47
Liverpool	21	10	9	2	35-14	39
Everton	22	12	3	7	38-22	39
Aston Villa	22	11	6	5	40-28	39
Man. City	22	11	6	5	29-23	39
Blackburn	22	10	6	6	30-29	36
Portsmouth	22	9	7	6	31-22	34
West Ham	21	9	5	7	27-20	32
Newcastle	22	7	5	10	27-39	26
Tottenham	22	6	6	10	42-40	24
Reading	22	6	4	12	30-47	22
M'brough	22	5	6	11	19-36	21
Bolton	22	5	5	12	24-34	20
Birmingham	22	5	5	12	23-33	20
Wigan	22	5	5	12	22-37	20
Sunderland	22	5	5	12	22-40	20
Fulham	22	2	9	11	23-39	15
Derby	22	1	4	17	10-47	7

Ítalska úrvalsdeildin:

Siena-Inter 2-3
 0-1 Zlatan Ibrahimovic (26.), 1-1 Massimo Maccarone (31.), 1-2 Esteban Cambiasso (45.), 1-3 Zlatan Ibrahimovic (52.), 2-3 Fernando Martin Forestieri (90.).
 Atalanta-Roma 1-2
 1-0 Adriano Ferreira Pinto (17.), 1-1 Francesco Totti (38.), 1-2 Mancini (44.).

Hollenska úrvalsdeildin:

Ajax-AZ Alkmaar 6-1
 0-1 Ari (5.), 1-1 Jan Vertonghen (24.), 2-1 Kenneth Perez (45.), 3-1 Klaas-Jan Huntelaar (62.), 4-1 Kennedy Bakircioglu (67.), 5-1 Leonardo (87.), 6-1 Klaas-Jan Huntelaar (89.). Grétar Rafn Steinnsson byrjaði á varamannabekk AZ en kom inn á og spilaði síðustu 12 mínútur leiksins.
 De Graafschap-Vitesse Arnhem 0-3
 0-1 Santi Kolk (41.), 0-2 Jasar Takak (56.), 0-3 Santi Kolk (79.). Arnar Þór Viðarsson var í byrjunarliði De Graafschap í leiknum.

Allar gerðir iðnaðarprentara og álimingavéla.

Bleksprautuprentarar, límmiðaprentarar, miðaalímingavélar, filmprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.
Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmarg ehf.
 upplýsingar í síma: 445-9930.

B-landslið Íslands tapaði 36-19 gegn Norðmönnum í lokaleik liðsins á Posten-Cup í Noregi í gærkvöldi:

Norðmenn of stór biti fyrir B-lið Íslands

HANDBOLTI Íslenska B-landsliðið fékk vænan skell á móti geysiöflugu norsku liði, 36-19, í lokaleik sínum í Posten-Cup í Noregi í gærkvöldi. Íslendingar héldu í við Norðmenn í byrjun leiks og staðan var jöfn 6-6 þegar tæpur stundarfjórðungur var liðinn af leiknum og í hálfleik var staðan 16-13 fyrir

STOLTUR Kristján var afar ánægður og stoltur af strákunum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



heimamann sem skoruðu síðustu tvö mörk fyrri hálfleiks. Framarinn Rúnar Kárasón var atkvæðamestur í fyrri hálfleik og skoraði fimm mörk.

„Það var margt mjög jákvætt að gerast í fyrri hálfleik og Rúnar leysti stöðu Einaris Hólmgeirssonar, sem var hvíldur, mjög vel í hægri skyttunni og Birkir var að verja ágætlega á markinu,“ sagði Kristján Halldórsson,

þjálfari íslenska b-landsliðsins. Íslenska liðið náði sér hins vegar aldrei á flug í seinni hálfleik og gríðarlega sterkt lið Norðmanna gekk á lagið. Ástandið var reyndar svo slæmt að í stöðunni 20-15 skoraði íslenska liðið ekki mark í fjórtán mínútur á meðan Norðmenn skoruðu sjö mörk.

„Við vorum bara sprungnir á því í seinni hálfleik og Norðmennirnir refsuðu okkur ærlega og eru auðvitað með frábæra 6-0 vörn þegar vel gengur hjá þeim. Á vondi kaflanum, þegar Norðmenn skoruðu sjö í röð, vorum við alltaf í undirtali á vellinum og dómarnir dönsku voru að gera

okkur lífið leitt. Við vorum utan vallar í 16 mínútur í öllum leiknum sem er auðvitað ekki gott og Gunnar Pettersen bað mig meira að segja afsökunar á dómurinum eftir leik,“ sagði Kristján, sem var þó afar stoltur af framgöngu íslenska liðsins í mótinu.

„Strákarnir stóðu sig mjög vel og við lentum í öðru sæti í mótinu, sem er ásættanlegur árangur. Enn fremur voru Birkir Ivar og Einar Hólmgeirsson valdir í lið mótsins og það var skemmtileg viðbót. Ég hafði mjög gaman af þessu sjálfur og ég vona að HSI haldi áfram á sömu braut,“ sagði Kristján sáttur. - öp

Íslandsmeistararnir úr leik

Boðið var upp á sannkallaða körfuboltasýningu þegar Njarðvík tók á móti KR í átta liða úrslitum Lýsingabikars karla í Njarðvík í gærkvöldi. Leikurinn bauð upp á allt sem góður körfuboltaleikur þarf að hafa og gott betur en það.

KÖRFUBOLTI Njarðvík lagði Íslandsmeistara KR að velli 106-90 í frábærum körfuboltaleik í gærkvöldi.

Leikurinn byrjaði gríðarlega vel og fóru leikmenn ásamt stuðningsmönnum liðanna á kostum. Njarðvíkingar byrjuðu betur og spiluðu fantavörn gegn hálfsofandi KR-ingum. KR-ingar jöfnuðu sig örlítið en samt ekki nóg og var staðan 26-18 fyrir Njarðvík eftir fyrsta leikhuta.

Sama fjörið hélt áfram í þeim öðrum og voru Njarðvíkingar gríðarlega öflugir áfram og varnarleikur liðsins til fyrirmyndar. Það leit út fyrir að heimamenn ætluðu að keyra yfir gestina en þá tók Benedikt Þjálfari KR leikhlé. Leikhléð skipti nákvæmlega engu máli því Njarðvíkingar höfðu töl og hagldir á leiknum. Meistar var munurinn 14 stig, 39-25, en KR-ingar náðu að minnka það forskot fyrir hlé í tíu stig, 52-42.

Njarðvíkingar komust fljótlega í 61-48 og juku svo forskotið í 15 stig. Þó svo að Njarðvíkingar hefðu verið með þetta mikið forskot þá voru gestirnir svo sannlega að leggja sig fram en alltaf vantaði einhvern herslumun. Eftir glæsileg tilprif hjá báðum liðum lauk Egill Jónasson þriðja leikhuta með glæsilegri troðslu og staðan fyrir lokaleikhlutann 77-60 fyrir Njarðvík.

Staðan var svo orðin 84-67 þegar rétt rúmlega þrjár mínútur voru liðnar af leikhlutunum. Aftur hljóp spennan í leikinn þegar tvær og



FÖGNUMUR Njarðvíkingar fagna vel í leiklok eftir frækilegan sigur gegn KR í frábærum körfuboltaleik í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN BJÖRN

hálf mínútu voru eftir og munurinn 11 stig, 92-81 en þá setti Brenton niður þrist og nánast gulltryggði sigurinn. KR gerði eina örvæntingartilraun til viðbótar til þess að ná Njarðvíkingum en það gekk ekki og heimamenn sigðu örugglega 106-90 og eru þar með komnir í unanúrslit Lýsingabikarsins á meðan Íslandsmeistar-

arnir sitja eftir með sárt ennið. Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, var eðlilega mjög sáttur í leiklok.

„Þetta var alvöru leikur sem okkur langaði mikið til að vinna. Það hefur verið stígandi í okkar leik að undanförunu og þessi leikur kemur í rökréttu framhaldi,“ sagði Teitur ánægður í leiklok. - höp

Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærðag þar sem Sunderland og Blackburn náðu í þrjú stig:

Staða Sunderland batnaði við botninn

FÓTBOLTI Sunderland styrkti stöðu sína í fallbaráttunni með 2-0 sigri gegn Portsmouth en sama er ekki hægt að segja um Bolton sem missti niður forystu sína gegn Blackburn og tapaði með marki á lokamínútu leiksins.

Sunderland þurfti nauðsynlega á þremur stigum að halda í harðnandi fallbaráttu þegar Portsmouth kom í heimsókn á Leikvangi ljósanna í gær en Portsmouth hefur verið öflugt á útvöllum í vetur. Gestirnir í Portsmouth byrjuðu betur og Hermann Hreiðarsson lagði upp dauðafæri fyrir Benjani á upphafsminúttunum þegar hann skallaði boltann á fjerstöngina þar sem Benjani var einn og óvaldaður hann en feilaði á markið.

MIKILVÆGUR Kieran Richardson stal senunni með tveimur mikilvægum mörkum á Leikvangi ljósanna í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY



Heimamenn fengu þó sín færi og þegar rúmur hálf tími var liðinn af leiknum skoruðu þeir fyrsta mark leiksins.

Richardson fór á kostum

Framherjinn Kenwyne Jones komst þá upp að endamörkum við vítateig Portsmouth og lagði boltann í hlaupalínu Kieran Richardson sem kom á flegiferð og afgreiddi boltann í fjerhornið. Richardson var svo aftur á ferðinni tíu mínútur síðar þegar hann hirti boltann upp eftir Daryl Murphy samherja sinn og spólaði sig í gegnum þunglamalega vörn Portsmouth og skoraði sitt annað mark í leiknum.

Í seinni hálfleik reyndu leikmenn Portsmouth að minnka muninn en þetta var ekki þeirra dagur og vörn Sunderland átti fínan dag. Richardson var nálægt því að skora þriðja mark sitt í leiknum þegar skot hans fór í stöng og David James víðsfjarri, en það voru ekki fleiri mörk skoruð í leiknum og mikilvægur sigur baráttuglaðra Sunderland manna í höfn. Roy Keane, stjóri Sunderland, var því afar sáttur í leiklok. „Ef leikmenn mínir halda áfram að spila með þessum vilja, baráttu og gæðum

eigum við góða möguleika á að ná markmiðum okkar. Leikmennirnir eiga hrós skilið og Richardson var frábær,“ sagði Keano glaður.

Bolton er í svipaðri stöðu og Sunderland og þurfti nauðsynlega á þremur stigum að halda en liðinu hefur jafnan gengið hörmulega gegn Blackburn á heimavelli sínum, Reebok leikvanginum. Blackburn var líklegra til að brjóta ísinn í fyrri hálfleik án þess þó að skapa sér nógu góð marktækifæri. Það voru hins vegar heimamenn í Bolton sem tóku forystu í leiknum og markið var ekki af ódýrari gerðinni. Fyrirliðinn Kevin Nolan sýndi þá snilldar-takta þegar hann lagði boltann viðstöðulaust í markhornið fjær, án þess að markvörðurinn Brad Friedel kæmi nokkrum vörnum við, eftir sendingu sem virtist í fyrstu vera hættulítill.

Snemma í seinni hálfleik náði Blackburn aftur á móti að jafna leikinn þegar varnartróllið Christopher Samba skallaði hornspyrnu David Bentley í markið, eftir mislukkað úthlaup markvarðarins Jussi Jääskeläinen.

Roberts hetja Blackburn

Blackburn hélt áfram að sækja og það skilaði sér að lokum þegar varamaðurinn Jason Roberts, sem var mjög líflægur á lokakafla leiksins, skoraði sigurmark leiksins á 90. mínútu eftir gott einstaklingsframtak. Roberts fékk boltann á miðju vallarins og tók á rás og hljóp af sér varnarmenn Bolton áður en hann skoraði framhjá Jääskeläinen.

- öp

NEYTENDAVAKTIN

Vextir yfirdráttarátta á debetkortareikningi

Banki	Vextaprósenta
S24	18,70 %
Netbankinn	21,70 %
Kaupþing	23,45 %
Landsbankinn	24,40 %
Sparisjóðir	24,40 %
Glitnir	24,45 %

S24 með lægstu vextina

Neytendasamtökin könnuðu kjör á yfirdráttarlánunum. Miðað er við lán til einstaklinga sem ekki njóta neinna sérkjara. Margir ættu þó að geta samið um betri kjör og rík ástæða til þar sem vextir á yfirdráttarlánunum eru mjög háir. Lægstu vextir eru hjá S24 á yfirdrætti á debetkortareikningi 18.70%.

Brynhildur Pétursdóttir

Neytendasamtökin eru frjálts félagsamtök: stofnuð árið 1953. Þau verja hag félagsmanna og berjast fyrir hagsmunum neytenda. Sjá www.ns.is - netfang:ns@ns.is

S24 með lægstu yfirdráttarvextina

samkvæmt úttekt Neytendasamtakanna í 24 stundum



Samkvæmt úttekt Neytendasamtakanna í 24 stundum laugardaginn 5. janúar er S24 með mun lægri yfirdráttarvexti en aðrir bankar og sparisjóðir.

Ekki borga óþarflega háa vexti. Færðu yfirdráttinn til okkar þar sem allir njóta sömu góðu vaxtakjaranna.

Sæktu um... www.s24.is



> James Spader

James Spader finnst mjög óþægllegt að horfa á kvikmyndir sem hann hefur leikur í og afþakkar því alltaf það um það. Hann er í einu af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni *The Stickup* sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 00.00.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER DÝRAVINUR

Lubbi hefur betur gegn kobba

Góður vinur minn átti hund fyrir allmörgum árum. Hann hét Lubbi og var kolsvartur labrador sem vék aldrei frá hlið eiganda síns.

Glæsileg skepna, svo leitun var að öðru eins. Lubbi átti gott líf en þegar hann kvaddi hafði hann horft í augu við dauðann nokkrum sinnum. Keyrt hafði verið á hann í tvígang, minnir mig. Undir það síðasta var hann ekki ólíkur gömlum sjóræningja að því leyti að nokkur stór ör skreyttu snoppuna á honum, eftir að við vinirnir sendum hann í sjóinn eftir sel sem við höldum dauðskotinn. Selurinn beit og djöflaðist en var samt færður í land, þó vandséð væri hvorum blæddi meira, kobba eða Lubba.

Við veltum líka nýjum jeppa með Lubba í aftursætinu. Hann var þá bara hvolpur en eftir það var honum illa við bílferðir. Hann þóttist því ekki heyra þegar hann átti að

fara í bíltúr. Nema þegar notuð voru orðin: Lubbi, veiða! Þá heyrði hann vel.

Ég hef aldrei komist nær því að eiga góðan félagá úr dýrarikinu, en þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar ég horfði á ágætán þátt á Skjá einum sem heitir Dýravínur. Góð hugmynd að baki þættinum því flestir hafa ánægju af dýrum í einni eða annari mynd. Annars er ég svolítið tættur yfir samskiptum mínum við ferfætlinga.

Kött hef ég átt en hann var geðveikur. Hamstur var líka einu sinni í húsinu en hann var full líkur rottu til að ég gæti sýnt honum hlýju.

Áhuga á hestum hef ég þó aldrei haft og kynni mín af þeim eru í mýflugumynd. Ég hef einu sinni farið á hrygginn á einum slíkum, en þar sem ég var undir stýri á gömlum Mitsubishi þá get ég varla fullyrt að ég hafi farið á hestbak. Mig langar því ekkert í hest, en gæfi mikið fyrir að eignast hund eins og Lubba.



EKKI MISSA AF



► **19.25 Simpsons** STÖÐ 2



► **20.25 Footballer's Wives** SIRKUS



► **21.00 Heroes** SKJÁREINN



► **21.15 Criminal Minds** SJÓNVARPIÐ



► **22.05 Hellboy** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Mariu
16.35 Leiðarljós
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Hanna Montana (13:26)
17.53 Skritin og skemmtileg dýr (1:26)
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra grís (74:104)
18.06 Lítil prinsessa (5:35)
18.17 Halli og risaeðlufatan (43:52)
18.30 Út og suður e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Stephen Fry og geðvarfasýkin (2:2) (Stephen Fry: Secret Life of a Manic Depressive) Myndin hlaut alþjóðlegu Emmy-verðlaunin í flokki heimildarmynda.
► 21.15 Glæpahneigð (34:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sersveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið Í þættinum verður farið yfir viðburði helgarinnar í íþróttahéminum, innlenda sem erlenda.
22.45 Flokksgæðingar (2:8) (Party Animals)
23.40 Spaugstofan
00.05 Kastljós
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 House of Sand and Fog
08.20 Pokémon 5 (Pokémon hetjur)
10.00 Wide Awake
12.00 Melvin and Howard
14.00 Pokémon 5 (Pokémon hetjur)
16.00 Wide Awake
18.00 Melvin and Howard
20.00 House of Sand and Fog Ameríski draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd.
► 22.05 Hellboy
00.00 The Stickup
02.00 Picture Claire
04.00 Hellboy



07.00 Stubbarnir
07.25 Tommi og Jenni
07.50 Kalli kanína og félagar
08.00 Kalli kanína og félagar
08.05 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
09.05 The Bold and the Beautiful
09.25 Wings of Love
10.10 Homefront
11.15 Veggfóður - LOKAPÁTTUR
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Sisters
13.55 American Cousins
15.55 W.I.T.C.H.
16.18 BeyBlade
16.43 Tracey McBean 2
16.58 Litlu Tommi og Jenni
17.23 Froskafjör
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
► 19.25 The Simpsons
19.50 Friends 4 (Vinir)
20.15 Extreme Makeover: Home Edition
20.55 Extreme Makeover: Home Edition
21.40 Side Order of Life (Lif í hjáverkum) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega myndin framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar.
22.25 Crossing Jordan Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavanaugh.
23.10 NCIS
23.55 Shergar Shergar er dramatisk kvikmynd byggð á sönnunum atburðum um frægan veðhlaupahest sem var rænt af félögum úr Írsku lýðveldishernum en bjargað af munaðarlausum dreng.
01.30 Most Haunted (Draugatemjaramir)
02.20 American Cousins
03.50 Side Order of Life
04.35 Crossing Jordan
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SYN besta sætið

07.00 NFL deildin
17.10 Spænski boltinn
18.50 NFL deildin
20.50 Inside Sport
21.25 King of Clubs Vandaður þáttur sem fjallar um stórlíðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.
22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimil Guðjónssyni.
22.45 Utan vallar (Umræðuþáttur) Glænýr vikulegur umræðuþáttur úr smíðju Sýnar þar sem íþróttafréttamenn stöðvarinnar taka á því helsta sem er að gerast hverju sinni í íþróttunum hér heima. Góðir gestir koma í heimsókn og málefni liðandi stundar eru krufin til mærgjar.
23.25 Heimsmótaröðin í póker (World Series of Poker 2007) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spílaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

SYN2

07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og Blackburn sem fór fram sunnudaginn 13. janúar.
16.05 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Man. City sem fór fram laugardaginn 12. janúar.
17.45 English Premier League
18.45 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
19.50 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Middlesbrough og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 12. janúar.
21.30 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
22.30 Coca Cola mörkin
23.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram mánudaginn 14. janúar.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.15 Vörutorg
17.15 Dýravínur (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Giada's Everyday Italian (e)
19.30 30 Rock (e)
20.00 Friday Night Lights (20:22) Þegar heimavöllur liðsins er óvænt ónothæfur grípur Taylor þjálfari til óvenjulegra ráða. Hann finnur nýjan heimavöll og kveikir í leiðinni nýjan neista hjá leikmönnum.
► 21.00 Heroes (9:11) H.R.G. er sannfærður um að fjölskylda hans sé í hættu og undirbyr flutning en Claire er á öðru máli. Hiro snýr aftur úr fortíðinni og kemst að andláti föður síns. Suresh tekur ákvörðun sem gæti dregið dilk á eftir sér og það reynir á samband Maya og Alejandros á ferðalaginu með Sýlar.
22.00 C.S.I. New York (18:24) Heimsfrægur sjónhverfingameistari liggur undir grun þegar tveir úr starfsliði hans eru myrtir.
23.00 The Drew Carey Show
23.25 H2O(2:2) (e)
00.55 NÁTTHRAFNUM
00.55 C.S.I. Miami Bandarísk sakamála-sería um Horatio Caine og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Glæpamaður sem Horatio kom bakvið lás og slá biður hann að hjálpa sér að finna son sinn. Þeir finna maríjúana og skotfæri á heimili drengsins. Lík annars drengs finnst. Nú verður sveitin að taka á honum stóra sínum til að finna týnda drenginn. Speedle rannsakar lát manns sem var kæfður og unnusta látna mannsins reynir að koma Speedle til við sig.
01.40 Ripley's Believe it or not!
02.25 The World's Wildest Police Videos
03.10 Vörutorg
04.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag

ÚTSALA

HB HERRAFATAVERSLUN BIRGIS
 FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

Í KVÖLD

SÝN 2 KL. 19:50
Chelsea - Tottenham

Það er sannkallaður Lund-únaslagur í kvöld þegar Tottenham-liðið fer á Stamford Bridge og etur kappi við lið Chelsea í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Lið Chelsea hefur verið á góðu róli, hefur unnið alla sína leiki yfir jólahátíðina og virðist til alls líklegt. Avram Grant, knattspyrnustjóri Chelsea, hefur gert ágætis hluti hjá liðinu sem má alls ekki misstíga sig í kvöld ef liðið ætlar sér að halda í við Arsenal og Man. Utd. Tottenham stjórnar hinn geðugi Spánverji, Juande Ramos. Hann hefur náð að rífa liðið upp eftir skelfilega byrjun í deildinni en betur má ef duga skal. Liðið þarf að eiga toppleik í kvöld ef það ætlar sér eitthvað út úr þessum leik.



► VIÐ MÆLUM MED
Stephen Fry og geðhvarfasýkin (2:2)
Sjónvarpið kl. 20.20

Í kvöld verður sýndur seinni hluti af bresku fræðslumyndinni Stephen Fry og geðhvarfasýkin. Í þessari mynd grennslast leikarinn góðkunnni, Stephen Fry, fyrir um geðhvarfasýki, einkenni hennar, orsakir og meðferð við þessum sjúkdómi sem talið er að hrjái tvo af hverjum hundrað mönnum í heiminum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í næmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vít og breitt
14.03 Bak við stjórnunar
15.03 Útvarpsagan: Stúlka með fingur
15.30 Dr. RÚV
16.13 Hlaupanótan

17.03 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjómukikir
21.20 Kvika
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Afsprengi
23.10 Lóðrétt eða lárétt
00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Tilstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Totally Frank
17.25 Footballer's Wives - Extra Time
17.50 Footballer's Wives - Extra Time
18.15 X-Files
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Totally Frank
► 20.25 Footballer's Wives - Extra Time
Framlenging á einum vinsælasta þætti Stöðvar 2 á síðari árum. Spúsar fótbolta- stjómanna eru mættar enn og aftur til leiks og viðhöldin einnig, ennþá svakalegri, enn svæsari.
20.50 Footballer's Wives - Extra Time
21.15 X-Files
22.00 Pressa Ný rammislensk spennu- þáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson.
22.50 Damages Glænýr og hörkuspennandi lögræðiþáttur með stórfleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki.
23.35 Prison Break Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatílaun.
00.20 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum.
00.45 Johnny Zero
01.30 Lovespring International
01.55 Big Day
02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

- 20.00 Hvað ertu að hugsa Hin óviðjafnanlega Andrea Róberts er gestur Guðjóns Bergmann að þessu sinni.
20.30 Randver
21.00 Pólitik á mánudagskvöldi Þingfundir hefjast að nýju á morgun, kjarasamningar í deigluinni í skugga efnahagslegrar óvissu, margir af aðalfjórðingum landsins með allt niður um sig.

DR 1

- 11.00 TV Avisen 11.10 21 Söndag 11.50 Aftenshowet 12.15 OBS 12.20 Guide til veirs 12.50 DR1 Dokumentaren - Ravsøstre 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med Vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste 15.30 Robotboy 15.45 Trødspejlet 16.15 Den lille Julemand 16.30 Jul i Svinget 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Søren Ryge - Manden og ørnen 19.00 Michael Palin i det nye Europa 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Efter Thomas 22.35 OBS 22.40 Seinfeld 23.05 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste

NRK1

- 11.10 Kjempekrabbenes invasjon 11.40 Grosvold 12.20 Åpen himmel: Engler i advent 12.50 Med hjertet på rette staden 13.40 Urter 14.00 Newton 14.30 Erstatteme 15.00 Absalons hemmelighet 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 KatjaKaj og BentelBent 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Berre ein gris 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Jane Eyre 21.30 Store studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Kriminalsejef Foyle 23.55 Nytt på nytt 0.25 Kulturmytt 0.35 Sport jukeboks 2.00 Country jukeboks

SVT 1

- 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.45 Karriär 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bolibompa 17.25 Min förskola 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Hjämkontoret 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Föreställningar 20.30 Kobra 21.00 En pappas kamp 22.00 Rapport 22.10 Kulturmyheterna 22.20 Båbben & co 23.20 Vita huset 0.05 Sändningar från SVT24

VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools



Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School“

Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School“. Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

Veitir rétt til framhaldsnáms

Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator“ sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

Hvernig klárar maður lag frá A til Ö

Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljóðablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri. Kennir á milli, hljóðforritið Melodine, farið í almennar upptökur, mikkrofóntækni og staðsetningar, eftirvinnslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun. Námið tekur 4 mánuði eða 160 klst.

Námskeiðin hefjast í febrúar.

Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School



LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta á flest allt sem Rás 1 hefur upp á að bjóða og svo hlusta ég dálítið á Rás 2. Svo spila ég diska og mér finnst norsk og sænsk vísatónlist til dæmis mjög skemmtileg.“

Fríður Eggertsdóttir ljósmyndari.

Gulli sendill metsöluhöfundur

„Ég skrifa um það sem er að gerast hjá mér, t.d. þegar ég fer á Þjóðminjasafnið og í félagsmiðstöðvarnar og svoleiðis. Og ég skrifa líka um það hvaða fólk ég hitti,“ segir Gunnlaugur Ingimarsson, sem flestir þekkja sem Gulla sendil. Það er líka listamannsnafníð sem Gulli hefur notað á ellefu heftum sem komið hafa út með ævisögulegum skáldskap hans. „Reyndar er ég alveg hættur að vera sendill og er kominn í kerrurnar í Ikea. Ég ætí eiginlega að byrja að kalla mig Gulla í Ikea núna,“ segir Gulli spskur.

Nýjasti heftið í ritröð Gulla heitir Reykjavíkurbókin. „Jói vinur minn í 12 Tönnum hefur selt

það fyrir mig í búðinni sinni og nú er það uppselt. Fyrir jólin áritaði ég í búðinni. Það komu mjög margir miðað við að þetta er plötubúð. En svo hef ég líka selt vel í Hamraborg á Ísafirði og bókasafnið þar kaupir alltaf þrjú eintök.“ Gulli bjó einmitt á Ísafirði í sex ár en flutti í bæinn árið 2003. „Bækurnar mínar hafa fengið mjög góðar móttökur,“ segir Gulli, „enda eru þetta mjög góðar bækur. Ég hef verið þekktur maður í 25 ár.“

Jóhannes Ágústsson í 12 Tönnum hefur lengi fylgst með skáldaferli Gulla og á öll verk hans. „Þegar ég var í Japis seldum við heftin hans líka svo ég get fullyrt að verk Gulla eru til á fjölmörg-

um heimilum,“ segir Jóhannes og fer ekki leynt með aðdáun sína: „Gulli setur hugsanir sínar á blað á fallega náttúrulegan hátt og það er stórkostlega eðlilegt flæði í þessum texta.“

Fólk þarf ekki að örvænta þótt Reykjavíkurbókin hans Gulla sé uppseld – „Það er verið að búa til fleiri og ég fer með heftin í 12 Tóna einhvern næstu daga,“ segir skáldið og teygir sig eftir kerru.

- gfh

REYKJAVÍKURBÓKIN UPPSELD

Gulli sendill hefur verið þekktur maður í 25 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. himinn 6. í röð 8. blása 9. stefna 11. mun 12. setja í sýru 14. bauka 16. skammstöfun 17. ætt 18. ennþá 20. skóli 21. er utar.

LÓDRÉTT

1. atлага 3. gat 4. flokkur sýklalyfja 5. efni 7. námsmaður 10. traust 13. stykki 15. ilmur 16. hláku 19. númer.

LAUSN

5. tau, 7. stíðdent, 10. trú, 13. stík, 15. LÖBRET: 1. áras, 3. op, 4. fúlkalyf, kyn, 18. enn, 20. fg, 21. ytri.

LÁRÉTT: 2. loft, 6. rs, 8. plá, 9. átt, 11. ku, 12. sírsa, 14. dúlla, 16. þe, 17.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Teitur Jónasson.
- 2 Carla Bruni.
- 3 Bolton.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hel.is

ÁSGEIR DAVÍÐSSON: BYGGIR FLOTTASTA SPORTBAR NORÐAN ALPA

Bolti í stað berra brjósta

„Þetta verður til dæmis þannig að þegar þú ferð á klósettið til að pissa þá verður þú bak við spegil. Sem horfa má út um þannig að þú þarft ekki að missa af neinu. Já, já, já, þú getur horft á leikinn pissandi,“ segir Ásgeir Davíðsson athafnamaður sem betur er þekktur sem súludanskonungurinn Geiri á Goldfinger.

Geir festi fyrir nokkru kaup á húsnæði og rekstri við Grensásveg 5-7 en þar var til langs tíma rekinn nektardansstaðurinn Bóhem. Þeim stað hefur Geir nú lokað en það hlýtur að heyra til tíðinda að Geiri loki súludansstað en opni ekki slíkan. Eftir sem áður verður þarna veitingarekstur en með öðru sniði en Geiri er þekktur fyrir.

„Þetta verður flottasti sportbar norðan Alþafjalla og þótt víðar væri leitað. Rétt eins og vískaþarinn minn á Hafnarkránni var sá stærsti norðan Alþafjalla – en hann verður þarna líka,“ segir Geiri en þegar Fréttablaðið náði af honum tali var hann einmitt staddur við Grensásveg að bollaleggja með þýskum arkitektum sem munu hanna staðinn sem er alls um 550 fermetrar að stærð.

„Það eru þýskir arkitektar að teikna þetta upp akkurat núna í þessum orðum töluðum og í beinu framhaldi koma iðnaðarmenn og brjóta alla veggir niður. Svo koma þessar skvisur frá fyrirtæki í Þýskalandi með innréttingar og mannskap með sér.“

Að sögn Geira verður staðurinn allur í sjónvörpum og skjáum. Og eiga menn að geta horft á alla leiki hugsanlega sem verið er að keppa í þá og þá stundina. Geiri er nýlega kominn til landsins frá Skotlandi þar sem hann var að huga að vískaþarverksmiðju og skoða sportbar sem á að vera einhver sá flottasti sem um getur. En verður þá, eftir að Geiri opnar sinn sportbar, númer tvö í Evrópu.



BURT MEÐ STRIPLIÐ OG INN MEÐ BOLTANN Söguleg mynd. Geiri rífur niður tjöld sem áður huldu nektardansmeyjar og áhugamenn um einkadans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



RÝNT Í TEIKNINGARNAR Hinn nýi sportbar verður hannaður þannig að horfa má á leikinn í gegnum spegil meðan pissað er. Silke Schmitt, þýski arkitektinn, sýnir Kristjáni Jósteinsyni, sem verður framkvæmdastjóri, Jóni Kornéliusi, sérfræðingi frá Baco Ísberg, og Geira teikningarnar.

Geiri segist ekki hafa nennt að standa í rekstri súlustaðar við Grensásveg. Hann hafi lent í stappi með að fá leyfi fyrir rekstrinum og vendi því kvæði sínu í kross.

„Strípimeyjarnar sem hér störfuðu? Nú, þær eru komnar í Kópavoginn. Á Goldfinger. Og eru ágætlega settar þar,“ segir Geiri.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá keypti Baldvin Samúelsson skemmtistaðinn Óliver af Ragnari Magnússyni. Þetta kom **Arnari Þór Gíslasyni** og öðrum fyrri eigendum nokkuð


í opna skjöldu enda eru þeir enn með afsalið af staðnum. Enda hefur ekki enn tekist að greiða upp kaupverðið. Ragnar lét hins vegar hafa eftir sér að hann hygðist nota kaupverðið til að greiða upp það sem hann skuldaði.



En kaupin virðast hafa verið meira á orði heldur en borði. Því Ragnar hefur verið töluvert í fréttum sökum bílabruna í Vogum og hefur neikvætt umtal í kringum það mál haft nokkur áhrif á aðsóknina á Óliver sem hefur um árabíl verið smekkkfullur. Ragnar birtist enda á forsiðu 24 stunda þar sem hann var sagður reka þrjá skemmtistaði í Reykjavík og virðst því salan til **Baldvins** á Óliver hafa verið gerð til að auka á jákvætt orðspor staðarins, frekar en að Ragnar væri á leið út úr skemmtanabransanum.

Og fréttamenn í sjónvarpi verða augljóslega að vera við öllu búnir. Og það sannaðist kannski hvað best í laugardagsfréttum RÚV þegar textavél erlendra fréttu bílaði. **Bogi Ágústsson** varð því að bregðast skjótt við og lesa íslenska þýðingu við erlendu fréttirnar eftir að þær höfðu runnið sitt skeið,

textalausar, en þær samanstóðu meðal annars af berbrjósta dönskum konum í sundi og viðtali við Ringo Starr út af menningarborginni Liverpool. - fgg



Hlaðinn lofi fyrir Englabörn

Endurútfegin plata Jóhanns Jóhannssonar, Englabörn, fær átta í einkunn af tíu mögulegum á bandarísku tónlistarsíðunni Pitchforkmedia.com. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jóhann fær góða dóma á síðunni því hann fékk 7,5 fyrir plötuna Dís og 6,9 fyrir IBM 1401 – A User's Manual.

Platan, sem kom fyrst út árið 2002 en var endurútfegin á síðasta ári hjá útgáfufyrirtækinu 4AD, hefur að geyma tónlist sem Jóhann samdi við leikritið Englabörn eftir Hávar Sigurjónsson. „Leikhústónlist getur sýnt fram á það óvenjulega í hinu hefðbunda og það besta við Englabörn er að hún getur sýnt fram á það sama í lífinu sjálfu,“ segir í dómmum.

Jóhannes Ágústsson, annar eigenda 12 Tóna sem gefur plötur Jóhanns út hér á landi, hefur mikið dálæti á Englabörnum. „Þetta hefur verið perla í versluninni hjá okkur. Þeir sem hafa ferðast um landið sjá landið í þessari plötu, það er alveg magnað. Þetta er svipað og fólk hefur verið að upplifa með Sigur Rós,“ segir Jóhannes. „Marga af ferðamönnum sem eru að fara út á land vantar tónlist í bílinn og þetta er plata sem við mælum alltaf með sem góð ferðamúsík. Maður svífur eiginlega alltaf þegar maður heyrir þessa plötu,“ segir hann og bætir við að Jóhann sé orðinn einn virtasti tónlistar- maðurinn sem þeir hafi á sínum snærum. - fb



JÓHANN JÓHANSSON Platan Englabörn fær mjög góða dóma á heimasíðunni Pitchforkmedia.com.

Háprýsti-þvottatæki

Úrvals háprýstitæki á góðu verði.

ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

JANÚAR ÚTSALA

FERÐATÖLVUR
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ

50.000
KRÓNA AFSLÆTTI

ASUS ASUS ASUS ASUS

LCD SJÓNVÖRP
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ

100.000
KRÓNA AFSLÆTTI

PHILIPS JVC Panasonic Dantax UNITED enox.

ÚTVÖRP FERÐATÆKI MINNISKORT
HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR
MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI
IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR
MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI OFL

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Hágæða HLJÓMTÆKI og HÁTALARAR
frá JBL, Infinity og Harman Kardon
með góðum afslætti!

Stafrænar TÖKUVÉLAR
með HÖRÐUM DISK
TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR!

JVC Panasonic



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Dæmisögur úr pólitík

Hinar yndislegu þælingar sem dómismálaráðherrann okkar birtir á blogginu sínu eru ljós í skammdeginu. Núna á laugardaginn birti þessi höfuðsnillingur dæmisögu sem útskýrir bandarísk stjórnsmál af mikilli réttsýni:

REPÚBLÍKANI OG DEMÓKRATI voru á gangi og mættu flakkara. Repúblíkaninn gaf flakkarann nafnspjaldíð sitt og sagði honum að koma í fyrirtæki sitt og fá vinnu. Hann tók síðan tuttugu dollara seðil úr vasa sínum og gaf flakkarann. Demókratinn hreifst mjög af þessu og þegar þeir mættu öðrum flakkara, ákvað hann að veita honum aðstoð. Hann fór til flakkarans og vísaði honum leiðina að næstu skrifstofu félagsaðstoðar. Hann fór síðan í vasa repúblíkans og gaf flakkarann fimm tíu dollara.

NÚ SKILUR ÞÚ, hver er munurinn á milli repúblíkana og demókrata.

DÆMISAGA um íslensk stjórnsmál handa dómismálaráðherranum að birta á bloggsíðu sinni gæti verið á þessa leið: Samfylkingarmaður og Sjálfstæðismaður sitja saman í ríkisstjórn. Ungsjalli sækir um dómaraembætti sem reyndari lögfræðingar væru mun hæfari til að gegna. Sjálfstæðismaðurinn tekur fjármálaráðherra úr vasa sínum og lætur fjármálaráðherrann skipa sjalladreginn í embættið. Samfylkingarmaðurinn spyr óttasleginn: Hvernig ætlar þú að réttlæta þetta?

SJÁLFSTÆÐISMAÐURINN svarar: Framsóknarmenn gera góðverk til að hygla sjálfum sér og hver öðrum. Það er spilling. Við Sjálfstæðismenn gerum góðverk af samúð með ráðherraörnum, skyldmönnum og vinum ráðherra og öðrum sem standa höllum fæti í samfélaginu – og svo munum við að víkja sæti á meðan.

SAMFYLKINGARMÁÐURINN segir: Auðvitað á maður að hjálpa þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu. Það er hið háleita markmið stjórnsmálanna. Úr því að við erum sammála um grundvallaratriði getum við setið saman í stjórn til eilífdar.

NÚ SKILUR ÞÚ muninn á Framsóknarmönnum annars vegar og alvöru stjórnsmálsmönnum hins vegar. Framsóknarmenn eru gjörspilltir og þúkalægir en hinir síðarnefndu eru staðfastir hugsjónamenn sem berjast gegn því að fólk sé lagt í einelti þótt það sé svo óheppið að vera af góðum og innvígðum ættum og hafa réttar og innmúraðar skoðanir.

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
14. janúar, 14. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 10.58	13.36	16.15
Akureyri 11.05	13.21	15.38

Heimild: Almanak Háskólans

LEGACY SYMMETRICAL AWD SUBARU

TRYGGÐU ÞÉR LEGACY NÚNA

SUBARU LEGACY ER SÉRLEGA VEL BÚINN OG FLOTTUR BÍLL Á HREINT ÓTRÚLEGU VERÐI. LEGACY ER FJÓRHJÓLADRIFINN OG HLAÐINN BÚNAÐI SEM GERIR HANN AÐ LANGBESTU KAUPUNUM Í SÍNUM FLOKKI. GERÐU SAMANBURÐ – ÞÚ SÉRÐ EKKI EFTIR ÞVÍ.

BJÓÐUM ÖRFÁA BÍLA Á SÉRKJÖRUM

Subaru Legacy

Ríkulegur búnaður: Fjór hjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geisla-spilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölv, hraðastillir o.m.fl.

Verð frá: **2.650.000 kr.**

Góð þjónusta á nýju verkstæði

Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON